

# Íslenskir radióamatörar, Í.R.A.

Aðalfundur 18. maí 2013



Skýrsla um starfsemi félagsins 2012-2013

*Jónas Bjarnason, TF3JB formaður*



Útgefandi: Íslenskir radióamatörar, Í.R.A., pósthólf 1058, 121 Reykjavík.  
Tölvupóstfang: ira@ira.is.  
Vefsíða: <http://www.ira.is>.  
Ábyrgðarmaður: Jónas Bjarnason, TF3JB.  
Heimilt er að birta efni úr skýrslunni en þess skal getið hvaðan það er fengið.  
Útgáfudagur: 18. maí 2013.

# Efnisyfirlit

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	3
<b>STJÓRN Í.R.A. STARFSÁRIÐ 2012/2013</b> .....	6
<b>FORMÁLI</b> .....	7
<b>1. STJÓRN, EMBÆTTISMENN OG FUNDIR</b> .....	9
1.1 Stjórn Í.R.A. ....	9
1.2 Stjórnarfundir .....	9
1.3 Embættismenn .....	10
1.4 Starfshópar, nefndir .....	12
1.4.1 Starfshópur um neyðarfjarskiptastefnu Í.R.A. ....	12
1.4.2 Starfshópur um stefnumótun Í.R.A. um fjaraðgang .....	13
1.4.3 Framkvæmdanefnd vegna þátttöku í Vita- og vitaskipahelgi 2012 .....	13
1.5 Félagsfundir .....	13
1.5.1 Kynningarfundur vetrardagskrár .....	14
1.5.2 Sérstakur fimmtudagsfundur 24. janúar. ....	14
1.5.3 Sérstakur fimmtudagsfundur 14. mars .....	16
1.5.4 Sunnudagsfundur með framkvæmdanefnd IARU Svæðis 1 .....	16
1.6 Fundir með Póst- og fjarskiptastofnun .....	18
1.6.1 Samráðsfundur 31. október. ....	18
1.6.2 Samráðsfundur 7. maí .....	19
1.7 Fundir erlendis .....	20
1.7.1 Skipan TF3UA í starfshóp IARU Svæðis 1 um EMC málefni. ....	22
1.8 IARU, IARU SVÆÐI 1 og NRAU .....	22
1.9 Sértek stjórnamálefni 2012/2013 .....	22
1.9.1 Ákvörðun Póst- og símamálastofnunar nr. 112/12 .....	22
1.9.2 TF/KL1A og TF4M/KL1A. ....	23
1.9.3 Umfjöllun um starfsemi radíóamatöra í RÚV .....	24
1.9.4 Fréttatilkynning Í.R.A. nr. 1/2013 .....	25
1.9.5 Safnað fyrir RF magnara fyrir TF3IRA .....	26
<b>2. FÉLAGSAÐSTAÐAN VIÐ SKELJANES</b> .....	27
2.1 Framkvæmdir í fundarsal. ....	27
2.1.1 Myndir í fundarsal lagfærðar .....	28
2.2 Smíðaaðstaða og kortastofa .....	28
2.3 Framkvæmdir í fjarskiptaherbergi .....	29
2.3.1 Ný VHF/UHF FM stöð tengd .....	29
2.3.2 LP-100A Digital Vector RF wattmælir .....	30
2.3.3 Harris RF-110A .....	30
2.3.4 Kenwood TS-2000 .....	31
2.4 Merking og uppfærsla á búnaði TF3APG .....	32
2.5 Gjafir til TF3IRA .....	32
2.6 Herbergi í kjallara .....	33
2.7 Framkvæmdir utanhúss í Skeljanesi .....	34
2.7.1 Turnefni sótt á Rjúpnahæð .....	34
2.7.2 Tilraunir með fellitvípól .....	34

2.7.3 SteppIR 3E Yagi loftnet lagfært.....	35
2.7.4 Nýtt HF stangarloftnet sett upp .....	36
2.7.5 VHF/UHF loftnet sett upp.....	37
2.8 Nýr stöðvarstjóri TF3IRA .....	37
2.9 WAS og WAZ viðurkenningarskjöl.....	38
2.9.1 Worked All States Award .....	38
2.9.2 Worked All Zones Award .....	38
<b>3. VETRARDAGSKRÁ, ERINDI .....</b>	<b>41</b>
3.1 Inngangur .....	41
3.1.1 TF3ML: <i>Að smíða færanlegt fjarskiptavirki</i> .....	41
3.1.2 TF3UA: <i>Fæðilínur</i> .....	41
3.1.3 TF3JB og TF8GX: <i>Helstu viðurkenningaskjöl radíóamatöra</i> .....	42
3.1.4 TF3VS: <i>Logger32, álitamál við þýðingu og kynning forritsins</i> .....	43
3.1.5 TF3Y: <i>Logbook of the World (LoTW); hvar og hvernig?</i> .....	43
3.1.6 TF3GL: <i>Nýjungar í endurvarpsstöðvum á VHF/UHF</i> .....	44
3.1.7 TF3KB: <i>Endurbætt HF bandplan fyrir IARU Svæði 1</i> .....	44
3.1.8 TF3VS: <i>PSK-31 og aðrar tegundir stafrænnar mótunar</i> .....	45
3.1.9 TF3DX: <i>Sögur úr bílnum</i> .....	46
3.1.10 TF3HRY: <i>Væntanlegt stafrænt sjónvarp á Íslandi</i> .....	46
3.1.11 TF3JB: <i>Nýju böndin; 4, 60, 160 og 630 metrar</i> .....	47
3.1.12 TF3EE, TF3JB og TF8GX: <i>Stærstu amatörsýningarnar</i> .....	48
3.1.13 TF3Y o. fl.: <i>Starfshópur um fjaraðgang</i> .....	49
3.1.14 TF3JA o. fl.: <i>Starfshópur um mótun neyðarfjarskiptastefnu</i> .....	49
<b>4. VETRARDAGSKRÁ, NÁMSKEIÐ OG FLEIRA .....</b>	<b>51</b>
4.1 Inngangur .....	51
4.1.1 Námskeið.....	51
4.1.2 Hraðnámskeið í notkun MFJ 269 loftnetsgreinis .....	51
4.1.3 Gervihnattafjarskipti, hraðnámskeið/sýnikennsla I.....	52
4.1.4 Gervihnattafjarskipti, hraðnámskeið/sýnikennsla II.....	52
4.1.5 “Win-Test” upprifjunarnámskeið I.....	54
4.1.6 „Win-Test“ upprifjunarnámskeið II .....	54
4.2 Myndakvöld .....	54
4.2.1 Malpelo Island; HKØNA .....	54
4.2.2 Peter 1 Island; 3YØX .....	55
4.3 Flóamarkaður að hausti .....	55
4.4 Sunnudagsopnanir .....	58
4.4.1 TF3ARI: <i>FlexRadio sendi-/móttökustöðvarnar; Flex 3000 á staðnum</i> .....	58
4.4.2 TF3SB: <i>Lampatækin lifa enn; Heathkit HW-101 á staðnum</i> .....	58
4.4.3 TF3JB: <i>Reglugerðarmál radíóamatöra</i> .....	60
4.4.4 TF3BJ: <i>PIC smáörgjörvar</i> .....	60
4.4.5 TF3WO: <i>Kenwood Sky Command System II+</i> .....	61
4.4.6 TF3SA: <i>Félagar koma með morslykla sína í Skeljanes</i> .....	61
4.4.7 Um sunnudagsopnanir.....	62
4.5 Stöðutaka í morsi.....	63
4.6 Jólakaffi Í.R.A. 2012.....	64
<b>5. NÁMSKEIÐ OG PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS .....</b>	<b>65</b>
5.1 Námskeið Í.R.A. til amatörprófs .....	65
5.1.1 Undirbúningar námskeiðs .....	66



5.1.2 Setning námskeiðs Í.R.A. til amatörprófs 2013 .....	66
5.1.3 Störf prófnefndar .....	66
5.2 Próf PFS til amatörleyfis .....	67
5.3 Prófkrofur til amatörleyfis .....	68
5.4 Morsæfingar .....	69
<b>6. TF ÚTILEIKAR, VITAHELGIN, KEPPNIR .....</b>	<b>71</b>
6.1 TF útileikarnir 2012 .....	71
6.2 Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 2012 .....	72
6.3 Þátttaka í alþjóðlegum keppnum frá TF3W .....	75
6.3.1 <i>Scandinavian Activity Contest 2012, CW</i> .....	75
6.3.2 <i>Scandinavian Acitivity Contest 2012, SSB</i> .....	75
6.3.3 <i>CQ World-Wide DX Contest 2012, SSB</i> .....	77
6.3.4 <i>ARRL RTTY Roundup 2013</i> .....	78
6.3.5 <i>ARRL International DX Contest 2013, CW</i> .....	78
6.3.6 <i>ARRL International DX Contest 2013, SSB</i> .....	79
<b>7. TF VHF LEIKAR .....</b>	<b>81</b>
<b>8. ÚTGÁFUMÁL .....</b>	<b>85</b>
8.1 Félagsritið CQ TF .....	85
8.2 www.ira.is .....	86
8.2.1 Uppfærsla fréttu á heimasíðu.....	86
8.2.2 Uppfærsla gagna frá aðalfundi 2012 .....	87
8.3 Yahoo póstlisti .....	88
8.4 Spjall ira.is .....	88
8.5 Fréttapunktur formanns til stjórnar.....	89
<b>9. SÉRSTAKAR TÍÐNIHEIMILDIR FRÁ PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN .....</b>	<b>91</b>
9.1 Heimild á 472-479 kHz, nýtt amatörband .....	91
9.2 Sérheimild á 493-510 kHz .....	91
9.3 Sérheimild á 1850-1900 kHz .....	91
9.4 Sérheimild á 5260-5410 kHz .....	92
9.5 Sérheimild á 70,000-70,200 MHz .....	92
<b>10. ENDURVARPAR, STAFVARPAR, RADÍÓVITAR .....</b>	<b>93</b>
10.1 Yfirlit.....	93
10.1.1 TF1RPB – QTH Bláfjöll; stutt yfirlit .....	94
10.1.2 TF1RPE – QRH Búrfell .....	99
10.1.3 TF3RPA – QTH Skálafell .....	100
10.1.4 TF3RPC – QTH Reykjavík .....	100
10.1.5 TF5RPD – QTH Vaðlaheiði.....	101
10.1.6 TF8RPH – QTH Garðskagi.....	101
10.1.7 TF3RPI – QTH Reykjavík .....	102
10.2 Stafvarpar .....	103
<b>11. GJAFIR TIL Í.R.A.....</b>	<b>105</b>
<b>VÍÐAUKI A FUNDARGERÐIR STJÓRNAR 2012/2013.....</b>	<b>109</b>
<b>VÍÐAUKI B ÝMIS GÖGN ER VARÐA STARFSÁRIÐ 2012/2013 .....</b>	<b>135</b>

# STJÓRN Í.R.A. STARFSÁRIÐ 2012-2013



*Jónas Bjarnason TF2JB formaður, Andrés Þórarinnsson TF3AM varaformaður, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN varastjórn, Benedikt Sveinsson TF3CY meðstjórnandi, Sæmundur E. Þorsteinsson ritari, Kjartan H. Bjarnason TF3BJ gjaldkeri og Erling Guðnason TF3EE varastjórn. Myndin var tekin á fyrsta fundi nýrrar stjórnar fyrir utan félagsaðstöðu Í.R.A. í Skeljanesi þann 30. maí 2012. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.*

# Formáli

## JÓNAS BJARNASON, TF3JB



Starfsemi Íslenskra radióamatöra gekk vel á starfsárinu 2012/13. Á tímabilinu starfaði samhent og virk stjórn. Félagsandi var lifandi og jákvæður og aðkoma embættismanna sem og almennra félagsmanna að einstökum verkefnum var framúrskarandi góð. Í þessu samhengi er ánægjulegt að upplýsa að skráður fjöldi félagsmanna var, þriðja starfsárið í röð, yfir 200 miðað við lok fjárhagsársins 2012/13. Að mati undirritaðs, hefur félagið á að skipa fólki sem hefur hæfni til að takast á við væntingar þessa hóps og í því ljósi, bjóðum við nýja félagsmenn innilega velkomna.

Starfsárið 2012/2013 var að stærstum hluta hefðbundið hvað varðar fjölda og margbreytileika erinda til stjórnar, en nokkur skera sig úr. Ágætt dæmi um slíkt er úrskurður Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 112/2012 sem gerður var opinber 16. maí 2012 undir fyrirsögninni „Fjarskiptabúnaður áhugamanns ekki talinn valda skaðlegri geislun“. Stjórn félagsins bókaði eftirfarandi um skýrslu stofnunarinnar á fundi sínum 30. maí: „Stjórn Í.R.A. fagnar niður-stöðu PFS og þakkar faglega meðhöndlun stofnunarinnar“.<sup>1</sup> Af einstökum þáttum í störfum félagsins á starfsárinu eru nokkur atriði sem ástæða er til að geta um sérstaklega. Þau eru:

- Úthlutun Póst- og fjarskiptastofnunar á nýju amatörbandi til íslenskra radióamatöra á 472-479 kHz (630 metrum) þann 16. janúar 2013. Á alþjóða tíðniráðstefnunni í Genf (WRC 2012) var samþykkt að veita radióamatörum heimild fyrir notkun á tíðnisviðinu 472-479 kHz á víkjandi grunni, með ákveðnum skilyrðum varðandi sendiafl. Veitt heimild var í samræmi við samþykkt WRC 2012 og útfærsla hennar að öllu leyti í samræmi við óskir félagsins.
- Námskeið Í.R.A. til amatörprófs 2013 sem fram fór í Háskólanum í Reykjavík á tímabilinu 12. febrúar til 3. maí. Alls skráðu sig 18 þátttakendur. Námskeiðið þótti takast með ágætum og fór þar saman góður stuðningur Póst- og fjarskiptastofnunar, yfirstjórnar Háskólans í Reykjavík og prófnefndar Í.R.A., að ógleymdu einvala liði leiðbeinenda úr hópi félagsmanna.
- Einkar vel heppnuð vetrardagskrá félagsins; sem stóð yfir frá september-desember 2012 annarsvegar, og janúar-maí 2013 hinsvegar. Alls var í boði 41 viðburður, sem skiptist á erindi, myndakvöld, námskeið, flóamarkað og sunnudagsopnanir, auk stöðutöku í morsi. Að venju var fitjað upp á áhugaverðum nýjungum. Bestu þakkir til Andrésar Þórarinssonar, TF3AM, varaformanns, fyrir framúrskarandi góð störf og vel heppnuð við umsjón með skipulagningu verkefnisins.
- Fyrstu VHF leikar Í.R.A. fóru af stað helgina 6.-9. júlí 2012. Þátttaka fór fram úr björtustu vonum og heyrðust merki m.a. frá 16 stöðvum á 50 MHz, 70 MHz, 144 MHz, 430 MHz og 1,2 GHz. Bestu þakkir til Guðmundar Löve, TF3GL, umsjónarmanns leikanna, fyrir afar vandaða undirbúningsvinnu og stjórn verkefnisins.
- Umfjöllun um starfsemi radióamatöra, m.a. frá keppnisþátttöku var sýnd í frétt- og þjóðlífsþættinum Landanum, sem var á dagskrá RÚV sunnudaginn 2. desember

<sup>1</sup> Málið er nánar til kynningar í 1. kafla skýrslunnar, sjá undirkafla 1.9.1.

2012. Almenn ánægja ríkti á meðal félagsmanna Í.R.A. um umfjöllunina og sendi stjórn Í.R.A. sérstakar þakkir til RÚV og þáttagerðarmannanna Leifs Haukssonar og Einars Rafnssonar fyrir framúrskarandi vel unnið verkefni og fagleg vinnubrögð, sbr. bókun á fundi stjórnar þann 27. desember 2012.

- Fundur framkvæmdarnefndar IARU Svæðis 1 var haldinn í Reykjavík dagana 4.-5. Maí 2013. Um var að ræða fund „valdamestu“ manna í amatörheiminum hér á landi til þessa, en auk framkvæmdarnefndarmanna Svæðis 1, sóttu þeir Timothy S. Ellam, VE6SH, forseti alheimssamtaka landsfélaga radióamatöra, IARU og Ole Garpestad, LA2RR, varaforseti samtakana, fundinn – auk Renaldo Leandro, YV5AM, formanns IARU Svæðis 2. Efnt var til sérstakrar sunnudagsopnunar í Skeljanesi með erlendu gestunum þann 5. maí sem þótti heppnast með ágætum. Sú staðreynd að fundurinn var haldinn í Reykjavík, ber fyrst og fremst að þakka Kristjáni Benediktssyni, TF3KB, IARU tengilið Í.R.A., en Kristján hefur verið óþreytandi við að benda á Ísland sem heppilegan fundarstað fyrir fundi og ráðstefnur amatörhreyfingarinnar.
- Vart verður skilið við upptalningu sem þessa öðruvísi en að nefna og þakka sérstaklega góð almenn samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun, sem í alla staði hefur verið fagleg og ánægjuleg svo hvergi hefur borið skugga á.

Á starfsárinu 2012/2013 hefur áhugi félagsmanna á VHF/UHF tíðnisviðum haldið áfram að vaxa. Benda má til dæmis á þátttöku í VHF leikunum í því sambandi. Þá kemur fram í skýrslunni (m.a. í 10. kafla) að mikil vinna fór í að halda TF1RPB QRV. Sviðsstyrkur Páls er nú orðinn það góður (sérstaklega eftir endanlegan frágang nýs loftnets þann 10. febrúar) að ákveðið var á fimmtudagsfundi í Skeljanesi þann 14. mars, að ekki væri ástæða til að tengja á ný TF3RPC (við Hagatorg) og TF8RPH (á Garðskaga); en endurvarparnir höfðu báðir verið QRT um tíma, ýmist vegna tækjaskorts (TF8RPH) eða vegna byggingarframkvæmda (TF3RPC). Loks má geta þess, að Benedikt Guðnason, TF3TNT, var skipaður VHF stjóri Í.R.A. þann 17. september 2012 og hefur hann átt virka aðkomu að málaflöknum.

Ársskýrsla Í.R.A. fyrir starfsárið 2012/2013 tekur mið af ársskýrslum þriggja fyrri starfsára undirritaðs sem formanns hvað varðar úrvinnslu, uppröðun og framsetningu efnis. Jákvæðar umsagnir og hvatning félagsmanna hafa m.a. leitt til þess, að ég hef haldið áfram á þeirri braut að semja og setja upp sérstaka ársskýrslu fyrir félagið.

Stjórn Í.R.A. og embættismenn áttu samskipti og samstarf við fjölmarga á starfárinu 2012/2013. Eðlilega eru okkar eigin félagsmenn fjölmennastir í þeim hópi, en ástæða er til að nefna farsæl samskipti við opinbera aðila, stofnanir og samtök hér á landi og erlendis, að ógleymdum forsvarsmönnum rekstraraðila sem félagið deilir með húsnæði í Skeljanesi. Hér með er komið á framfæri þakklæti og hlýjum kveðjum fyrir okkar hönd til þessa hóps.

Að lokum vil ég sérstaklega þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn Í.R.A., hverjum og einum, frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkynningu í samskiptum er varða málefni félagsins.

Reykjavík 12. maí 2013,

Jónas Bjarnason, TF3JB,  
formaður stjórnar Í.R.A.

# 1. Stjórn, embættismenn og fundir

## STJÓRN, EMBÆTTISMENN, FUNDIR OG STARFSHÓPAR

### 1.1 STJÓRN Í.R.A.

Aðalfundur Í.R.A. 2012 var haldinn laugardaginn 19. maí að Hótel Sögu í Reykjavík. Í samræmi við 21. gr. félagslaga<sup>2</sup> fór fram kjör í stjórn fyrir starfsárið 2012-2013. Jónas Bjarnason, TF2JB, var endurkjörinn formaður. Andrés Þórarinsson, TF3AM og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA voru kjörnir stjórnarmenn til tveggja ára. Erling Guðnason, TF3EE og Sigurður Óskar Óskarsson, TF2WIN voru kjörnir varamenn til eins árs.



Aðalfundur Í.R.A. 2012 var haldinn á Radisson Blu Hótel Sögu. Gíslí G. Ófeigsson TF3G gjaldkeri flytur reikninga.

Ný stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum í samræmi við ákvæði í 9. gr. félagslaga<sup>3</sup> og var fundurinn haldinn þann 30. maí. Eftir skiptingu embætta var stjórnin skipuð eftirfarandi starfstímabilið 2012/2013: Jónas Bjarnason, TF2JB, formaður; Andrés Þórarinsson, TF3AM, varaformaður; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, ritari; Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ, gjaldkeri og Benedikt Sveinsson, TF3CY, meðstjórnandi; Erling Guðnason, TF3EE, varastjórn og Sigurður Óskar Óskarsson, TF2WIN, varastjórn. Formaður og varastjórnarmenn eru kjörnir í beinni kosningu til eins árs á aðalfundi.

### 1.2 STJÓRNARFUNDIR

Stjórn Í.R.A. hélt alls 11 stjórnarfundum á starfsárinu 2012/2013. Fyrsti fundurinn var haldinn þann 30. maí 2012 og síðasti þann 12. maí 2013. Allir fundirnir voru haldnir í félagsaðstöðunni í Skeljanesi utan þrír, þ.e. einn fundur á heimili Andrésar Þórarinssonar, TF3AM, varaformanns í Mosfellsbæ og tveir fundir á heimili Sæmundar E. Þorsteinssonar,

<sup>2</sup> 21. grein. Fyrst skal kjósa formann til eins árs í senn. Næst skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára. Þá skal kjósa til eins árs í stað aðalmanna sem forfallast. Loks skal kjósa tvo varamenn.

<sup>3</sup> 9. grein (fyri hluti greinarinnar). Stjórnina skipa: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin hefur umboð aðalfundar til að stýra félaginu og sjá um samskipti við yfirvöld og önnur samtök. Stjórnin skiptir með sér verkum og setur aðstoðarmenn með skriflegri tilskipun. Þessu skal lokið svo fljótt sem auðið er og tilkynnt félagsmönnum. Einnig skal tilkynna skipun stjórnar til Póst- og fjarskiptastofnunar, IARU og NRAU.

TF3UA, ritara á Seltjarnarnesi. Að auki voru haldnir óformlegir samráðsfundir stjórnarmanna eftir þörfum.

Í samræmi við ákvæði í 9. gr. félagslaga,<sup>4</sup> eru samþykktar fundargerðir stjórnar hengdar upp í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Að auki, voru fundargerðir stjórnarfunda birtar jafnóðum í CQ TF, auk þess sem allar fundargerðir starfsársins eru birtar í Viðauka-A með ársskýrslu þessari, sem er lögð fram á prentuðu formi á aðalfundi. Að liðnum aðalfundi, er ársskýrslan aðgengileg á rafrænu formi heimasíðu félagsins.

*Yfirlit yfir fundi stjórnar Í.R.A. starfstímabilið 2012-2013.*

STJÓRNARFUNDIR	DAGSETNING	FUNDARSTAÐUR
Fundur nr. 1/2012	30. maí	Skeljanes
Fundur nr. 2/2012	5. júlí	Skeljanes
Fundur nr. 3/2013	26. júlí	Skeljanes
Fundur nr. 4/2012	17. september	Skeljanes
Fundur nr. 5/2012	6. nóvember	Skeljanes
Fundur nr. 6/2012	27. desember	Skeljanes
Fundur nr. 7/2013	15. janúar	QTH TF3UA
Fundur nr. 8/2013	10. apríl	QTH TF3AM
Fundur nr. 9/2013	12. maí	QTH TF3UA

### 1.3 EMBÆTTISMENN

Í samræmi við 18. gr. laga, fór fram kjör á skoðunarmönnum reikninga á aðalfundi fyrir starfstímabilið 2012-2013. Þessir hlutu kjör: Óskar Sverrisson, TF3DC og Haukur Konráðsson, TF3HK, aðalmenn; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, hlaut kjör til vara. Allir hlutu endurkjör frá fyrra ári.

Stjórn Í.R.A. skipaði í önnur embætti innan félagsins vegna nýs starfsárs á stjórnarfundi nr. 1/2012; 30. maí. Að stærstum hluta var um að ræða endurskipun embættismanna frá fyrra ári (2011-2012). Eftirtaldir breytingar voru þó gerðar á embættismannakerfi félagsins á starfsárinu 2012-2013. Á stjórnarfundi nr. 2/2012; 5. júlí, var samþykkt að skipa Benedikt Guðnason, TF3TNT í embætti stöðvarstjóra TF3IRA. Hann tók við af Benedikt Sveinnynni, TF3CY. Á sama fundi var Mathías Hagvaag, TF3MHN, skipaður í embætti QSL stjóra útsendra korta og tók hann við af Guðmundi Sveinssyni, TF3SG.

Á stjórnarfundi nr. 4/2012; 17. september var samþykkt að skipa Benedikt Guðnason, TF3TNT í embætti VHF stjóra. Á stjórnarfundi nr. 5/2012; 6. nóvember var samþykkt að skipa Mathías Hagvaag, TF3MHN, tengilið Í.R.A. gagnvart Logbook of the World, LoTW og tók hann við af Ársæli Óskarssyni, TF3AO. Verkefnið varðar eftirtalin kallmerki félagsins: TF3IRA, TF8IRA, TF3W og TF3HQ.

<sup>4</sup> 9. grein. Stjórnina skipa: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin hefur umboð aðalfundar til að stýra félaginu og sjá um samskipti við yfirvöld og önnur samtök. Stjórnin skiptir með sér verkum og setur aðstoðarmenn með skriflegri tilskipun. Þessu skal lokið svo fljótt sem auðið er og tilkynnt félagsmönnum. Einnig skal tilkynna skipun stjórnar til Póst- og fjarskiptastofnunar, IARU og NRAU. Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Hann er talsmaður félagsins. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Hann sinnir starfsáætlun og framkvæmd hennar. Ritari sér til þess að bréflög erindi fái afgreiðslu, sinnir fundargerðum og heldur gögnum til haga. Skrifli aðrir í nafni félagsins er þeim skylt að láta ritara í té eintak. Ritari sér til þess að afrit af fundargerðum og erindum sem varða marga liggi jafnóðum fyrir í félagsheimili. Gjaldkeri innheimtir félagsgjöld, varðveitir sjóði og annast greiðslur í samráði við stjórn. Gjaldkeri heldur rétt félagatal á hverjum tíma og varðveitir eldri skrár. Hann sér um útgáfu félagatals. Varamenn sitja stjórnarfundi í forföllum. Segi stjórnarmaður af sér milli aðalfunda tekur varamaður við og gengur sá fyrir sem flest atkvæði hlaut á aðalfundi, ella ræður hlutkesti. Tveir stjórnarmenn geta boðað til stjórnarfundar án atbeina formanns sjái þeir ástæðu til.

Stjórn og embættismenn Í.R.A. starfstímabilið 2012-2013.

Embætti	Nafn / kallmerki	Leyfisbréf
<b>Kjörnir á aðalfundi</b>		
Formaður	Jónas Bjarnason, TF2JB	80
Varaformaður	Andrés Þórarinnsson, TF3AM	88
Ritari	Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA	90
Gjaldkeri	Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ	100
Meðstjórnandi	Benedikt Sveinsson, TF3CY	200
Varamaður í stjórn	Erling Guðnason	187
Varamaður í stjórn	Sigurður Óskar Óskarsson	360
Skoðunarmaður reikninga	Óskar Sverrisson, TF3DC	99
Skoðunarmaður reikninga	Haukur Konráðsson, TF3HK	215
Skoðunarmaður reikninga, til vara	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS	235
<b>Skipaðir af stjórn</b>		
Prófnefnd, formaður	Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX	44
Prófnefnd	Kristján Benediktsson, TF3KB	41
Prófnefnd	Kristinn Andersen, TF3KX	91
Prófnefnd	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS	235
Prófnefnd	Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM	196
EMC nefnd, formaður	Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA	90
EMC nefnd	Gísli G. Ófeigsson, TF3G	105
EMC nefnd	Yngvi Harðarson, TF3Y	89
IARU tengiliður	Kristján Benediktsson, TF3KB	41
PFS tengiliður	Jónas Bjarnason, TF2JB	80
Ritstjóri CQ TF	Kristinn Andersen, TF3KX	91
Neyðarfjarskiptastjóri	Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA	46
Rekstrarstjóri vefmiðla	Benedikt Sveinsson, TF3CY	200
Umsjónarmaður námskeiða	Jónas Bjarnason, TF3JB	80
Viðurkenningastjóri	Brynjólfur Jónsson, TF5B	125
Stöðvarstjóri TF3IRA	Benedikt Guðnason, TF3TNT	236
Umsjónarmaður endurvarpa	Guðmundur Sigurðsson, TF3GS	251
Umsjónarmaður endurvarpa	Sigurður Harðarson, TF3WS	218
Umsjónarmaður endurvarpa	Þór Þórisson, TF3GW	126
QSL Stjóri; útsend kort og LoTW tengsl	Mathías Hagvaag, TF3MHN	411
QSL Stjóri, innkomin kort	Bjarni Sverrisson, TF3GB	180
TF útileikar, umsjónarmaður	Bjarni Sverrisson, TF3GB	180
TF útileikar	Kristinn Andersen, TF3KX	91
TF útileikar	Brynjólfur Jónsson, TF5B	125
VHF leikar, umsjónarmaður	Guðmundur Löve, TF3GL	321
VHF stjóri	Benedikt Guðnason, TF3TNT	236

Í lögum Í.R.A. eru tilvísanir hvað varðar hin ýmsu embætti og rekstur þeirra. Þetta eru: Skoðunarmenn reikninga (19. gr.<sup>5</sup>) sem eru aðalfundarkjörnir. Aðrir embættismenn eru stjórnarskipaðir (yfirleitt á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar) og er skipunartími að lágmarki eitt starfstímabil, þ.e. frá júní til maí árið eftir. Mjög mismunandi er hversu lengi embættismenn sinna trúnaðarstörfum fyrir félagið í tilteknum embættum, enda áhugi og tími aflögu til að sinna félagsmálum mismunandi. Viðkomandi lagagreinar varða eftirtalin embætti: Prófnefnd Í.R.A. Í henni sitja 5 menn og er sérákvæði um útskiptingu (23. gr.<sup>6</sup>).

<sup>5</sup> 19. grein. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.

<sup>6</sup> 23. grein. Hlutverk prófnefndar félagsins er að: (1) Halda próf sem Í.R.A. er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. Í prófnefnd sitja 5 menn, Leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.



EMC-nefnd Í.R.A. Í henni sitja 3 menn og er sérákvæði um útskiptingu (24. gr.<sup>7</sup>). Rekstur QSL þjónustu Í.R.A. (25. gr.<sup>8</sup>). Og útgáfa CQ TF (26. gr.<sup>9</sup>).

#### 1.4 STARFSHÓPAR, NEFNDIR

Stjórn Í.R.A. skipaði þrjá starfshópa og nefndir á starfsárinu. Annars vegar var skipaður starfshópur til að gera tillögur um neyðarfjarskiptastefnu félagsins og hins vegar starfshópur til að gera tillögur um stefnumótun félagsins hvað varðar fjaraðgang, að teknu tilliti til alþjóðlegrar leiðsagnar sem er til mótunar um þessar mundir. Þá var skipaður sérstök framkvæmdanefnd vegna þátttöku í Alþjóðlegu vita- og vitaskipahelginni 2013.



Frá fyrsta fundi starfshóps um neyðarfjarskipti 1.10.2012. TF3JA formaður starfshópsins ásamt TF2WIN.

##### 1.4.1 Starfshópur til að gera tillögur neyðarfjarskiptastefnu Í.R.A.

Á stjórnarfundum þann 17. september, var samþykkt að skipa sérstakan starfshóp til að gera tillögur um neyðarfjarskiptastefnu félagsins. Auglýst var eftir tilnefningum um setu í starfshópnum á heimasíðu og á póstlista. Þessir voru skipaðir í starfshópinn: Jón Þ. Jónsson, TF3JA, neyðarfjarskiptastjóri Í.R.A., formaður; Sigurður Óskar Óskarsson, TF2WIN, fulltrúi stjórnar; Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI; Henry Arnar Hálfðánarson, TF3HRY; Jón Svavarsson, TF3LMN; og Jónas Friðgeirsson, TF3JF. Í erindisbréfi er þess farið á leit, að starfshópurinn taki sem fyrst til starfa og hafi 8 mánaða starfstíma. Starfshópurinn tillögum sínum til stjórnar Í.R.A. þann 12. maí 2013. Áður kynnti hópurinn hugmyndir sínar á fimmtudagsfundum í félaginu þann 2. maí. Stefnt skal að því að tillögur hópsins verði lagðar fram á aðalfundi 2013.

<sup>7</sup> 24. grein. Hlutverk EMC-nefndar félagsins (*e. Electro Magnetic Compatability*) er að: (1) Vera félagsmönnum til aðstoðar um EMC málefni, þ.á.m. trúflanir. (2) Fjalla um EMC mál fyrir hönd félagsins sem geta komið frá Póst- og fjarskiptastofnun, IARU eða öðrum. (3) Starfa með stjórnvöldum að úrlausn EMC mála sem tengjast radióamatörum, óski þau slíks samstarfs. (4) Stuðla að fræðslu félagsmanna um EMC. Í EMC-nefnd sitja þrjú menn skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

<sup>8</sup> 25. grein. Reka skal QSL þjónustu fyrir félagsmenn. QSL stjóri er skipaður af stjórn og fer með fjármál þjónustunnar. Reksturinn skal kostaður af hóflegu gjaldi á útsend kort.

<sup>9</sup> 26. grein. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum, en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.



#### 1.4.2. Starfshópur til að gera tillögur um stefnumótun Í.R.A. um fjaraðgang.

Á stjórnarfundi þann 17. september, var samþykkt, að skipa sérstakan starfshóp er geri tillögur um stefnumótun félagsins hvað varðar fjaraðgang, að teknu tilliti til alþjóðlegrar leiðsagnar sem er til mótnar um þessar mundir. Eftirtaldir voru skipaðir í starfshópinn: Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX; Kristján Benediktsson, TF3KB og Yngvi Harðarson, TF3Y. Á fyrsta fundi í starfshópnum þann 16. október var Yngvi Harðarson, TF3Y, kjörinn formaður.

Í erindisbréfi kemur fram, að félagið þurfi að mynda sér formlega skoðun í málum er varða fjaraðgang leyfishafa [almennt] að fjarskiptabúnaði innan landsins og t.d. þegar íslenskur leyfishafi hefur sambönd um eigin stöð innanlands, staddur erlendis. Starfshópnum er í sjálfsvald sett, að taka til umfjöllunar þau önnur tilvik sem hann telur skipta máli fyrir stefnu félagsins í þessum efnum. Vegna eðlis verkefnisins, er hópnun ekki settar sérstakar tíma-skorður í vinnu sinni. Starfshópurinn kynnti fyrstu áfangaskýrslu sína á fimmtudagsfundum í Skeljanesi þann 18. apríl. Skýrslan er birt í heild í viðauka-B með skýrslu þessari.



Mynd frá fyrsta fundi starfshóps um fjaraðgang 16.10.2012. Frá vinstri: Kristján Benediktsson TF3KB, Yngvi Harðarson TF3Y, formaður starfshópsins; Jónas Bjarnason TF3JB (gestur á fundinum) og Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX.

#### 1.4.3 Framkvæmdanefnd vegna þátttöku í Alþjóðlegu vita- og vitaskipahelginni 2013.

Á stjórnarfundi þann 5. júlí var samþykkt, að skipa sérstaka undirbúnings- og framkvæmdanefnd vegna þátttöku félagsins í Alþjóðlegu vita- og vitaskipahelginni sem fram fór helgina 18.-19. ágúst. Eftirtaldir voru skipaðir í nefndina: Guðmundur Ingi Hjálmtýsson, TF3IG, formaður; Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA og Baldvin Þórarinnsson, TF3-Ø33.

### 1.5 FÉLAGSFUNDIR

Eiginlegur félagsfundur, í skilningi 14. gr. félagslaga var ekki haldinn á starfsárinu.<sup>10</sup> Á hinn bóginn var efnt til þriggja funda, sem segja má að nálgist í sjálfu sér nokkuð hugtakið „félagsfundur“ nema hvað þeir voru annars vegar hvorki haldnir „...seinnipart laugardags“ né

<sup>10</sup> 14. grein. Stjórn boðar til almennra félagsfunda. Henni er skylt að gera það ef 12 leyfishafar hið minnsta æska þess. Félagsfundur skal ætíð halda seinnipart laugardags sé þess nokkur kostur. Boða skal til félagsfunda með a.m.k. viku fyrirvara nema í algerum neyðartilfellum. Rita skal fundargerð félagsfundar og birta með sama hætti og fundargerð aðalfundar.

voru „ritaðar fundargerðir“. Fundirnir voru gjarnan nefndir „sérstakir“ fimmtudagsfundir til aðgreiningar frá hefðbundnum fimmtudagsfundum og kynntir sem slíkir í vetraráætlun félagsins. Fyrsti fundur af þessu tagi var haldinn 27. september, þá 24. janúar og síðan 14. mars. Loks var boðað til óformlegs fundar í Skeljanesi sunnudaginn 5. maí til samveru með fulltrúum IARU Svæðis 1, en framkvæmdanefndin hélt árlegan fund sinn í Reykjavík, helgina 4.-5. maí.



Frá kynningarfundum á vetrardagskrá Í.R.A. í félagsaðstöðunni í Skeljanesi fimmtudaginn 27. september.

### 1.5.1 Kynningarfundur vetrardagskrár 27. september.

Vel heppnaður kynningarfundur nýrrar vetrardagskrár var haldinn í félagsaðstöðunni í Skeljanesi þann 27. september. Á fundinum var einnig opin málaskrá þar sem í boði var fyrir félagsmenn að ræða félagsstarfið við stjórn. Að lokinni kynningu vetrardagskrár fyrir tímabilið september-deseember, var boðið upp á opna málaskrá þar sem stjórnarmenn skýrðu frá því sem efst var á baugi hjá stjórn. Í framhaldi fóru fram umræður, m.a. um endurvarpa félagsins, væntanlegt námskeið til amatørprófs, nýtt væntanlegt tíðnisvið á 472-479 kHz, endurnýjun á sérstökum heimildum á 1850-1900 kHz, 5 MHz og 70 MHz. Þá var rætt um verkefni tveggja starfshópa á vegum félagsins til umfjöllunar um neyðarfjarskiptastefnu Í.R.A. og fjaradgang. Loks kom CQ TF til umræðu hvað varðar þá ákvörðun stjórnar að hætta að prenta blaðið vegna mikils kostnaðar og kom fram stuðningur við þá breytingu.

### 1.5.2 Sérstakur fimmtudagsfundur 24. janúar.

Sérstakur fimmtudagsfundur var haldinn í Skeljanesi 24. janúar. Á dagskrá var annars vegar afhending verðlauna í TF VHF leikunum 2012 og VHF/UHF málefni og fluttu þrír félagsmenn stutt inngangserindi um málaflokkinn: Jón Þ. Jónsson, TF3JA; Guðmundur Löve, TF3GL og Benedikt Guðnason, TF3TNT. Viðurkenningaskjöl fyrir fyrstu þrjú verðlaunasetin í fyrstu TF VHF leikunum voru afhent. Og var Ólafur B. Ólafsson, TF3ML, sigurvegari leikanna með yfirburðum. Í öðru sæti Guðmundur Löve, TF3GL og Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN, í þriðja. Viðurkenningarskjölin eru vönduð og vel unnin af TF5B. Þá var komið að erindum og reið TF3JA á vaðið og flutti áhugaverða tölu um útbreiðslu á VHF. Næstur talaði TF3TNT og fjallaði um forsendur og grundvöll rekstrar endurvarpstöðva á VHF. Hann spurði ýmissa spurninga og bað menn t.d. að hugsa um það hvort ástæða sé til að félagssjóður kosti uppsetningu og rekstur endurvarpa. TF3GL fjallaði um útbreiðslu frá núverandi endurvörpum og frá öðrum landsvæðum þar sem til greina kemur að staðsetja endurvarpa. Í framhaldi fóru fram umræður. Niðurstaða fundarins var í raun, að umfjöllunarefnið sé það víðfemt að nauðsynlegt sé að hittast á ný fyrir lok vetrar og ræða VHF/UHF málin frekar. Menn voru sammála um að hugsa málið frekar til þess tíma.



*Andrés Þórarinnsson TF3AM kynnti m.a. síðari hluta vetraráætlunar félagsins fyrir tímabilið janúar-maí.*



*TF3JA ræddi um útbreiðslu radióbylgna á metrabylgjusviðinu og m.a. um fyrirbærið „bylgjubrot“.*



*Hluti fundarmanna sem sat fundinn í félagsaðstöðunni í Skeljanesi þann 24. janúar.*



### 1.5.3 Sérstakur fimmtudagsfundur 14. mars.

Sérstakur fimmtudagsfundur var haldinn í félagsaðstöðunni við Skeljanes þann 14. mars. Benedikt Guðnason, TF3TNT, VHF stjóri Í.R.A., hélt inngangserindi. Fundurinn var í raun boðaður sem sjálfstætt framhald af VHF/UHF fundinum sem haldinn var þann 24. janúar s.l.



*Benedikt Guðnason TF3TNT VHF stjóri Í.R.A. flutti inngangserindi á framhaldsfundi um VHF/UHF mál 14. maí.*

Ágætar umræður urðu um málaflökkinn og m.a. samþykkt, að ekki væri ástæða til að setja endurvarpann TF3RPC upp á ný á sama stað, en hann var tekinn niður vegna framkvæmda í húsinu við Hagatorg, þann 6. febrúar. Hugmyndin, að finna honum betri staðsetningu, verði til skoðunar. Almenn var haft á orði, að ekki sé þörf á að setja aftur upp endurvarpann TF8RPH við Garðskagavita (en búnaður hans var fluttur í Bláfjöll í september s.l. eftir að elding skemmdi Zodiac stöð TF1RPB). Ástæða þess að menn telja ekki lengur þörf fyrir endurvarpa á þessum tveimur stöðum, er fyrst og fremst vegna þess hve vel endurvarpinn í Bláfjöllum kemur út.

Fram kom á fundinum, að von sé á fjölgun endurvarpa í einkaeigu (en búnaður við TF3RPI er t.d. í eigu TF3ML, en rekinn af TF3ARI). Í þessu sambandi höfðu menn nokkrar áhyggjur af tíðnimálum, taki endurvörpum að fjölga – miðað við 25 kHz tíðniskiptan innan bandplansins. Hugmyndin er, að VHF stjóri geri uppkast að vinnureglum vegna endurvarpa. Að lokum var rætt um hinar ýmsu útfærslur sem koma til greina á VHF og UHF og ætlar VHF stjóri félagsins að forma þær hugmyndir og kynna síðar.

### 1.5.4 Sunnudagsfundur með framkvæmdanefnd IARU Svæðis 1 þann 5. maí.

Framkvæmdanefnd IARU Svæðis 1 hélt stjórnarfund sinn 2013 í Reykjavík, helgina 4.-5. maí. Í tilefni fundarins létu þeir í ljósi áhuga á að hitta félagsmenn Í.R.A. eftir stjórnarfundinn. Í ljósi þessa var ákveðinn óformlegur fundur í félagsaðstöðunni í Skeljanesi á milli kl. 15 og 17 sunnudaginn 5. maí. U.þ.b. 20 manna hópur (að meðtöldum mökum) mætti í Skeljanes á þeim tíma og fór vel á með félagsmönnum Í.R.A. og gestunum, en nær 30 félagsmenn mættu í Skeljanes. Auk framkvæmdarnefndarmanna IARU Svæðis 1, mættu varaforseti IARU og formaður IARU Svæðis 2 í Skeljanes, en þeir Ole Garpestad, LA2RR og Renaldo Leandro, YV5AM voru gestir fundar Svæðis 1 ásamt Timothy S. Ellam, VE6SH, forseta IARU. Timothy þurfti hins vegar að taka flug til Evrópu síðdegis sama dag, þannig að hann átti þess ekki kost að mæta í Skeljanes. Sjá nokkrar ljósmyndir frá viðburðinum hér á eftir.



*Erlendu gestirnir ásamt félagsmönnum Í.R.A. fyrir utan Skeljanes sunnudaginn 5. maí 2013*



*Jónas Bjarnason TF3JB formaður Í.R.A. og Hans Blondeel Timmerman PB2T formaður IARU Svæðis 1. Hans færði formanni Í.R.A. þessa hollensku tréskó að gjöf en þeir eru þjóðartákn Hollendinga.*





*Andrés Þórarinnsson TF3AM varaformaður Í.R.A. ásamt Ole Garpestad LA2RR, varaforseta IARU, alheimssamtaka landsfélaga radióamatöra og eiginkonu hans Karin Margot Garpestad LA8UW.*

## **1.6 FUNDIR MEÐ PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN**

Tveir formlegir fundir voru haldnir með starfsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar á starfstímabilinu. Annars vegar, árlegur samráðsfundur með fulltrúum stjórnar Í.R.A. og stofnunarinnar sem haldinn var þann 31. október 2012 og hins vegar, fundur með fulltrúum stjórnar Í.R.A., IARU og IARU Svæðis 1 sem haldinn var þann 7. maí 2013.

Aðrir fundir félagsins með starfsmönnum stofnunarinnar á starfsárinu voru óformlegir og annaðist formaður þau samskipti sem tengiliður félags og stofnunar.<sup>11</sup> Þeir fundir voru allir símafundir. Til umfjöllunar voru m.a. um tíðni- og kallmerkjamál, prófmál og skyld atriði. Nánar er gerð gein fyrir samskiptum Í.R.A. og stofnunarinnar, annars vegar í 9. kafla skýrslunnar og hins vegar, í fundargerðum stjórnar sem eru birtar í Viðauka-A.

### **1.6.1 Samráðsfundur 31. október.**

Samráðsfundur fulltrúa Í.R.A. og Póst- og fjarskiptastofnunar 2012 var haldinn í húsnæði stofnunarinnar að Suðurlandsbraut 4 í Reykjavík, þann 31. október. Fundurinn var mikilvægur, m.a. með tilliti til úthlutunar nýs amatörbands á 630 metrum sem radióamatörþjónustan fékk samþykka á WRC-12 ráðstefnunni í febrúar 2012. Í annan stað var sérstaklega fjallað um framlengingu tímabundinna heimilda á sérstökum tíðnisviðum sem íslenskir leyfishafar hafa haft til ráðstöfunar, svo sem á 70,000-70,200 MHz (4 metrum); 5260-5410 kHz (60 metrum) og á 1850-1900 kHz (160 metrum) í tilgreindum alþjóðlegum keppnum. Í Viðauka-B eru birtir minnispointar formanns til stjórnar frá fundinum. Það er mat stjórnar Í.R.A. að fundurinn hafi verið mjög gagnlegur. Fyrsti árlegur samráðsfundur aðila var haldinn þann 16. ágúst 2011.

<sup>11</sup> Aðrir embættismenn félagsins hafa með höndum samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun hvað varðar sérhæfð mál, svo sem formaður prófnefndar Í.R.A. sem t.d. þarf að hafa samskipti við starfsmenn stofnunarinnar hvað varðar útfærslu prófa til amatörleyfis. Það sama á jafnframt við um formann EMC-nefndar Í.R.A. sem þarf að vera í samskiptum við starfsmenn stofnunarinnar vegna þess málaflokks.



*Þátttakendur í samráðsfundi Í.R.A. og Póst- og fjarskiptastofnunar þann 31. október 2012. Frá vinstri: Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, Bjarni Sigurðsson sérfræðingur hjá PFS, Hafþór Óskarsson sérfræðingur hjá PFS, Hörður R. Harðarson sérfræðingur hjá PFS, Jónas Bjarnason TF3JB, Kristinn Andersen TF3KX, Kristján Benediktsson TF3KB og Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX.*

### **1.6.2 Samráðsfundur 7. maí.**

Sérstakur fundur fulltrúa Í.R.A. og fulltrúa IARU og IARU Svæðis 1, var haldinn í húsnæði stofnunarinnar að Suðurlandsbraut 4 í Reykjavík, þann 7. maí. Eftt var til fundarins að ósk fulltrúa IARU sem staddir voru hér á landi sem gestir á fundi framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1 helgina 4.-5. maí 2013.

Þeir Ole Garpestad, LA2RR, varaformaður IARU og Hans Blondeel Timmerman, PB2T, formaður IARU Svæðis 1 kynntu frumvarp IARU um nýtt amatörband á 60 metrum (5 MHz) sem verður lagt fyrir Alþjóðlega radíófjarskiptaráðstefnu ITU, WRC-15 (World Radio-communication Conference) sem haldin verður í Genf í Sviss, 2.-27. nóvember 2015. Einnig var rætt almennt um tíðnimál radíóamatöra og EMC málefni. Fundurinn var mjög vinsamlegur.



*Þátttakendur á samráðsfundi Í.R.A., IARU og IARU Svæðis 1 þann 7. maí 2013. Frá vinstri: Hörður R. Harðarson, sérfræðingur hjá PFS; Þorleifur Jónasson, forstöðumaður tæknideildar PFS; Kristján Benediktsson TF3KB; Jónas Bjarnason TF3JB; Ole Garpestad LA2RR, varaforseti IARU; Hans Blondeel Timmerman PB2T, formaður IARU Svæðis 1; Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur hjá PFS.*





Frá fundi IARU Svæðis 1 sem haldinn var samhliða Ham Radio 2012 sýningunni í Friedrichshafen í Þýskalandi

### 1.7 FUNDIR ERLENDIS

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður Í.R.A. var fulltrúi félagsins á óformlegum fundi þann 22. júní með framkvæmdanefnd IARU Svæðis 1 og fulltrúum annarra landsfélaga, auk gesta, sem fram fór í Friedrichshafen í Þýskalandi í tengslum við sýninguna Ham Radio 2012. Á fundinum var m.a. rætt um hugsanlegt nýtt 5 MHz band, núverandi 70 MHz band og nýtt 630 metra band á 472-479 kHz, auk sérmálefna svæðisins.



Hans Blondeel Timmerman PB2T formaður IARU Svæðis 1 stjórnaði fundinum þann 22. júní.



Timothy S. Ellam VE6SH forseti IARU, alþjóðasamtaka landsfélaga radióamatöra, ávarpaði fundinn.





*Kay Craigie, N3KN, formaður ARRL ávarpaði fundinn í Friedrichshafen og flutti kveðjur stjórnar ARRL.*

Um 50 fulltrúar landsfélaga í Svæði 1 sóttu fundinn, einkum formenn og varaformenn félaganna. Meðal sérstakra gesta, má nefna þau Timothy S. Ellam, VE6SH, formann IARU, alþjóðasamtaka landsfélaga radióamatöra; Ole Garpestad, LA2RR, varaformann IARU; Kay Craigie, N3KN, formann ARRL; David Sumner K1ZZ, framkvæmdastjóra ARRL og John Devoldere, ON4UN. Fundurinn var haldinn í einum af fundarsölum sýningarhallarinnar í Friedrichshafen og stóð yfir í um tvær klukkustundir. Að loknum fundi, var haldin móttaka og kvöldverðarboð fyrir gesti í boði þýska landsfélagsins, Deutscher Amateur Radio-Club, DARC á Seehotel, sem er staðsett við strönd Bodensee vatnsins í Friedrichshafen.



*TF3JB ásamt David Sumner K1ZZ, framkvæmdastjóra ARRL.*



*TF3JB ásamt John Devoldere, ON4UN.*



Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA

### 1.7.1 TF3UA í IARU Region 1 EMC Working Group.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, ritari stjórnar Í.R.A. og formaður EMC-nefndar Í.R.A., tók formlega sæti í IARU Region 1 EMC Working Group þann 7. Maí 2013. Fulltrúar 14 landsfélaga radióamatöra sem eiga aðild að Svæði 1, eiga sæti í starfshópnum: EDR (Danmörku), NRRL (Noregi), SSA (Svíþjóð), Í.R.A. (Íslandi), IRTS (Írlandi), DARC (Þýskalandi), ÖVSV (Austurríki), USKA (Sviss), RSGB (Bretlandi), VERON (Hollandi), REF (Frakklandi), URE (Spáni), REP (Portúgal) og PZK (Póllandi). Christian Verholt, OZ8CY frá EDR, er formaður starfshópsins.

Sæmundur átti fund með Thilo Kootz, DL9KCE, varaformanni starfshópsins í Reykjavík þann 6. maí um EMC málefni. En Thilo á jafnframt sæti í framkvæmdanefnd IARU Svæðis 1 sem fundaði í Reykjavík helgina 4.-5. maí 2013. Að sögn Sæmundar var fundurinn áhugaverður og gagnlegur.

### 1.8 IARU, IARU SVÆÐI 1 OG NRAU.

Stjórn félagsins átti ágæt samskipti á starfsárinu 2012/2013 við International Amateur Radio Union (IARU). Ágæt samskipti voru einnig við IARU Region 1. Hæst bar fund formanns með fulltrúum IARU og IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen 2012 svo og fundinn með stjórnarmönnum Svæðisins í tengslum við fund framkvæmdanefndarinnar í Reykjavík 4.-5. maí 2013. Þá voru ennfremur góð samskipti á tímabilinu við Nordic Radio Amateur Union (NRAU), samtök landsfélaga radióamatöra á Norðurlöndum.

### 1.9 SÉRTÆK STJÓRNARMÁL 2012/2013.

Undir þessum lið er gerð grein fyrir nokkrum málum, sem komu inn á borð stjórnar á starfsárinu 2012/2013, en ekki falla beinlínis undir aðra umfjöllun í kaflanum og eru því kynnt hér sérstaklega, í tímaröð.

#### 1.9.1 Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (maí).

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 112/12 var kynnt á heimasíðu stofnunarinnar þann 16. maí undir fyrirsögninni „Fjarskiptabúnaður radióáhugamanns ekki talinn valda skaðlegri geislun“. Stjórn Í.R.A. bókaði sérstaklega ánægju með skýrsluna og fagnaði niðurstöðu hennar á fundi þann 30. maí. Fréttin hljóðaði eftirfarandi á heimasíðu PFS:

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur birt ákvörðun sína nr. 12/2012 vegna kvörtunar um heilsufarslega skaðleg áhrif rafsegulgeislunar frá fjarskiptasendibúnaði. Kvartað var til stofnunarinnar vegna fjarskiptabúnaðs radióáhugamanns í nágrenni kvartanda sem taldi að rafsegulgeislun frá búnaðinum hefði spillandi áhrif á bæði andlegt og líkamlegt heilsufar hans. Gerði kvartandi þá kröfu að slökkt yrði á búnaðinum og frekari notkun hans bönnuð af hálfu PFS.

PFS hefur hlutverki að gegna ef upp koma tilvik um rafsegulmengun. Er stofnuninni þá heimilt að takmarka útgeislað afl sendis. Þessari heimild verður þó ekki beitt nema að uppfylltu því skilyrði að sýnt þyki að heilsu manna geti stafað hætta af geisluninni. Það er ekki á færi Póst- og fjarskiptastofnunar að ákveða slík heilsuverndarmörk og meta hvort umhverfi og aðstæður séu með þeim hætti að mönnum sé hætta búin hvað þetta varðar.

Við slíka ákvörðun verður að byggja á sérfræðilegu mati Geislavarna ríkisins sem í þessu tilviki sýndi að rafsegulgeislun inni á heimili kvartanda og í nánasta umhverfi við það væri fyrir innan viðmiðunarmörk Alþjóðaráðsins um varnir gegn ójónandi geislun, ICNIRP, sem ákveðin eru með tilliti þeirra skaðlegu áhrifa sem of mikil geislun kann að hafa á heilsu manna. Reyndust mælingar í flestum tilvikum vera langt fyrir innan umrædd mörk. Er það mat ICNIRP að engar vísindalegar sannanir liggi fyrir um að rafsegulgeislun innan þessara viðmiðunarmarkna geti haft skaðleg áhrif á

heilsu manna. Sjálfstæðar mælingar sem PFS framkvæmdi voru í samræmi við niðurstöðu Geislavarna ríkisins. PFS telur því ekki vera forsendur til þess að fallast á kröfu kvartanda um að notkun fjarskiptasendibúnaðar radióáhugamannsins verði bönnuð. Þá eru heldur ekki forsendur til þess að stofnunin dragi úr leyfilegum sendistyrk sendibúnaðarins eða mæli fyrir um breytta stefnuvirkni loftnetsins.

Þessa frétt og samantekt að baki ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar í heild má sjá á vefslóð PFS: [http://pfs.is/displayer.asp?cat\\_id=112&module\\_id=220&element\\_id=3551](http://pfs.is/displayer.asp?cat_id=112&module_id=220&element_id=3551)

### **1.9.2 TF/KL1A og TF4M/KL1A (júlí-ágúst).**

Þetta mál varðar starfrækslu kallmerkisins TF/KL1A á HF böndunum á tímabilinu frá 7. til 11. júlí og svo á ný mánuði síðar, þann 12. ágúst, þegar sami maður heyrðist nota kallmerkið TF4M/KL1A. Fram kom, að KL1A var ekki staddur á Íslandi, heldur starfrækti stöð TF4M í Vesturbyggð (með samþykki Þorvaldar) í gegnum internetið, frá heimili sínu [í Texas] í Bandaríkjunum. Fjölmargar kvartanir bárust til stjórnar félagsins vegna þessarar starfrækslu, enda einróma skilningur þeirra sem gleggst til þekkja héraendis (sem erlendis) til CEPT reglna, að erlendir leyfishafar þurfi að vera „líkamlega“ staddir í því landi sem þeir starfrækja amatörstöð frá.

#### a. Inngangur

Mál þetta er þannig til komið að þann 4. júlí 2012 byrja að koma fram skráningar á þyrpingu (e. cluster) um sambönd stöðvar sem notar kallmerkið TF/KL1A á HF böndunum, fyrst á 7 MHz en síðar á 14 MHz. Frá þeirri dagsetningu, halda þær áfram að birtast dag hvern og urðu flestar þann 7. og 11. júlí. Þann 11. júlí setur félagsmaður fram spurningu á póstlista félagsins og spyr hvort einhver viti um staðsetningu stöðvarinnar, en samkvæmt upplýsingum á vefsíðu KL1A á QRZ.Com [á þeim tíma] mátti skilja, að leyfishafinn væri staddur hér á landi. Þann 12. júlí hafði verið bætt úr því og þá mátti lesa þar, að TF/KL1A væri ekki staddur á Íslandi, heldur starfrækti stöð TF4M yfir internetið frá heimili sínu [í Texas] í Bandaríkjunum.

Þessar upplýsingar komu síðar fram á póstlista félagsins sem svar við áður framkominni fyrirspurn. Síðar sama dag, þann 12. júlí, höfðu tveir félagsmenn samband við formann félagsins og fóru þess á leit að félagið hlutaðist til um að starfsemin yrði þegar í stað stöðvuð, á þeim forsendum að erlendir leyfis hafi getið ekki notað íslenskt kallmerki á grundvelli CEPT tilmæla nr. T/R 61-01 öðruvísi, en að hann dveljist á landinu. Ofangreindur texti er fyrstu tvær málsgreinarnar í skýrslu formanns til stjórnar Í.R.A. sem lögð var fyrir stjórnarfund nr. 3/2012 þann 26. júlí.

#### b. Mál til skoðunar.

Í erindi til stjórnar félagsins þann 12. júlí skrifar formaður eftirfarandi: „Samkvæmt bráðabirgða niðurstöðu, sýnist mér kvartanirnar sem hafa borist félaginu réttmætar. Ég hringdi því í Þorvald, TF4M, um hádegisbilið í dag (fimmtudag) – þar sem KL1A hefur unnið í gegn um stöð hans í Otradal yfir internetið, sem TF/KL1A. Ég lagði framangreinda bráðabirgðaniðurstöðu mína fyrir hann. Þorvaldur sagði þessa niðurstöðu koma sér á óvart og nefndi í því sambandi að hann hafi borið málið undir þrjá til greinda íslenska leyfishafa (ónefndir hér vegna trúnaðar) sem ekki hafi séð meinbugi á starfsemi af þessu tagi. Ég bað Þorvald að lokum að hafa samband við KL1A og fara þess á leit, að hann stöðvaði notkun TF/KL1A, a.m.k. í einhverja daga, þar til ugglaus niður staða fæst í málinu. Þorvaldur kvaðst góðfúslega verða við þeirri beiðni“.

#### c. Stjórnarfundur 26. júlí.

Næstu daga fór fram ítarleg gagnasöfnun sem leiddi til ritunar sérstakrar skýrslu um málið sem lögð var fyrir stjórn félagsins á sérboðuðum stjórnarfundum þann 26. júlí. Niðurlag þeirrar skýrslu er eftirfarandi:

„Undirritaður mælir með því við stjórn Í.R.A. að Þorvaldi Stefánssyni, TF4M, verði gerð grein fyrir ugglausum niðurstöðum þessarar greinargerðar, til að þær megi verða til leiðbeiningar. Ekki er mælt með að neinn sérstakur eftirmáli verði, enda starfsemi TF/KL1A hætt. Í annan stað, er lagt til að stjórn Í.R.A. skipi starfshóp er geri tillögur um stefnumótum félagsins hvað varðar fjaraðgang, að teknu tilliti til alþjóðlegrar leiðsagnar sem er til mótunar um þessar mundir“.



Á stjórnarfundinum var samþykkt að fara að tillögu formanns og honum falið að til kynna TF4M um niðurstöðu málsins. Jafnframt ákvað stjórn Í.R.A. að skipa starfshóp er geri tillögur um stefnu-mótun félagsins hvað varðar fjaraðgang, að teknu tilliti til alþjóðlegrar leiðsagnar sem er til móttunar um þessar mundir. Samþykkt var að fara þess á leit við þá TF3KB, TF3DX og TF3Y að sitja í hópnum. For maður kom þessari niðurstöðu stjórnar á framfæri við TF4M og var honum jafnframt sent af rit af skýrslu formanns til stjórnarinnar.

#### d. TF4M/KL1A.

Í kjölfar framangreindrar afgreiðslu á stjórnarfundum Í.R.A. þann 26. júlí, áttu menn frekar von á kyrrð um málið, þar sem sýnt hafði verið fram á:

- Ugglausa túlkun CEPT tilmæla þess efnis að starfræksla af þessi tagi samræmist ekki tilmælunum.
- Sömu túlkun Póst- og fjarskiptastofnunar.
- Að meginrök TF4M fyrir starfrækslunni sem byggðu á texta í bók frá ARRL hafi beinlínis reynst röng samkvæmt staðfestingu frá framkvæmdastjóra ARRL.
- Að þrjú nafngreindir íslenskir leyfishafar könnuðust ekki við að rétt væri eftir þeim haft af TF4M, þ.e. að hafa ekki hafi séð meinbugi á starfrækslu af þessu tagi.

Í reynd varð kyrrð um málið í mánaðartíma. Í erindi til stjórnar félagsins þann 12. júlí skrifar formaður eftirfarandi:

„Samkvæmt upplýsingum sem fram komu á þyrpingu (e. cluster) síðdegis 12. ágúst, hófust sendingar á ný frá KL1A [í Texas] yfir internetið í gegnum stöð TF4M á 14 MHz. Fyrsta QSO'íð er skráð kl. 15:05. Að þessu sinni er notað kallmerkið TF4M/KL1A. Í annan stað, virðast upplýsingar koma reglulega/alltaf fram, að um sé að ræða „remote operation“. Mjög sterk viðbrögð bárust frá félagsmönnum og skömmu fyrir kl. 16 höfðu borist beiðnir frá félagsmönnum, þar sem þess er beinlínis krafist að starfsemin verði stöðvuð þegar í stað, enda sé hún ólögleg. Alls hafa mér borist 8 símtöl (aук tölvupósta) þegar þetta er skrifað laust fyrir kl. 21; öll á sömu lund, þ.e. megn óánægja félagsmanna með þessa starfrækslu.

Að auki, hafa einhverjir félagsmenn tjáð sig um málið á póstlista félagsins en ég hef ekki gefið mér tíma til að lesa það efni sem þar er sett fram“. Áður en til þess kæmi, að formaður næði að hafa símasamband við TF4M, höfðu sendingarnar hætt og að morgni næsta dags, 13. ágúst hafði TF4M sent umsókn um heimild til að nota fjarsamband til Póst- og fjarskiptastofnunar; félagið fékk sent afrit af þeim pósti, auk þess sem hann var í heild birtur á póstlista félagsins.

Staða málsins, þegar þetta er skrifað þann 8. maí 2013 er, að erindi TF4M er til afgreiðslu hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

### **1.9.3 Umfjöllun um starfsemi radióamatöra í sjónvarpinu (desember).**

Umfjöllun um starfsemi radióamatöra, m.a. frá keppnisþátttöku og fleira var sýnt í fréttu- og þjóðlífsþættinum Landanum, sem var á dagskrá í RÚV sunnudaginn 2. desember kl. 19:40. Almenn ánægja ríkti meðal félagsmanna Í.R.A. með umfjöllunina en 12 félagsmönnum sást þar m.a. bregða fyrir. Stjórn félagsins samþykkti sérstakar þakkir til RÚV og þáttagerðarmannanna Leifs Haukssonar og Einars Rafnssonar fyrir framúrskarandi vel unnið verkefni og fagleg vinnubrögð á fundi þann 27. desember.

*RÚV menn við upptöku í fjarskiptaherbergi TF3IRA 21. nóvember. Frá vinstri: Leifur Hauksson RÚV, Einar Rafnsson RÚV og Jónas Bjarnason TF3JB formaður Í.R.A.*



#### **1.9.4 Fréttatilkynning (janúar).**

Stjórn Í.R.A. sendi fréttatilkynningu frá félaginu þann 17. janúar 2013. Tílefnið var úthlutun Póst- og fjarskiptastofnunar á nýja 630 metra bandinu, 472-479 kHz. Jafnframt var gerð grein fyrir endurnýjun PFS til íslenskra radióamatöra á heimildum um tímabundin not af 4 metrum, 70 metrum og 160 metrum (1850-1900 kHz). Tilkynningin var send á flest landsfélög radióamatöra. Viðbrögð við efni fréttatilkynningarinnar voru mjög jákvæð og var efni þeirra birt á heimasíðum og í flestum tímaritum landsfélaga radióamatöra, m.a. á heimasíðu ARRL og í QST.

### **NEWS RELEASE DATED JANUARY 17, 2013**

The national association of Icelandic Radio Amateurs, Í.R.A., is pleased to announce that as of January 16, 2013 Icelandic Radio Amateurs have been granted operating privileges on 472-479 kHz (630 meters). In addition, The Post and Telecom Administration in Iceland (PTA), recently extended temporary permits as of January 1, 2013 on the following bands: 160 meters (1850-1900 kHz), 60 meters (5.260-5.410 MHz) and on 4 meters (70.000-70.200 MHz).

#### **A NEW 630 METER ALLOCATION**

This allocation is on **472-479 kHz**. Access is granted on secondary basis. Maximum power is 5W EIRP and maximum bandwidth is 1 kHz. This new allocation is open to the "G" license class (higher). A previous temporary allocation on 493-510 kHz was closed on Dec. 31, 2012.

#### **160 METER ALLOCATION RENEWED**

The temporary allocation on **1850-1900 kHz** has been renewed for the calendar year 2013. Access is granted on secondary basis. This allocation may only be used during the duration of 10 designated international amateur radio contests. Licensees need to apply to the PTA for a special permit, which is open to both license classes.

#### **60 METER ALLOCATION RENEWED**

The temporary allocation on **5.260-5.410 MHz** has been renewed for the calendar years 2013 and 2014. Access is granted on secondary basis. Permissible modes are USB, CW and PSK-31. Maximum bandwidth is 3 kHz. Power limit is 100W. Licensees need to apply to the PTA for a special permit, which is open to both license classes.

#### **4 METER ALLOCATION RENEWED**

The temporary allocation on **70.000-70.200 MHz** has been renewed for the calendar years 2013 and 2014. Access is granted on secondary basis. Maximum bandwidth is 16 kHz and power limit is 100W. Licensees need to apply to the PTA for a special permit, which is open to both license classes.

Confirming the above, I remain.

Respectfully yours,

Jónas Bjarnason, TF3JB,  
President of Í.R.A.



Úr félagsstarfinu. Unnið við SteppIR 3E Yagi loftnet TF3IRA í Skeljanesi.

### **1.9.5 Safnað fyrir RF magnara fyrir TF3IRA (febrúar).**

Stjórn Í.R.A. barst erindi frá Stefáni Arndal, TF3SA, dagsett þann 1. febrúar 2013. Þar leggur Stefán til að hafin verði fjársöfnun fyrir kaupum á nýjum RF magnara fyrir félagsstöðina TF3IRA. Hann var tilbúinn til að gerast forsvarsmaður söfnunarinnar og vörslumaður fjárins og hafði þá þegar stofnað sértakan bankareikning og persónulega lagt inn á hann 20 þúsund króna framlag. Eftirfarandi texti var settur á heimasíðu Í.R.A. þann 3. febrúar:

Áhugi er fyrir að félagsstöðin, TF3IRA, eignist nýjan magnara. Nokkrir félagar hafa tekið sig saman og ákveðið að hrinda af stað söfnun sem geti létt undir með félagssjóði og hjálpað til við að fjármagna kaupin. Markmiðið er að safna allt að 300 þúsund krónum og þá geti félagssjóður brúað bilið upp á það sem vantar. Menn sjá fyrir sér að hugsanlega séu 30 félagar tilbúnir til að leggja verkefninu lið, t.d. með 10 þúsund króna framlagi hver, en að sjálfsögðu má framlag hvers og eins vera minna eða meira en þessi fjárhæð. Hugmyndin er þegar þar að kemur, að boðað verði til fundar þar sem tekin verði sameiginleg ákvörðun um kaup á tiltekinni tegund og gerð magnara. Stefán Arndal, TF3SA, hefur opnað reikning í þágu söfnunarinnar í Íslandsbanka fyrir væntanleg framlög. Hann ber nafnið: „HF magnari fyrir Í.R.A.“ og er reikningsnúmerið 0515-14-122257. Kennitalan er á hans nafni, 260831-2839 og hefur hann þegar lagt inn á þennan reikning 20 þúsund króna framlag. Stefán verður forsvarsmaður söfnunarinnar og vörslumaður fjárins og mun hann svara fyrirspurnum félagsmanna vegna söfnunarinnar. Undirritaður hvetur félagsmenn til að styðja þetta góða framtak.

F.h. stjórnar Í.R.A.,

Jónas Bjarnason, TF3JB,  
formaður.

Í aprílmánuði höfðu safnast um 320 þúsund krónur.

## 2. Félagsaðstaðan við Skeljanes

### FUNDARSALUR, FJARSKIPTAHERBERGI, QSL OG SMÍÐAÐSTAÐA

#### 2.1 FRAMKVÆMDIR Í FUNDARSAL

Á þessu starfsári (2012-2013) var endanlega gengið frá uppröðun stóla í fundarsal félagsins með það að markmiði að fá fram sem besta nýtni. Samkvæmt skipulaginu getur salurinn nú rúmað allt að 40 manns í sæti. Stólum er þá raðað frá vegg sem snýr að Skeljanesi fram fyrir súlu (þar sem kaffivélar eru staðsettar). Skjávarpi er þá staðsettur á borði við bókaskáp og kastar mynd á gluggavegg sem snýr að portinu bak við húsið.

Á tímabilinu frá nóvember 2012 til febrúar 2013 var töluvert magn af bókum flutt til vistunar í fundarsal í Skeljanesi. Bækurnar eru í eign samrekstraráðila félagsins að fundarsalnum og voru alls settar upp 10 hillur til varðveislu þeirra. Bækurnar gera salinn vistlegri en áður, þótt þær þrengi vissulega nokkuð að, sem þó hefur ekki beinlínis áhrif á notkun félagsins á húsnæðinu.



*Aðgengi að tímaritaeign félagsins er mun betra eftir flutning bókaskápa á nýjan stað í salnum.*

Tilkoma bókana hafði m.a. þau áhrif, að færa þurfti tússtöflu félagsins og er hún nú vistuð í gluggakistunni sem snýr að portinu á bak við húsið. Taflan nýtist reyndar mun betur á þessum nýja stað, enda hefur hún verið notuð eftir flutninginn m.a. til að skrifa á samtímis því sem glærur hafa verið sýndar á vegginn til hliðar við hana. Í annan stað, voru tímaritahillur félagsins verið færðar á nýjan stað og eru þær nú staðsettar á hægri hönd þegar gengið er í salinn. Þessi nýja staðsetning tekur þeirri eldri verulega fram, þar sem aðgengi að tímaritaeign félagsins er mun betra en áður.



Þá var ljósritunarvél félagsins færð og hefur nú sitt eigið svæði í salnum á hægri hönd þar sem gengið er út úr salnum á þeirri hlið húsnæðisins sem snýr að Skeljanesi.

### 2.1.1 Myndir í sal lagfærðar.

Svart/hvítar myndir úr félagsstarfinu sem upphaflega voru unnar fyrir vörusýninguna í Laugardalshöll árið 1975 og voru hengdar á vegg fundarsalarins í Skeljanesi fyrir rúmum þremur árum, voru sendar til lagfæringar á innrömmunarverkstæði



í vetrarbyrjun 2012. Þann 8. nóvember komu þær úr viðgerð og voru hengdar upp á ný í salnum. Myndirnar eru tíu talsins og voru teknar af Kristjáni Magnússyni, TF3KM (sk). Kostnaður við verkefnið var gefinn félaginu.



Sigurbjörn Þór Bjarnason „Doddi“ TF3SB og Kristinn Danielsson TF3KD (nú TF5KD) í fjarskiptatjaldi TF7V á Stórhöfða í Vestmannaeyjum; „Operation Big Head“ árið 1975. Þetta er ein af myndunum frá TF3KM (sk) sem sagt er frá að ofan og eru í fundarsal félagsins í Skeljanesi.

## 2.2 SMÍÐAÆSTIÐA OG KORTASTOFA

Herbergi félagsins á 2. hæð í félagsaðstöðunni, sem notast fyrir sameiginlega aðstöðu kortastofunnar og smíðaaðstöðunnar og tekið var í notkun seint á árinu 2011, hefur reynst mjög vel. Á starfsárinu var lokið ýmsum minni háttar verkefnum, sem voru eftir þegar herbergið var formlega tekið í notkun þann 24. nóvember 2011.

Aðgangur að QSL skáp kortastofunnar er nú mjög góður enda rúmgott við móttökukassann fyrir útsend kort (hægra megin við QSL skápinn) annars vegar og hins vegar við sérstaka veggvasa fyrir QSL skilagreinar og umslög fyrir þær þar fyrir neðan.



## 2.3 FRAMKVÆMDIR Í FJARSKIPTAHERBERGI

Fjarskiptaherbergi TF3IRA hefur komið vel út eftir gagngerar breytingar sem gerðar voru á tímabilinu 2009-2010. Markmið uppbyggingar félagsstöðvarinnar er óbreytt, þ.e. að TF3IRA verði búin aðstaða og tæknilegar forsendur til að stunda megi fjarskipti frá stöðinni í sem flestum tíðnisviðum radíóamatöra, á sem flestum tegundum útgeislunar, á mismunandi afli og [helst] hvenær sem er sólarhringsins. Verkefni sem tengjast framkvæmdum í fjarskiptaherbergi félagsins á starfstímabilinu eru að annars vegar viðgerðir vegna bilana í tækjum og búnaði félagsstöðvarinnar og hins vegar áframhaldandi uppbygging í anda þeirrar stefnu sem skýrt er frá að ofan.



*Yaesu FT-7900E stöðin er staðsett á vinstra horni hillunnar á fjarskiptaborði-B. Auðvelt er að ganga að henni, enda hugmyndin að hana megi nota til styttri sambanda, þrátt fyrir að Kenwood 2000 stöðin sé í notkun hjá öðrum sem situr í stólum við fjarskiptaborðið.*

### 2.3.1 Ný VHF/UHF FM stöð tengd.

Benedikt Guðnason, TF3TNT, stöðvarstjóri TF3IRA, tengdi nýja Yaesu FT-7900E FM VHF/UHF stöð félagsins þann 8. nóvember, en J-pól loftnet stöðvarinnar var sett upp á ný (eftir viðgerð) þann 25. Október, eða nokkru áður. Stöðin er látin skanna tíðnir íslensku endurvarpana á VHF, þ.e. TF1RPB, TF1RPE, TF3RPA og TF5RPD, auk þess að skanna kalltíðnirnar 144.500 MHz og 433.500 MHz. Sendiafl FT-7900E er valkvætt, 5/10/20/50W á 2 metrum og 5/10/20/45W á 70 cm. Viðtækið þekur aukalega tíðnisviðin 108-520 MHz og 700-1000 MHz. FT-7900E stöðin kemur í stað eldri stöðvar (Yaesu FT-4700RH) sem félaginu var gefin fyrir rúmum tveimur áratugum. Nettó kostnaður félagssjóðs vegna nýju stöðvarinnar nam 20 þúsund krónum. Þess skal getið til upplýsingar, að stöðin hafði beðið uppsetningar um 14 mánaða skeið frá því hún var keypt ný í september 2011 vegna loftnetsleysis, en var tengd á ný þann 8. nóvember eftir að viðgerð lauk á J-pól loftneti hennar eins og fram kemur hér að framan.

Hugmynd stöðvarstjóra er að tengja lágtalara við stöðina og koma fyrir í salnum niðri. Þannig, að félagar geti kallað á TF3IRA og verið nokkuð vissir um að fá svar þegar viðvera er í Skeljanesi. Þessu fylgja ótvíræð þægindi, m.a. þegar menn gera tilraunir á 2 metrum og 70 sentímetrum. Því skal haldið til haga, að þótt Kenwood TS-2000 stöð félagsins geti verið QRV með ágætum í þessum tíðnisviðum, þá er ekki heppilegt að taka hana fyrir not af þessu tagi, þar sem hún þarf að geta verið til reiðu jafnt á HF sem og á VHF/UHF (í gegnum gervitungl) á opnunarkvöldum félagsaðstöðunnar.

### 2.3.2 LP-100 Digital Vector RF wattmælir uppfærður.

Í byrjun ágústmánaðar 2012 kom fram bilun í LP-100 Digital Vector RF wattmæli félagsins frá Larry Phipps, N8LP. Fljótlega kom í ljós, að Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS, átti samskonar mæli og félagið og að hann hrjáði samskonar bilun, þ.e. að aflestur var orðinn mjög ógreinilegur. Vilhjálmur bauðst til að panta varahluti í mæli félagsins um leið og í sinn mæli sem og að gera við mæli félagsins. Þessu ágæta tilboði var strax tekið. Og þann 8. september færði TF3VS viðgerðan LP-100A mæli félagsins á ný í hús. Viðgerðin tókst vel ásamt uppfærslu úr gerð LP-100 í gerð LP-100A.



*Telepost LP-100A tengdur á ný í fjarskiptaherbergi TF3IRA 8. september. TF3VS fullvissar sig um að allt vinni rétt.*

### 2.3.3 Harris RF-110A.

Bilun kom fram í Harris RF-100A linear magnara TF3IRA haustið 2012. Bjarni Magnússon, TF3BM, sem upphaflega gaf félaginu magnarann bauðst til að taka hann til viðgerðar og lána félaginu eigin magnara, sömu tegundar og gerðar, á meðan. Gengið var að þessu ágæta tilboði Bjarna með þökkum og fóru skiptin fram þann 12. september.



*Sæmundur E. Þorsteins-son, TF3UA; Bjarni Magnússon, TF3BM og Baldvin Þórarins-son, TF3-Ø33 renna nýja magnaranum inn í magnarastæðuna í Skeljanesi þann 12. september. Við prófanir kom magnarinn mjög vel út, en hann var prófaður á SteppIR Yagi loftneti félagsins á 10, 12, 15, 17 og 20 metrum.*





*Farsæl lausn á magnaravandræðum TF3IRA. Þann 23. febrúar fóru aftur fram skipti á RF mögnurum við félagsstöðina TF3IRA. Harris RF-110A magnari félagsins sem hafði verið til skoðunar og yfirferðar hjá TF3BM var færður á ný í Skeljanes þann dag. Að sögn Bjarna, er magnarinn jafngóður og nýr og gefur auðveldlega út 1kW á 10-160 metrum og var honum m.a. sérstaklega breytt fyrir 160 metra bandið. Með Bjarna Magnússyni, TF3BM, á myndinni er Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG.*

#### **2.3.4 Kenwood TS-2000.**

Í ljós kom þann 25. september, að Kenwood TS-2000 stöð félagsins var hætt að senda. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI, tók að sér að gera við stöðina og með aðstoð Róberts Harrys Jónssonar TF8TTY sem útvegaði hálfleiðara til viðgerðarinnar, komst hún í lag á ný. Ari kom með stöðina í hús 25. október og fór þá fram viðamikil prófun sem stöðin stóðst með þryði. Bilunin var í knýstigi í sendi stöðvarinnar. Viðgerðin var án útgjalda fyrir félagssjóð.



*Ari Þórólfur Jóhannesson TF3ARI prófar Kenwood TS-2000 stöð TF3IRA í fjarskiptaherbrgi félagsins 25. október.*

## 2.4 MERKING OG UPPFÆRSLA Á BÚNAÐI TF3APG.

Sérstök merking var sett upp við TF3APG (áður TF3RPG) APRS stafavarpinn í fjarskiptaherbergi félagsins í félagsaðstöðinni þann 5. nóvember. Fyrir neðan kallmerkið, TF3APG (á veggnum) stendur: APRS stafvarpi á 144.800 MHz.



Búnaður APRS stafvarpans TF3APG er staðsettur mitt á milli fjarskiptaborða A og B í fjarskiptaherbergi félagsins í Skeljanesi.

Uppfærsla fór fram á búnaði APRS stafvarpans helgina 1.-3. mars. Varpinn keyrir nú á Linux stýrikerfi á Telenor IntelliOp Vehicle PC VPC010 tölvu sem notar APRX hugbúnað frá Matti Aarnio, OH2MQK (útgáfu 0.32). Við sama tækifæri var afl varpans aukið og notar hann nú Yaesu FTL-2007 stöð sem hefur 25W sendiafl á QRG 144.800 MHz. Samúel Þór Guðjónsson, TF2SUT, annaðist hönnun og uppsetningu ásamt Jóni Þóroddi Jónssyni, TF3JA.

## 2.5 GJAFIR TIL TF3IRA.

Við skoðun á annarri af tveimur tölvum félagsstöðvarinnar þann 7. febrúar var vélin við fjarskiptaborð-A dæmd ónýtt; en þéttar á móðurborði voru bólgirnir út og við það að springa. Við svo búið tók Benedikt Guðnason, TF3TNT, stöðvarstjóri TF3IRA tölvuna niður (enda hún hætt að vinna) og fjarlægði harðan disk vélarinnar.

Þremur vikum síðar, þann 28. febrúar, bárust fréttir af því að Tölvuleikjafyrirtækið CCP hafi ákveðið að gefa félaginu tvær notaðar tölvur (í góðu standi). Benedikt Sveinsson, TF3CY, hafði milligöngu með gjöfina og að hans álitni henta vélarinnar vel til notkunar í fjarskiptaherbergi félagsins. Þann 14. mars var fyrri tölvun tengd og sett upp. Síðari tölvun er væntanleg með vorinu. Félagssjóður festi í framhaldi, kaup á Windows 7 leyfum. Sá kostnaður nam 37.200 krónum.



Fyrri tölvun af tveimur sem félaginu var gefin af tölvuleikjaframleiðandanum CCP komin í hús í Skeljanesi þann 14. mars við fjarskiptaborð-A.

Þá barst félaginu að gjöf frá TF3CW þann 15. október, Butternut HF6V loftnet fyrir TF3IRA, sem er sex banda stangarloftnet fyrir 80, 40, 30, 20, 15 og 10 metra böndin. Þetta er loftnet sem Sigurður hefur notað í nokkurn tíma en er í fullkomnu lagi.



## 2.6 HERBERGI Í KJALLARA.

Við breytingar á embættismannaskipan þann 26. júlí þegar Mathías Hagvaag, TF3MHN, tók við sem QSL stjóri útsendra korta, var samþykkt að hann myndi flytja vinnuástöðu fyrir embættið á heimili sitt. Í framhaldi var vinnuborð kortastofunnar flutt, ásamt öðrum búnaði stofunnar, svo sem bréfavigt, límmiðaprentara o.fl. Við þessa breytingu losnaði um pláss í geymsluherbergi félagsins í kjallaranum. Í framhaldi var ákveðið að taka til í herberginu og er nýting þess mun betri eftir þá aðgerð.



*Myndin er tekin í geymslu Í.R.A. í kjallara í félagsaðstöðunni í Skeljanesi eftir tiltekt sumarið og haustið 2012.*

## 2.7 FRAMKVÆMDIR UTANHÚSS.

Á starfsárinu einkenndust framkvæmdir utanhúss einkum af viðhaldsaðgerðum, svo sem lagfæringu á rótor og loftnetum félagsins. Stutt yfirlit fylgir hér á eftir.

### 2.7.1 Turnefni fyrir TF3IRA sótt á Rjúpnahæð.

Þann 5. júní var settur texti á póstlista félagsins þar sem auglýst var eftir áhugasömum félögum til að sækja loftnetaeftni og möstur upp á Rjúpnahæð sem félagið hafði fengið gefins. Guðmundur Sveinsson, TF3SG, stóð fyrir verkefninu og hafði m.a. samband við Áhaldahús Kópavogs vegna þess. Þann 8. júní fluttu þeir Guðmundur Sveinsson, TF3SG; Gunnar Svanur Hjálmarsson, TF3FIN og Benedikt Sveinsson, TF3CY, 12 turneiningar í Skeljanes frá Rjúpnahæð. TF3FIN útvegaði stóran vörubíl með krana til verksins.



Alls 12 turneiningar komnar í Skeljanes þann 8. júní. Eins og sjá má á myndinni eru ryðblettir á sumum eininganna, en auðveldlega má fara með vírbursta á þá og menja í sárið og mála/lakka svo yfir. Þann 20. október voru einingarnar skrúfaðar í sundur (að mestu) þar sem þær höfðu í raun verið settar niður á göngustíg á milli húss og bárujárnsveggjar (sbr. ljósmyndina að ofan) sem þarf að vera greiðfær fyrir starfsmenn Borgarinnar. Guðmundur Sveinsson, TF3SG, annaðist verkið með aðkomu Baldvins Þórarinnssonar, TF3-Ø33.

### 2.7.2 Tilraunir með fellitvívól

Þann 23. ágúst gerðu þeir TF2SUT, TF3WO og TF3TNT stöðvarstjóri TF3IRA tilraun með uppsetningu fellitvívólís (e. „folded dipole“) fyrir 7 MHz í Skeljanesi. Um var að ræða heimatilbúið loftnet sem var strengt frá fjarskiptaherbergi TF3IRA út í loftnetsturn félagsins (sem SteppIR 3E Yagi loftnet stöðvarinnar er fest við). Samanburður tilraunaloftnetsins (sem að vísu var í lágmarkshæð) við New-Tronics Hustler 6-BTV stangarloftnetið, kom vel út.




TF2SUT og TF3WO gera fellitvívólínn kláran í portinu bak við húsið í Skeljanesi.



### 2.7.3 Steppir 3E Yagi lagfært.

TF3IRA varð loks að fullu QRV á SteppIR 3E Yagi loft-neti félagsins þann 26. júlí 2012, en rótorvandamál höfðu hrjáð loftnetið allt frá 30. apríl 2011. Þann 4. febrúar 2012 var gerð tilraun til viðgerðar, en nokkrum dögum síðar kom í ljós að hún hafði mistekist. Líkt og fram kemur í árs-skýrslu félagsins fyrir tíma-bilið 2011-2012 (bls. 25-27) var áfram leitað að bilun, en án árangurs. Svo, þann 26. júlí, kleif Benedikt Sveinsson, TF3CY, turninn og kom rótornum loks endanlega í lag.




SteppIR „High-Wind Kit“ fyrir 3E Yagi loftnet félagsins.

Þann 29. september var upphaflegri rörfestingu SteppIR loftnetsins (e. „boom-to-mast“) skipt út fyrir nýja og öflugra festingu sem keypt var frá framleiðandanum, þ.e. svokallað „High-Wind Kit“ (sjá mynd að ofan). Bóma loftnetsins (sem er úr áli) var farin að losna og gliðna á annarri samsetningunni og það sama var að byrja á hinni. Fjórir nýir boltar voru því boraðir í gegn (á báðum hlutum bómunnar) til styrkingar. Þá var gengið frá tengingum við AlfaSpid rótorinn og þær vatnsvarðar. Loks var þráður þræddur í gegnum talú efst á turninum vegna fyrirhugaðra loftnetappsetninga á lægri tíðnunum. Verkið var unnið undir stjórn Benedikts Guðnasonar, TF3TNT, stöðvarstjóra TF3IRA. Aðrir sem komu að verkinu: Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, Baldvin Þórarinnsson TF3-Ø33 og Jónas Bjarnason TF3JB.



Benedikt Guðnason TF3TNT gengur frá nýju festingunni. TF3-Ø33 og TF3CW slá á léttu strengi og aðstoða.



Uppsetning HF6V stangarloftnetsins 20. október. TF3-Ø33 og TF3CW.

#### 2.7.4 Stangarloftnet TF3IRA

Síðari hluta sumars, hrjáði sambandsleysi Hustler 6-BTV stangarloftnet Í.R.A. Í ljós kom, þann 2. september, að fæðilínan hafði losnað að hluta frá loftnetinu. Jón Ingvar Óskarsson, TF1JI, tók að sér að tengja hana á ný og komst loftnetið í gott lag þann dag. Loftnetið vann þá vel á 10-40 metrum, en ekki á 80 metrum, þar sem spóla og toppur fyrir það band hafði fallið af loftnetinu áður.

Nokkru síðar, þann 15. október, færði Sigurður Jakobsson, TF3CW, félaginu að gjöf notað Butternut HF6V loftnet, sem er 6 banda stangarloftnet fyrir 80, 40, 30, 20, 15 og 10 metra böndin. Það loftnet var síðan sett upp 20. október í stað 6-BTV loftnetsins og annaðist Sigurður uppsetningu þess ásamt Baldvin Þórarinssyni, TF3-Ø33.

Nýja loftnetið virkaði prýðilega þar til í byrjun janúar 2013, en þegar félagsmenn hugðu á þátttöku í ARRL RTTY

Roundup keppninni þann 5. janúar kom í ljós, að HF6V stangarloftnetið hafði brotnað í tvennt þannig, að efsta rörið (ca. 2 metrar) hékk í stögunum. Ekki höfðu menn tekið eftir þessu áður, þar sem félagsaðstaðan hafði verið lokað frá því um miðjan desember og ekki opnað á ný fyrr en 3. janúar. Líklegast var talið að loftnetið hafi brotnað í hvassviðri sem gekk yfir höfuðborgina skömmu eftir miðjan desember.

Sakir langvarandi vætutíðar og tímaleysis, náðist ekki að fella Butternut HF6V loftnetið fyrr en 24. mars. Vettvangskönnun leiddi í ljós, að loftnetið var meira laskað en gert var ráð fyrir og var því ákveðið að taka það niður til viðgerðar. Í millitíðinni verður Hustler 6-BTV loftnetið sett upp aftur (en án 80 metrana).



Butternut HF6V tekið niður til viðgerðar 24. mars. Benedikt Guðnason TF3TNT og Erling Guðnason TF3EE hjálpast að við flutninginn.





*Benedikt Guðnason TF3TNT stöðvarstjóri TF3IRA, festir upp á ný húsloftnet fyrir VHF/UHF böndin .*

### **2.7.5 VHF/UHF loftnet TF3IRA**

J-póll húsloftnet TF3IRA fyrir VHF/UHF böndin var tekið til viðgerðar í byrjun októbermánaðar og sett upp á ný þann 25. október. Loftnetið var upphaflega smíðað af Vilhjálmí Ívari Sigurjónssyni, TF3VS og gefið félaginu af honum. Það er úr koparrörum og var orðið verulega tært þegar Benedikt Guðnason, TF3TNT, stöðvarstjóri TF3IRA, kom höndum yfir það og þreif upp og þússaði. Síðan var það úðað með sérstakri málningu sem mun verja koparinn fyrir sjávarúða Atlantshafsins í hvassviðrum vetrarins. Eftir uppsetningu voru gerðar samanburðarprófanir við annað loftnet (Diamond VHF/UHF glertrefjanet til vinstri á myndinni). J-póll loftnetið sýndi áberandi hærra móttökustyrk á þremur stöðum þegar prófanir voru gerðar. Prófanirnar voru gerðar á VHF.

### **2.8 NÝR STÖÐVARSTJÓRI TF3IRA**

Benedikt Guðnason, TF3TNT, er nýr stöðvarstjóri TF3IRA. Hann var skipaður í embætti á fundi stjórnar félagsins þann 5. júlí. Benedikt er G-leyfishafi. Hann tók við embætti af Benedikt Sveinssyni, TF3CY sem hafði verið í embætti í 11 mánuði þegar hann ákvað að hætta.



*Benedikt Guðnason TF3TNT.*

Benedikt Guðnason, TF3TNT, fékk úthlutað kallmerki árið 1996 og er handhafi leyfisbréfs nr. 236. Hann hefur töluvert starfað á vettvangi félagsins. Hann sat m.a. í stjórn Í.R.A. á tímabilinu 2001-2005, fyrst sem varamaður 2001-2003 og síðan sem ritari og meðstjórnandi, 2003-2005. Hann sat ráðstefnu NRAU sem haldin var í Borgarnesi árið 2002 og var annar tveggja fulltrúa Í.R.A. í VHF nefnd þess fundar. Í framhaldi sótti hann VHF ráðstefnu NRAU sem haldin var í Noregi. Benedikt hefur enn fremur skrifað greinar í CQ TF og flutt erindi á vettvangi félagsstarfsins. Þess má geta, að Benedikt gegnir jafnframt embætti VHF stjóra félagsins og var skipaður sem slíkur á fundi stjórnar félagsins þann 17. september. Stjórn Í.R.A. býður Benedikt Guðnason, TF3TNT, velkominn til starfa og þakkar forvera hans í embætti, Benedikt Sveinssyni, TF3CY, góð störf í þágu félagsins.

## 2.9 WAS OG WAZ VIÐURKENNINGARSKJÖL.

Langþráðu takmarki var náð á fyrra stjórnartímabili (2011) þegar þrjú DXCC viðurkenningaskjöl fyrir félagsstöðina TF3IRA voru í höfn og negld á vegg í fjarskiptaherbergi félagsins. ARRL hefur jafnframt staðfest að þetta voru fyrstu DXCC viðurkenningaskjölin sem gefin hafa verið út til félagsstöðvarinnar. Á þessu stafsári (2012-2013) náðist til viðbótar, að afla þriggja WAS viðurkenningaskjala og fyrsta WAZ viðurkenningarskjalsins fyrir TF3IRA.



*Worked All States - WAS - viðurkenningaskjöl TF3IRA líta óneitanlega glæsilega út í vandaðri innrömmun.*

### 2.9.1 Worked All States Award (WAS).

Viðurkenningarskjölin frá ARRL fyrir TF3IRA komu úr innrömmun þann 3. september (2012). Um er að ræða alls þrjú skjöl, þ.e. svokallað „Basic“ skjal fyrir allar tegundir útgeislunar (e. mixed), fyrir mors (CW) og fyrir tal (Phone). ARRL hefur staðfest að þetta eru fyrstu WAS viðurkenningaskjölin sem gefin hafa verið út til félagsstöðvarinnar. Viðurkenningaskjölunum hefur verið valinn staður í fjarskiptaherbergi félagsins í samráði við stöðvarstjóra. Stjórn Í.R.A. þakkar þeim Mathíasi Hagvaag, TF3MHN og Guðlaugi Kristni Jónssyni, TF8GX, fyrir aðkomu þeirra að verkefninu, en Mathías tók saman kortin og undirbjó umsóknir og Guðlaugur, sem er trúnaðarmaður ARRL hér á landi, annaðist yfirferð korta og gekk frá umsóknunum. Þess má geta, að allt verkefnið er án kostnaðar fyrir félagssjóð, þar sem ARRL felldi niður öll gjöld og innrömmunin var færð félaginu að gjöf af áhugasömum félagsmanni.

### 2.9.2 Worked All Zones Award (WAZ).

Viðurkenningarskjalið fyrir TF3IRA frá CQ tímaritinu kom úr innrömmun þann 22. mars (2013). Um er að ræða fyrsta WAZ viðurkenningarskjal félagsstöðvarinnar og er það veitt fyrir allar tegundir útgeislunar (e. Mixed Mode). Undirbúningur er langt kominn með umsóknir fyrir tvö önnur WAZ viðurkenningarskjöl. Annars vegar fyrir sambönd einvörðungu á morsi og hins vegar einvörðungu á tali. Skjalinu hefur verið valinn staður í fjarskiptaherbergi félagsins í samráði við stöðvarstjóra (sbr. ljósmynd á næstu síðu).

Stjórn Í.R.A. þakkar þeim Mathíasi Hagvaag, TF3MHN og Jónasi Bjarnasyni, TF3JB, fyrir aðkomu þeirra að verkefninu, en Mathías tók saman kortin og undirbjó umsóknina og Jónas, sem er trúnaðarmaður CQ tímaritsins hér á landi, annaðist yfirferð korta og gekk frá umsókn.

Þess má geta, að verkefnið er án kostnaðar fyrir félagssjóð, þar sem CQ tímaritið felldi niður umsóknargjöld og innrömmun var færð félaginu að gjöf af áhugasömum félagsmanni.



*WAZ viðurkenningarskjal TF3IRA var hengt á vegg í fjarskiptaherberginu í Skeljanesi þann 24. mars.*

Mathías stefnir að því að ljúka umsóknum fyrir WAZ skjöl fyrir mors og tal fyrir árslok 2013. Síðan er á áætlun að fullvinna umsóknir fyrir CQ Worked All Prefixes Award, WPX; CQ DX AWARD og Worked All Europe, WAE viðurkenningarnar fyrir vorið 2014, en töluverð vinna liggur að baki sérhverri umsókn.



*Mathías Hagvaag  
TF3MHN og Guðlaugur  
K. Jónsson TF8GX.  
Myndin var tekin í  
Skeljanesi þegar gengið  
var frá DXCC umsóknum  
fyrir TF3IRA á fyrra  
starfsári.*





Úr félagsstarfinu. Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, Kristján Benediktsson TF3KB og Martin Berkofsky TF3XUU (KC3RE) á góðri stundu í Kaffivagninum í Reykjavík þann 27. maí 2012.

Martin Berkofsky, TF3XUU (KC3RE) píanóleikari var hér á ferð vorið 2012 og spilaði m.a. á tónleikum til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands í Hörpu þann 26. maí. Martin gaf sér tíma til að hitta nokkra íslenska leyfishafa skömmu áður en hann hélt af landi brott þann 27. maí, samanber meðfylgjandi ljósmynd. Martin lauk prófi til amatörleyfis hér á landi árið 1984 og starfaði m.a. um tíma sem radióvitastjóri Í.R.A. á Garðskaga þar sem hann gætti radióvitans TF8VHF sem varð QRV 19. janúar 1986 (QRG 144.939 MHz). Martin er mikill „morsmaður“ og var QRV hér á landi um árabil, bæði sem TF3XUU og TF8XUU.



Úr félagsstarfinu. Leila Hämäläinen OH6SO heimsótti félagsaðstöðu Í.R.A. 5. júlí 2012. Með henni á myndinni eru Haraldur Þórðarson TF3HP og Ársæll Óskarsson TF3AO.

## 3. Vetrardagskrá; erindi

### ERINDISFLUTNINGUR, FLÓAMARKAÐUR, SUNNUDAGSOPNANIR

#### 3.1 INNGANGUR

Vetrardagskrá Í.R.A starfsárið 2012-2013 var í tveimur hlutum, fyrir tímabilið september-desember og tímabilið janúar-maí. Fyrri hlutinn var kynntur á sérstökum fimmtudagsfundi þann 27. september og síðari hlutinn var kynntur á heimasíðu félagsins þann 1. janúar og síðan á sérstökum fimmtudagsfundi 24. janúar. Að þessu sinni voru alls 14 erindi í boði, auk myndakvölda, námskeiða, flóamarkaðar og sunnudagsopnana; alls 41 viðburður. Dagskráin var í umsjón Andrésar Þórarinssonar, TF3AM, varaformanns félagsins. Í þessum kafla verður veitt stutt yfirlit yfir þau erindi sem flutt voru á vetrardagskrá starfsársins.

##### 3.1.1 Erindi 18. október.

Erindi Ólafs Björns Ólafssonar, TF3ML. Erindið nefndist: „Að smíða færanlegt fjarskiptavirki“. Erindið var skilmerkilega flutt og fróðlegt og leiddi hann viðstadda í líflegri frásögn í allan sannleika um, hvernig það gengur fyrir sig að festa kaup á, innréttu og útbúa 12 tonna vöruflutninga-bifreið sem færanlegt fjarskiptavirki. Ólafur lýsti m.a. kaupum í Frakklandi á sérbúnum 4 tonna vagni sem tengdur er aftan í vöruflutninga-bifreiðina og á er viðfestur turn, sem hækka má í allt að 28 metra hæð yfir jörðu. Hönnun fjarskiptavirkisins, þ.m.t. innréttung kassa vöru-bifreiðarinnar og breyting-



Ólafur B. Ólafsson TF3ML flutti erindi í Skeljanesi þann 18. október.

ar á loftnetsvagni tóku tæpt ár. Bifreið og búnaður var tekinn í notkun um páskana 2012 og fór Ólafur í alls 10 leiðangra um landið þar til bifreið og vagn voru sett í hús til vetrargeymslu. Í ferðum sínum síðastliðið sumar, fór hann á jafn ólíka staði og upp á Bola-fjall við Bolungavík, til Stórhöfða í Vestmannaeyjum og til Hafnar í Hornafirði. Í erindinu kom fram, að fjárhagsáætlun fyrir verkefnið var 20 milljónir króna. Tæplega þrjú tugir félagsmanna mættu í félagsaðstöðuna í Skeljanesi þetta fimmtudagskvöld og hlýddu á erindið.

**3.1.2 Erindi 25. október.** Erindi Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA. Erindið fjallaði um fæðilínur og var mjög áhugavert. Fram kom m.a. að fæðilínur eru jöfnum höndum kallaðar flutningslínur og flytja afl (merki) á milli sendis og loftnets, yfirleitt í báðar áttir. Fram kom einnig, að flutningslínur þykja lítt áhugaverðar þegar bylgjulengdin er miklu lengri en línan



sjálf. Sæmundur fór á áhugaverðan hátt út í „praktíska“ þætti eins og t.d. gerð línuspenna úr kóaxköplum. Drjúgur tími fór einnig í yfirferð á standbylgjum, enda áhugi mikill hjá viðstöddum á efninu. PowerPoint glærur með erindinu eru vistaðar á heimasíðu félagsins. Á þriðja tug félagsmanna mættu í félagsaðstöðuna í Skeljanesi og hlýddu á erindið.



*Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA flutti erindi um fæðilínur í Skeljanesi þann 25. október.*

**3.1.3 Erindi 1. nóvember.** Erindi Jónasar Bjarnasonar, TF3JB og Guðlaugs Kristins Jónssonar, TF8GX. Erindið nefndist: „Helstu viðurkenningaskjöl í boði fyrir radióamatöra“. Fram kom m.a. að í boði í heiminum í dag eru um 10 þúsund mismundandi viðurkenningarskjöl fyrir radióamatöra. Helstu útgefendur eru hin ýmsu landsfélög radióamatöra (m.a. Í.R.A.), ýmsir klúbbar og samtök og tímarit radióamatöra. Að mati þeirra félaga, eru þekktustu viðurkenningaskjölin: DX Century Club, DXCC (ARRL); Worked All States, WAS (ARRL); Worked All Continents, WAC (IARU); Worked All Zones, WAZ (CQ); Worked All Prefixes, WPX (CQ); CQ DX Award (CQ); Islands on the Air, IOTA (RSGB); Worked All Europe, WAE (DARC); og Europa Diplom (DARC). Jónas flutti erindið einn í fjarveru Guðlaugs Kristins sem ekki átti heimangengt frá Keflavík. PowerPoint glærur með erindinu eru vistaðar á heimasíðu félagsins. Um 20 félagsmenn mættu í Skeljanes þrátt yfir hvassviðri og kalsaveður í höfuðborginni.



*Jónas Bjarnason TF3JB flutti erindi um viðurkenningaskjöl radióamatöra í Skeljanesi 1. nóvember.*



Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS ræddi þýðingar og Logger32 dagbókarforritið í Skeljanesi 8. nóvember.


**3.1.4 Erindi 8. nóvember.** Erindi Vilhjálms Ívars Sigurjónssonar. Erindið nefndist: „Logger32; álitamáli við þýðingu og kynning forritsins“. Reynsluþýðing Vilhjálms á íslensku á Logger32 út í byrjun ársins 2012. Og var um að ræða fyrsta dagbókarforritið af þessu tagi sem vitað er um að hafi verið þýtt á íslensku og hefur það síðan verið í boði ókeypis til íslenskra radióamatöra. Vilhjálmur ræddi fyrst almennt um þýðingar og hversu vandasamar þær geta verið. Hann nefndi m.a. erfið orð eins og „operator“ og „rotor“ sem erfitt væri í raun að þýða öðruvísi en sem óperatör og rötör. Þá væru fjölmörg dæmi um vel heppnaðar þýðingar, s.s. þyrping (e. „cluster“), rökkurlína (e. „grey line“) og kös (e. „pile-up“).

Þá tók við kynning á forritinu sjálfu og tók Vilhjálmur fjölmörg dæmi og sýndi á skjávarpa, máli sínu til skýringar. Viðstöddum varð fljótt ljóst, að á ferðinni er afar öflugt og fjölhæft forrit. Hann sýndi m.a. hvernig hver og einn óperatör getur aðlagð það eigin þörfum. Fram kom, að leyfishafar geta sótt forritið ókeypis á netið og sýndi Vilhjálmur hvernig menn bera sig að við það. Alls mættu 27 félagar í Skeljanes þetta vindasama fimmtudagskvöld í höfuðborginni og hlýddu á erindið.

**3.1.5 Erindi 15. nóvember.** Erindi Yngva Harðarsonar, TF3Y. Erindið nefndist: „Logbook of the World (LoTW); hvar og hvernig“. Hann kynnti rækilega hvernig leyfishafar bera sig að við að öðlast skráningu í LoTW gagnagrunninn sem getur verið vandasamt, nema að reglum ARRL sé fylgt. Hann sýndi að auðvelt er að hafa fleiri en eina skráningu í grunninum, t.d. fyrir TF3YHN, TF3YH og TF3Y. Hann sýndi einnig hvernig senda á dagbókargögn og benti m.a. á að mörg dagbókarforrit bjóði valkvætt að senda gögnin strax eftir að QSO'i lýkur. Hann fór einnig rækilega yfir, hve þægilegt og auðvelt er að fletta í eigin gögnum í LoTW. Alls mættu 29 félagar í Skeljanes og hlýddu á erindi Yngva.



Yngvi Harðarson TF3Y fjallaði um „Logbook of the World“ 15. nóvember.



Guðmundur Löve TF3GL flutti erindi um endurvarpsstöðvar á VHF/UHF í Skeljanesi 29. nóvember.

**3.1.6 Erindi 29. nóvember.** Erindi Guðmundar Löve, TF3GL. Erindið nefndist: „Áhugaverðar nýjungar í endurvarpsstöðvum á VHF/UHF“. Hann fjallaði m.a. um samanburð á merkjum frá endurvarpa, bílstöð og handstöð á VHF og UHF, út frá mismunandi tæknilegum forsendum og mismunandi staðsetningu endurvarpa, s.s. á Skarðsmýrarfjalli, Skálafelli, í Bláfjöllum, Vestmannaeyjum, á Garðskaga og víðar. Guðmundur sýndi m.a. afar áhugaverðar útbreiðslumyndir í „Radio Mobile“ forriti VE2DBE. Miklar umræður fóru fram yfir kaffibollum (og dönskum piparkökum) og síðan færðu menn sig yfir á tússtöfluna eftir að formlegu erindi lauk. Alls mættu 25 félagsmenn í Skeljanes þrátt fyrir rigningu og hvassviðri í höfuðborginni hlýddu á erindið.

**3.1.7 Erindi 6. desember.** Erindi Kristjáns Benediktssonar, TF3KB. Erindið fjallaði um endurbætt HF bandplan fyrir IARU Svæði 1. Kristján útskýrði fyrst þörfina fyrir skipulag af þessu tagi, þ.e. niðurskiptingu tíðnisviðanna eftir tegund útgeislunar og notkun. Hann



Kristján Benediktsson TF3KB flutti erindi um bandplön á amatörböndum í Skeljanesi 6. desember.



skýrði einnig vel alþjóðastarfið að baki setningar leiðbeinandi reglna af þessu tagi og fór yfir bandplönin fyrir amatörböndin frá 136 kHz til 30 MHz og skýrði helstu breytingar sem gerðar voru á ráðstefnu í IARU Svæði 1 í ágúst 2011. Félagsmenn spurðu margra spurninga. Alls mættu nær 30 félagsmenn í Skeljanes og hlýddu á erindið.



*Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS flutti fimmtudagserindið í félagsaðstöðunni í Skeljanesi 7. febrúar.*

**3.1.8 Erindi 7. febrúar.** Erindi Vilhjálms Ívars Sigurjónssonar, TF3VS. Erindið fjallaði um PSK-31 og aðrar tegundir stafrænnar mótunar fyrir byrjendur og var bæði fróðlegt og áhugavert. Vilhjálmur er vel heima í þessari tegund mótunar (sem og öðrum stafrænum tegundum) þar sem hann var með fyrstu radióamatörum í heiminum sem varð QRV á PSK-31, þegar á árinu 1999. Hann fór rækilega yfir upphaf og þróun PSK-31. Þá kynnti hann vel hvað menn þurfa til, hafi þeir áhuga á að komast í loftið og fór í þeim efnum yfir nauðsynlegan hugbúnað og vélbúnað. Þá tengdi hann Icom IC-703 Plus QRP HF-stöð sína sem var tengd við LP-200 gerviálag frá N8LP með innbyggðum aflmæli og sýndi lyklu á PSK-31 og hvað bæri að varast við stillingar. Loks ræddi Vilhjálmur „praktísk“ mál í sambandi við þessa tegund mótunar, m.a. aflþörf og sagðist alls ekki mæla með meira afli en



*Hluti af QRP búnaði Vilhjálms Ívars sem hann hefur komið fyrir haganlega í þar til gerðri burðartösku.*


40 wöttum á böndunum. Hann ræddi einnig upplýsingagjöf í loftinu og sagðist ráðleggja mönnum fremur að svara spurningum fremur en að senda út mikið magn upplýsinga, sem væri algengt. Alls mættu 28 félagsmenn í Skeljanes og hlýddu á erindið.



Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX flutti erindi sitt „Sögur úr bílnum“ í Skeljanesi þann 14. febrúar.

**3.1.9 Erindi 14. febrúar.** Erindi Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX. Vilhjálmur Þór hefur sýnt svo um munar að það er ýmislegt hægt að gera á amatörböndunum á HF „/m“ og má t.d. minna á þegar hann hafði fyrsta sambandið frá bílstöð frá TF til Japans (JA7FUJ) á CW á 160 metrum þann 17. nóvember 2009. Þetta var eitt af því fjölmarga sem fram kom í afar vel heppnuðu erindi hans í félagsaðstöðu Í.R.A. við Skeljanes fimmtudaginn 14. febrúar sem hann nefndi: „Sögur úr bílnum“. Hann byrjaði þó erindi sitt mun frammar í tíma, eða upp úr 1970 þegar hann byrjaði að vinna úr bílnum, aðallega á 80 metrum og síðan á 160 metrum strax þegar þeir voru leyfðir hér á landi. Hann sagðist þó hafa fengið „DX áhugann“ mun síðar. Síðan fylgdu margar bráðskemmtilegar sögur um einstakar ferðir og tilraunir. Vilhjálmur notar eingöngu heimasmíðuð loftnet og 100W sendi. Hann notar spólu og mismunandi langa toppa) um 3,3 metra og 4,7 metra háa. Honum reiknast til að nýtnin á 1,8 MHz sé til dæmis um 2,5%. Alls mættu 30 félagsmenn í Skeljanes og hlýddu á erindið.

**3.1.10 Erindi 28. febrúar.** Erindi Henrys Arnars Hálfánarsonar, TF3HRY. Erindið nefndist: „Væntanlegt stafrænt sjónvarp á Íslandi“. Henry er hvoru-veggja vel heima í fræðunum og áhugasamur um viðfangsefnið. Hann útskýrði vel tæknilegar forsendur og möguleika stafræns sjónvarps



Henry Arnar Hálfánarson TF3HRY flutti fimmtudagerindið í þann 28. febrúar.



umfram hliðrænt og þá möguleika sem felast í nýrri tækni. Félagsmenn höfðu margs að spyrja og var greiðlega leyst úr spurningum þeirra. Rúsinan í pylsuendanum, var „vettvangsferð“ viðstaddra til að skoða útsendingarþreifni RÚV sem lagt hafði verið fyrir utan félagsaðstöðuna í Skeljanesi (en Henry er starfsmaður RÚV). Alls mættu 26 félagsmenn í Skeljanes og hlýddu á erindið.



*Erindi TF3HRY endaði á „vettvangsferð“ í útsendingarþreifni RÚV fyrir utan félagsaðstöðuna í Skeljanesi.*

**3.1.11 Erindi 7. mars.** Erindi Jónasar Bjarnasonar, TF3JB. Erindið fjallaði um „nýju“ böndin svokölluðu, þ.e. 4 metra, 60 metra, 160 metra (1850-1900 kHz) og 630 metra. Meðal annars var útskýrður munur á „réttarstöðu“ sérheimilda samanborið við úthlutað bönd, m.a. hvað varðar nýja 630 metra bandið. Farið yfir nánar yfir heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar og einnig hvað er efst á óskalista félagsins við næstu uppfærslu (eða fyrr), svo sem hvað varðar sérstaklega afl- og tíðniheimildir. Fram kom m.a., að íslenskir leyfishafar voru með þeim fyrstu í IARU Svæði 1 að fá PSK-31 heimild á 5 MHz, sem og (árið á undan) að fá 150 kHz tíðnisvið á 60 metrum í stað 8 fastra tíðna.



*Jónas Bjarnason TF3JB flutti erindi í Skeljanesi 7. mars.*

Fram kom einnig, að þess sé að vænta að lagt verði fram frumvarp á næstu tíðniákvörðunarráðstefnu ITU (WRC 15) um nýtt amatörband á 60 metrum, þ.e. 200 kHz band á 5.250-5.450 MHz. Ekki er þó talið víst að mögulegt verði að fá þetta band á [nákvæmlega] sama tíðnisviði yfir öll þrjú svæði heimsins (IARU Svæði 1, 2 og 3) líkt og heppnaðist á tíðniákvörðunarráðstefnunni 2012 (WRC-2012) hvað varðar 630 metra bandið, en þá fékk radióamatörþjónustan til ráðstöfunar tíðnisviðið 472-479 kHz yfir heiminn. Alls mættu 25 félagsmenn í Skeljanes og hlýddu á erindið.



*Erling Guðnason TF3EE flutti fimmtudagserindið ásamt TF3JB í Skeljanesi 11. apríl.*

**3.1.12 Erindi 11. apríl.** Erindi Erlings Guðnasonar, TF3EE; Jónasar Bjarnasonar, TF3JB og Guðlaugs Kristins Jónssonar, TF8GX. Það fjallaði um stærstu amatörsýningarnar, Dayton Hamvention í Bandaríkjunum, Ham Radio í Þýskalandi og Tokyo Ham Fair í Japan. Síndar voru myndir með frásögn þeirra Erlings og Jónasar, en ekki var fjallað um Dayton þar sem TF8GX átti ekki heimangengt. TF3EE fjallaði um sýninguna í Japan og TF3JB um Þýskaland. Fram kom m.a. að sýningin í Dayton er elst og var fyrst haldin árið 1952. Alls mættu 26 félagsmenn í Skeljanesi og hlýddu á erindið.



*Jónas Bjarnason TF3JB flutti fimmtudagserindið ásamt TF3EE í Skeljanesi 11. apríl.*



### 3.1.13 Erindi 18. apríl.

Erindi Yngva Harðarsonar, TF3Y; Kristjáns Benediktssonar, TF3KB og Vilhjálms Þórs Kjartanssonar. Þessir þrír sitja í starfshópi Í.R.A. um fjaradgang sem skipaður var þann 17. september 2012 og var fundurinn hugsaður til að gefa félagsmönnum stöðuskýrslu um verkefnið. Þess skal getið, að starfshópnum voru ekki settar tíma-skorður í vinnu sinni, enda mikilvægt að tekið sé tillit til alþjóðlegrar leiðsagnar sem er í mótun um þessar mundir. Á fundinum skilaði starfshópurinn 1. áfanga að skýrslu verkefnið. Skýrslan fjallar um fjaradgang íslenskra leyfishafa innan landsins. Meginniðurstöður eru, að hópurinn telur að íslenskur leyfishafi staddur hérlendis geti, innan heimilda síns eigin leyfis, fjarstýrt hvaða amatörsendi sem er í íslenskrri lögsögu með tiltækum fjarskiptaleiðum. Hvort sem leyfishafi er staddur hérlendis eða erlendis, er þetta alfarið háð reglum í landinu þar sem sendirinn er staðsettur. Honum ber að kynna sér þær. Starfshópurinn leggur til að tillögurnar verði grundvöllur að samráðsgrundvelli við stjórnvöld; en heppilegt kunni að vera á þessu stigi að fá afstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi fjaradgang íslenskra leyfishafa. Nokkrar umræður urðu um tillögur nefndarinnar og svörðu nefndarmenn greiðlega spurningum félagsmanna. Alls mættu 24 félagsmenn í Skeljanes og hlýddu á erindið.



Starfshópur Í.R.A. um fjaradgang skilaði áfangaskýrslu í Skeljanesi þann 18. apríl. Frá vinstri: Yngvi Harðarson TF3Y formaður, Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX og Kristján Benediktsson TF3KB.

### 3.1.14. Erindi 2. maí.

Erindi Jóns Þórodds Jónssonar, TF3JA; Sigurðar Óskars Óskarssonar TF2WIN; Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF3ARI; Henrys Arnars Hálfðánarsonar, TF3HRY; Jóns Svavarssonar, TF3JON; og Jónasar Friðgeirssonar, TF3JF. Þessir sex sitja í starfshópi Í.R.A. um gerð tillagna um neyðarfjaraskiptastefnu félagsins sem skipaður var 17. september. Fundurinn var hugsaður til að gefa félagsmönnum stöðuskýrslu um verkefnið. Á fundinum fór TF3JA yfir helstu viðfangsefni starfshópsins og rakti framkomnar hugmyndir um neyðarfjaraskiptastefnu félagsins. Starfshópurinn skilaði formlegum tillögum sínum til stjórnar Í.R.A. þann 12. maí og er hún birt í Viðauka B með skýrslunni. Alls mættu um 20 félagsmenn í Skeljanes og hlýddu á erindið.




Jón Þóroddur Jónsson TF3JA ræddi hugmyndir starfshóps Í.R.A. um tillögur að neyðarfjaraskiptastefnu félagsins. Starfshópurinn skilaði formlegum tillögum til stjórnar félagsins þann 12. maí 2013.





Úr félagsstarfinu. Claudio Corcione TF2CL, Salvatore Sasso IC8SQS og Pasquale Scannapieco DJØCL/IC8SQP, skoða útprentun af fyrsta RTTY QSO'inu sem haft var frá íslenski radióamatörstöð (TF3IRA) þann 29. mars 1974.

Góðir gestir sóttu félagsaðstöðu Í.R.A. heim þann 2. ágúst 2012. Það voru Salvatore Sasso, IC8SQS og Pasquale Scannapieco, DJØCL/IC8SQP. Þeir félagar voru í heimsókn hér á landi hjá Claudio Corcione, TF2CL, sem er búsettur á Akranesi og komu í Skeljanesið í hans fylgd. Salvatore hefur reyndar komið áður hingað til lands og heimsótti Í.R.A. vorið 2011. Salvatore og Pasquale eru báðir áhugamenn um RTTY og eldri „teletype“ vélar og spunnust miklar umræður um slík mál þegar þeir komu auga á innrammaðan pappír („hard copy“) sem hékk á vegg í fjarskiptaherbergi félagsins af fyrsta RTTY QSO'inu sem haft var frá íslenski radióamatörstöð sem Kristján Benediktsson, TF3KB, hafði frá TF3IRA, 29. mars 1974 á Teletype 15 vél. Það kom í ljós að þeir þekktu báðir vel til Teletype véla, ásamt Siemens og Olivetti. Umræðan náði síðan nýjum hæðum þegar Ari Þór Jóhannesson, TF3ARI, kom inn í herbergið og tjáði þeim að hann hafi verið viðgerðarmaður hjá Pósti & síma um áratuga skeið með sérhæfingu í að gera við og setja upp þessar vélar (þá sem telex búnað). Salvatore og Pasquale voru afar hrifnir af þeirri forsjálni að halda til haga pappírnum frá 1. QSO'inu á RTTY frá landinu. Spurðu þeir mikið um þennan TF3KB og báðu fyrir góðar kveðjur til hans. IC8SQS, DJØCL/IC8SQP og TF2CL eru allir Ítalir að uppruna og ættaðir frá eyjunni Ischia sem er um 30 km frá Napólí.



Umrædd innrömmuð útprentun af fyrsta RTTY QSO'i frá Íslandi sem haft var frá TF3IRA fyrir rúmum 39 árum og hangir innrammað á vegg í fjarskiptaherbergi félagsins.

# 4. Vetrardagskrá; námskeið og fleira

## NÁMSKEIÐ, MYNDAKVÖLD, FLÓAMARKAÐUR, SUNNUDAGSOPNANIR

### 4.1 INNGANGUR

Vetrardagskrá Í.R.A starfsárið 2012-2013 var haldin í tveimur hlutum, fyrir tímabilið september-desember og janúar-maí. Fyrri hlutinn var kynntur á sérstökum fimmtudagsfundi þann 27. september og síðari hlutinn var kynntur á heimasíðu 1. janúar 2013 og á fimmtudagsfundi 24. janúar. Að þessu sinni voru í boði erindi, myndakvöld, námskeið, flóamarkaður, sunnudagsopnanir og stöðutaka í morsi, auk jólakaffiboðs. Dagskráin var í umsjón Andrésar Þórarinssonar, TF3AM, varaformanns. Í þessum kafla er m.a. stutt yfirlit yfir námskeið, myndakvöld, flóamarkað og sérstaka opnunartíma á sunnudagsmorgnum.

#### 4.1.1 Námskeið.

Alls voru haldin fimm námskeið á vetrardagskrá félagsins starfsárið 2012/2013. Fyrst var haldið hraðnámskeið fyrir byrjendur í notkun MFJ 269 loftnetsgreinisins, 6. október. Þá var efnt til tveggja hraðnámskeiða/kynningardaga með sýnikennslu á DX-samböndum um gervitungl frá TF3IRA. Fyrra námskeiðið var í boði 20. október og það síðara 17. nóvember. Loks var efnt til tveggja hraðnámskeiða til upprifjunar á keppnisdagbókarforritinu „Win-Test“. Það fyrra, upprifjun-1, var haldið 9. mars það síðara, upprifjun-2, var haldið 16. mars.

#### 4.1.2 Hraðnámskeið/sýnikennsla í notkun MFJ 269.

Laugardaginn 6. október var Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, með hraðnámskeið (sýnikennslu) í Skeljanesi fyrir þá félagsmenn sem vildu læra á loftnetsgreininn MFJ-269. Fram kom, að það eru ótrúlega fjölbreyttar mælingar sem má gera með þessu tiltölulega ódýra mælitæki.



„Þetta var eins og besta einkakennsla hjá TF3DX“ sagði Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG og var mjög ánægður.



*Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN sýndi fyrirhyggju og kom með sinn eigin loftnetsgreini á staðinn og sagðist bara ánægður með að sitja aftarlega. Sagði að þar væri meiri ró og næði enda „nóteraði“ hann hjá sér flest af því sem Vilhjálmur Þór sagði.*

#### **4.1.3 Gervihnattafjarskipti; sýnikennsla.**

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI og Benedikt Guðnason, TF3TNT, leiðbeindu og voru með sýnikennslu á hraðnámskeiði í fjarskiptum um gervitungl radióamatöra frá félagsstöðinni, TF3IRA. Viðburðurinn var afar fróðlegur og vel heppnaður þrátt fyrir nokkra byrjunarörðugleika. Félagsstöðin er vel búin til þessara fjarskipta sem sýndi sig í þeim samböndum sem höfð voru. Menntóku almennt undir umsögn eins viðstaddra sem sagði í lok námskeiðsins: „Ég hef lært mikið í dag“. Ekki reyndist unnt að keyra nýtt Nova „tracking“ forrit félagsins, þar sem menn þurfa tíma til að kynna sér eiginleika þess.



*TF3ARI og TF3TNT leiðbeindu og voru með sýnikennslu á hraðnámskeiði í gervihnattafjarskiptum frá TF3IRA.*

#### **4.1.4 Gervihnattafjarskipti; sýnikennsla II.**

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI og Benedikt Guðnason, TF3TNT, leiðbeindu og voru með sýnikennslu á ný á hraðnámskeiði í fjarskiptum um gervitungl radióamatöra frá félagsstöðinni, TF3IRA, í Skeljanesi, laugardaginn 17. nóvember. Sambönd náðust í gegnum AMSAT Oscar 7, Fuji Oscar 29 (Jas 2), VUosat Oscar 50 og Saudi Oscar 52. Af þessum




fjórum gervihnöttum er sent á þá alla á 70 cm og hlustað á 2 metrum, nema AMSAT Oscar 7, þar sem sent er á 2 metrum og hlustað á 70 cm. Flest samböndin voru höfð á SSB, nema á Oscar 50, þar sem notuð var tíðnimótun (FM). Að þessu sinni náðust ekki sambönd á morsi.



Ari Þórólfur Jóhannesson TF3ARI í sambandi frá TF3IRA um VUosat Oscar 52 (Hamsat) gervitunglið. Vel gekk að hafa sambönd um Oscar 52.



Slegið var á léttu strengi á meðan beðið var næsta gervihnattar. Frá vinstri: Benedikt Guðnason TF3TNT, Ari Þórólfur Jóhannesson TF3ARI, Brynjólfur Jónsson TF5B og Mathías Hagvaag TF3MHN.



Upplýsingar um gervihnetti í bóði Næsti gervihnöttur kominn. Frá vinstri: TF3TNT, TF3ARI, TF3JA, TF3MHN, TF3VS og TF3SB fylgjast með.



Frá „upprifjun-1“ í notkun „Win-Test“ keppnisdagbókarforrísins í Skeljanesi 9. mars.

#### 4.1.5 „Win-Test“ upprifjunarnámskeið-I.

Yngvi Harðarson, TF3Y, leiðbeindi á hraðnámskeiði-I á „Win-Test“ keppnisdagbókarforritinu sem haldið var í Skeljanesi 9. mars. Þetta var fyrra námskeið af tveimur og miðaði við þarfir þeirra leyfishafa sem e.t.v. þurfa smávægilega upprifjun eða hafa spurningar um grundvallarþætti í notkun forrísins.

Höfundur Win-Test forrísins er franskur radíóamatör, O.L. Cam, F5MZN. Forritið er selt á 50 evrur á netinu og rennur allur ágóði af sölu þess til uppbyggingar á starfsemi radíóamatöra í Frönsku Guyana. Forritið styður við rúmlega 100 alþjóðlegar keppnir á HF/VHF.

#### 4.1.6 „Win-Test“ upprifjunarnámskeið-II.

Yngvi Harðarson, TF3Y, leiðbeindi á hraðnámskeiði-II á „Win-Test“ keppnisdagbókarforritinu sem haldið var í Skeljanesi 16. mars. Þetta var síðara námskeið af tveimur og miðaði við þarfir leyfishafa sem eru farnir að nota forritið, en vildu spyrja út í einstaka eiginleika forrísins. Yngvi fór m.a. í uppfærsluatriði og fleiri hagnýta þætti fyrir notendur forrísins.

### 4.2. MYNDAKVÖLD.

Á vetrardagskrá félagsins 2012/2013 voru tvö kvöld í boði þar sem sýndar voru DVD heimildarmyndir í Skeljanesi. Fyrra sýningarkvöldið var haldið þann 22. nóvember. Þá var sýnd DVD-heimildarmynd frá DX-leiðangri til Malpelo eyju við Kyrrahafsströnd Kólumbíu, sem farinn var í ársbyrjun 2012. Kallmerki var HKØNA. Sýningarstjóri var Guðmundur Sveinsson, TF3SG. Síðara sýningarkvöldið var haldið þann 4. apríl. Þá var sýnd DVD-heimildarmynd frá DX-leiðangri til Peter 1 eyju sem er staðsett nærri Suðurheimskaütinu, sem farinn var í ársbyrjun 2006. Kallmerki var 3YØX. Sýningarstjóri var Jónas Bjarnason, TF3JB, en Ari Þór Jóhannesson, TF3ARI, sá um hljóð.

#### 4.2.1 HKØNA; Malpelo Island.

DX-leiðangurinn til Malpelo Island var farinn dagana 21. janúar til 6. febrúar 2012. Kallmerki var HKØNA. Leiðangursmenn höfðu alls 195,292 QSO. Eyjan Malpelo, Isla de Malpelo, er staðsett í 378 km fjarlægð frá Kyrrahafsströnd Kólumbíu. Á eyjunni er engin byggð, en herstöð frá kólumbíska hernum sem hefur verið mönnuð í aldarfjórðung. Eyjan er á skrá UNESCO yfir helstu náttúruminjar heims. Sýningartími myndarinnar var 50 mínútur. Sýningin var í boði Brynjólfs Jónssonar, TF5B, sem jafnframt færði félaginu mynddiskinn til eignar.





Malpelo eyjaklasinn rís hæst um 500 metra. Sjórinn við eyjarnar er m.a. mikilvægur uppeldisstaður fyrir hákarla.

#### 4.2.2 3YØX; Peter 1 Island.

DX-leiðangurinn til Peter 1 Island var farinn 8.-22. febrúar 2006. Frá þeim tíma sem liðinn er hefur ekki verið farinn nýr DX-leiðangur til eyjunnar. Leiðangursmenn höfðu alls 87,304 QSO. Eyjan er afskekkt, óbyggð og er mikið veðravíti á þessum slóðum. Hún er þar að auki að mestu þakin íshellu og umlukin hafís (nánast árið um kring). Fjarlægð frá Suðurheimskautinu er rúmlega 400 kílómetrar. Sýningartími myndarinnar var klukkustund og var sýningin í boði Brynjólfs Jónssonar, TF5B, sem jafnframt færði félaginu mynddiskinn til eignar.



3YØX var QRV frá Peter I Eyju 8.-22. febrúar árið 2006. Leiðangursmenn voru alls 22 talsins frá 8 þjóðlöndum.

#### 4.3 FLÓAMARKAÐUR AÐ HAUSTI

Flóamarkaður Í.R.A. starfsárið 2012/2013 var haldinn sunnudaginn 21. október í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Metaðsókn var, en alls komu 46 félagar og gestir á staðinn. Húsið var opið frá hádegi til kl. 16. Framboð var ágætt, m.a. Kenwood TS-140S HF stöð ásamt PS-430 aflgjafa, Yaesu FT-847 HF stöð ásamt FT-20 loftnetsaðlögunarrás, Yaesu FT-900 HF stöð, Yaesu FT-107M HF stöð með FV-107 VFO, FP-107E sambyggðum aflgjafa/hátalara og FC-107 sambyggðri loftnetsaðlögunarrás/loftnetaskipti, nokkrar Yaesu FT-180A stöðvar, Yaesu FRG-7000 viðtæki, Alinco DM-330MVT 30A aflgjafi, mikið magn eldri VHF og UHF stöðva, smíðaeefni, íhlutir, kassar til smíða, mælitæki og margs konar aukahlutir (m.a. frá MFJ og Yaesu), auk loftneta fyrir HF VHF og UHF böndin frá Diamond, M2, Cushcraft og WiMO. Þá var ágætt framboð af tölvum, lyklaborðum og LCD tölvuskjám. Hápunktur dagsins var uppboð á dýrari hlutum og búnaði sem haldið var stundvíslega kl. 14





Ágætt úrval var af 100W HF sendi-/móttökustöðvum á flóamarkaðnum, m.a. frá Kenwood og Yaesu.



Einar Ívar Eiríksson TF3ZE skoðar Yaesu FT-847 og Yaesu FC-20 loftnetsaðlögunarrás sem fylgdi með.



Menn voru alvörugefnir meðan á uppboðinu stóð. Frá vinstri: Bjarni Magnússon TF3BM, Mathías Hagvaag TF3MHN, Benedikt Sveinsson TF3CY (sitjandi), Sigurður Smári Hreinsson TF8SM, Jónas Bjarnason TF3JB, Ari Þórólfur Jóhannesson TF3ARI, Georg Magnússon TF2LL og Jón Ingvar Óskarsson TF1JI.

og annaðist Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, það af einskærri snilld. Alls voru 15 „númer“ á uppboðinu og seldist allt. Óhætt er að fullyrða að þeir sem gerðu viðskipti á flóamarkaðnum hafi undantekningarlaust gert góð kaup.



Margt áhugavert var í boði. Frá vinstri: Stefán Arndal TF3SA, Jón Ingvar Óskarsson TF1JI, Ari Þórólfur Jóhannesson TF3ARI og Benedikt Sveinsson TF3CY.



Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN gerði góð kaup á flóamarkaðnum í tölvu, lyklaborði, skjá og mús.



Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS stjórnaði uppboði dagsins af einskærri snilld!



#### 4.4 SUNNUDAGSOPNANIR.

Alls voru auglýstar 8 sunnudagsopnanir á vetrardagskrá félagsins starfsárið 2012/2013. Þær urðu í reynd 7, þar sem fyrirhuguð sunnudagsopnun þann 17. mars féll niður vegna veikinda. Þessar sunnudagsopnanir fóru fram eftirtalda sunnudaga með eftirtalin umræðubemu:

(1) Þann 11. nóvember TF3ARI: „Flex sendi-/móttökustöðvarnar; FlexRadio 3000 á staðnum“; (2) þann 18. nóvember, TF3SB: „Lampatækin lifa enn; Heathkit HW-101 á staðnum“; (3) þann 25. nóvember, TF3JB: „Reglugerðarmál“; (4) þann 9. desember, TF3BJ: „PIC smáörgjörvarásir“; (5) þann 3. mars, TF3WO: „Kynning á Sky Command System II“; (6) þann 10. mars, TF3SA: „Félagar koma með morslykla sína í Skeljanes“; og (7) þann 14. apríl, TF3Y: „Reynsla af eign og notkun SteppIR 2E loftnets“.



TF3ARI talar um eiginleika FlexRadio 3000 í Skeljanesi þann 11. nóvember. Frá vinstri: TF3HP, TF3FIN, TF3ARI, TF3Y, TF3VS, TF3SA, TF3PPN, TF3IG og TF3MHN.

##### 4.4.1 Sunnudagur 11. nóvember.

Fyrsta sunnudagsopnun félagsaðstöðunnar á starfsárinu var haldin sunnudaginn 11. nóvember. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI, mætti í Skeljanes og kynnti helstu eiginleika og sérstöðu FlexRadio stöðvanna, sem notast saman með PC-tölvu. Hann kom með Flex 3000 stöð á staðinn, sem var tengd við stangarloftnet félagsstöðvarinnar. Stöðin var prófuð bæði í móttöku og sendingu á 14, 21 og 28 MHz og kom skínandi vel út. Hann sýndi mörg skemmtileg dæmi um hæfileika viðtækisins, sem gefur fjölbreytta möguleika til móttöku á morsi, tali og stafrænum tegundum mótunar. Í lokin var stöðin opnuð og innihaldið skoðað. Samdóma álit manna var að þetta væri vonduð smíði.

##### 4.4.2 Sunnudagur 18. nóvember.

Sunnudagsopnun var haldin 18. nóvember í Skeljanesi. Sigurbjörn Þór „Doddi“ Bjarnason, TF3SB, mætti í sófaumræður og var yfirskriftin: „Lampatækin lifa enn; Heathkit HW 101 á staðnum“. Doddi byrjaði umræðurnar nákvæmlega kl. 10:30 og fjallaði fyrst á afar fróðlegan hátt um mismunandi gerðir lampa og síðan um tímabilið ca. frá 1960-1980 og um helstu framfarir í HF stöðvum radióamatöra á þeim tíma. Sérstaklega var rætt um Heathkit, Collins, Swan, R.L. Drake og fleiri stöðvar. Doddi fékk margar spurningar sem hann svaraði greiðlega og út frá þeim voru sagðar skemmtilegar „lampatækjasögur“. TF3SB hafði tekið með sér (sem nýja) Heathkit HW-101 sendi-/móttökustöð; en HW-101 var einhver vinsælasta HF stöðin upp úr 1970 um allan heim (þ.m.t. á Íslandi). Hann kom einnig með „original“ aflgjafa, SpeedEx („original“) handmorslykil og Shure 444D borðhljóðnema (sem er með stillanlegum hálsi). Oskerblock „original“ silfraði afl-/standbylgjumælir félagsins var notaður og gervialag frá Celwave annars vegar, og Butternut HF6V stangarloftnet félagsins hins vegar. Eftir umræður, gafst viðstöddum tækifæri til að handleika og prófa HW-101 stöðina. Eins og áður segir, var hún sem ný á að líta og silkimjúkar stillingar VFO'sins vöktu athygli. Miðað var við að dagskrá yrði tæmd á hádegi en þar sem umræðuefnið var mönnum hjartfólgið var húsið ekki yfirgefið fyrr en klukkustund eftir þann tíma.





*Menn voru hressir við undirbúning sunnudagsopnunarinnar þann 18. nóvember. TF3SB og TF5B ræða málin.*



*TF3KJ (sem er eigandi að Heathkit HW-101) fylgist með þegar TF3JA skoðar búnaðinn af áhuga.*



*Óneitanlegra með fallegri tækjum. Heathkit HW-101 með utanáliggjandi hátalarakassa og Shure 444D.*



*TF3JB sagðist vera bjartsýnn á nýtt 5 MHz amatörband á WRC-2015. TF3BJ aðstoðar við að stilla tölvuna.*

#### **4.4.3 Sunnudagur 25. nóvember.**

Sunnudagsopnun var haldin sunnudaginn 25. nóvember. Jónas Bjarnason, TF3JB, mætti í sófaumræður og var yfirskriftin: Reglugerðarmál. Farið var yfir reglur og reglugerðir um starfsemi radióamatöra hér á landi frá upphafi eða frá 7. febrúar 1947. Hann stiklaði á stóru, en staðnæmdist við reglugerðina 1977 þegar íslenskir radióamatörar fengu m.a. „restina“ af 80 metra bandinu, SSTV og RTTY; einnig reglugerðina frá 1982 þegar við fengum 160 metra bandið. Þá var nógildandi reglugerð frá 2004 skoðuð með tilliti til þess hvað það er sem menn vilja helst breyta og hvaða heimildir radióamatörar í nágrennalöndum (t.d. í Noregi) hafa samanborið við okkur. Jónas ræddi enn fremur líkur á nýju amatörbandi á tíðni-ákvörðunarráðstefnu ITU eftir tvö ár (WRC-2015). Loks fjallaði hann almennt um þróun reglugerðarmála í heiminum hvað varðar radióamatöra.



*Kjartan H. Bjarnason TF3BJ ræddi PIC smáörgjörva 9. desember.*

#### **4.4.4 Sunnudagur 9. desember.**

Sunnudagsopnun var haldin þann 9. Desember. Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ mætti í sófaumræður og stýrði dagskrá. Hann flutti fyrst u.þ.b. 40 mín. inngang um PIC smáörgjörva með PowerPoint glærum til skýringar. Í framhaldi fóru fram skemmtilegar umræður, en Kjartan hafði komið með margar PIC „konstrúksjónir“ úr eigin safni, sem gengu manna á milli til skoðunar; auk þess sem aðrir félagsmenn sem komu á staðinn, sýndu eigin smíðar. Kjartan sagði, að ánægjulegt væri að sjá hve margir félagsmenn væru að smíða úr PIC örgjörvunum.





*TF3WO sýnir virkan „Kenwood Sky Command System II+“ í félagsaðstöðunni í Skeljanesi þann 3. mars.*

#### **4.4.5 Sunnudagur 3. mars.**

Guðjón Helgi Egilsson, TF3WO, stýrði sunnudagsopnun í Skeljanesi þann 3. mars. Yfirskrift viðburðarins var kynning á Kenwood „Sky Command System II+“. Dagskrá var þrískipt. Fyrst greinargóð PowerPoint kynning, síðan fluttu viðstaddir sig upp í fjarskiptaherbergi TF3IRA og á ný niður í stóra sófasettið á 1. hæð þar sem í boði var kaffi og meðlæti. Fram kom m.a. hjá Guðjóni, að kerfið er innbyggt í stöðvar af 2000 gerð frá Kenwood og bílstöðvar og handstöðvar frá sama framleiðanda, þannig að ekki þarf að nota (kaupa) sérstakan [aukalegan] hugbúnað. „Sky Command“ gerir eigendum TS-2000 stöðva (og fleiri frá sama framleiðanda) kleift að stýra þeim frá bílstöðvum eða handstöðvum á 2 metrum eða 70 cm, t.d. gerðum TH-D7A/G, TM-D700A eða TM-D710A.

#### **4.4.6 Sunnudagur 10. mars.**

Stefán Arndal, TF3SA, stýrði sunnudagsopnun í Skeljanesi þann 10. mars. Yfirskrift dagsins var: „Félagar koma með morslykla sína í Skeljanes“. Stefán fjallaði fyrst almennt um morslykla og kynnti m.a. svokallaðan „original bug“ frá Vibroplex, sem fyrst kom á markað árið 1905. Viðstaddir kynntu síðan þá lykla sem þeir komu með; margir komu með fleiri en einn morslykil og menn höfðu skemmtilegar sögur að segja af eigin lykllum. Margir voru sammála um að M.P. Pedersen lykillinn væri með bestu handlykllum (þekktur síðar sem Amplidan model 50713).



*Stefán Arndal, TF3SA, segir Guðmundi Sveinssyni, TF3SG, til með lyklingu á einpöllu „Single lever paddle“.*





*TF3SA var hafsjór af fróðleik um mors, morslykla, annan búnað til að senda mors og um morssendingar.*



*Skeljanesi 10. mars. Nokkrir af þeim morslyklum sem menn tók með sér í Skeljanes. Allir sem komu með lykila, útskýrðu tegund og gerð og jafnframt ef einhver saga var sem fylgdi. Stöðin á myndinni er Elecraft K3.*

#### **4.4.7 Um sunnudagsopnanir.**

Sunnudagsopnanir hafa verið skýrðar á þann veg, að um sé að ræða fyrirkomulag menntandi umræðna á messutíma sem eru hugsaðar sem afslappaðar, þ.e. þar sem menn sitja með kaffibolla í stóra sófasettinu og ræða amatör radíó. Tiltekinn leyfishafi sem hefur staðgóða þekkingu á viðkomandi umræðuefni, leiðir umræður og svarar spurningum.



*Erling Guðnason TF3EE hlustar einbeittur á morsmerkin úr tölvu Stefáns Arndal TF3SA.*

#### **4.5 STÖÐUTAKA Í MORSI.**

Stöðutaka í morsi fór fram í Skeljanesi 13. október. Stefán Arndal, TF3SA og Guðmundur Sveinsson, TF3SG, stóðu fyrir viðburðinum. Fyrirkomulag var þannig, að fyrst voru upphitunaræfingar og var boðið upp á texta í fimm stafa „grúppum“ annars vegar og á mæltu máli hins vegar. Menn gátu valið um að slá textann inn á lykklaborð (tölvu) eða að skrá niður á pappír. Þá var val um að hlusta á sendingarnar í gegnum hátalara eða í gegnum heyrnartól og komu sumir með eigin heyrnartól. Stöðutakan var „klæðskerasaumuð“ fyrir sérhvern þátttakanda og fékk fékk hver og einn nægan tíma (einkatíma) til að átta sig á eigin getu (með prófunum) í samráði við Stefán, sem hefur áratuga langa reynslu af morskennslu. Dagurinn þótti sérlega vel heppnaður og er ráðgert að endurtaka viðburðinn við tækifæri.



*Slappað af eftir stöðutöku í morsi. TF3JB, TF3SB, TF3JA og TF3SG. Á myndina vantar TF3EE, TF3UA og TF3ZA sem voru farnir þegar TF3SA tók myndina.*



#### 4.6 JÓLAKAFFI 2012.

Stjórn Í.R.A. efndi til nýs viðburðar á vetrardagskrá félagsins á starfsárinu, sem var að bjóða félagsmönnum til jólakaffis síðasta opnunarkvöld í Skeljanesi fyrir jól. Jólakaffið var að þessu sinni í boði fimmtudagsinn 13. desember. Kvöldið þótti heppnast vel. Í boði var veglegt jólabrauð frá Okkar bakaríi í Garðabæ; fjórar gómsætar tertur. Einhverjir höfðu á orði, að hefði verið haft fyrir því að þeyta rjóma með tertunum hefði vel mátt bjóða eiginkonunum líka. Þeir Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ, gjaldkeri félagsins, og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, ritari félagsins, báru þungan af undirbúningi þessa vel heppnaða viðburðar en Kjartan annaðist innkaup á jólabakkelsinu í heimabyggð í Garðabæ. Alls mættu 32 félagsmenn í Skeljanes þetta friðsæla fimmtudagskvöld í Reykjavík.



Jólakaffi Í.R.A. 13. desember. Frá vinstri: TF2WIN, TF1JI, TF3CY, TF3RF, TF3ARI, TF3UA og TF3BJ.



Jólakaffi Í.R.A. 13. desember. Frá vinstri: TF3VS, TF3AO, TF3BG, TF5B og TF3FIN.



# 5. Námskeið og próf til amatörleyfis

## NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRPRÓFS, PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS

### 5.1 NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRPRÓFS.

Námskeið Í.R.A. til amatörprófs árið 2013 hófst þann 12. febrúar og lauk 3. maí. Það stóð yfir í 12 vikur. Kennnt var tvo daga í viku, á þriðjudögum og föstudögum, kl. 18:30-20:45. Félaginu bauðst til afnota kennslustofa tækni- og verkfræðideildar V108 í Háskólanum í Reykjavík. Aðstaða í húsnæði HR við Menntaveg í Reykjavík er til fyrirmyndar, bæði hvað varðar kennara og nemendur. Skráðir þátttakendur voru 18 talsins.



*Háskólinn í Reykjavík er staðsettur við Menntaveg í Öskjuhlíð skammt frá Reykjavíkurlugvelli.*

Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, formaður prófnefndar, setti upp og vann skipulag námskeiðsins, sem birt er í Viðauka-B með skýrslunni. Jónas Bjarnason, TF3JB, annaðist framkvæmd og umsjón námskeiðsins fyrir hönd félagsins. Að þessu sinni voru leiðbeinendur á námskeiðinu níu talsins. Þeir voru (í stafrófsröð): Andrés Þórarinsson, TF3AM; Ágúst Úlfar Sigurðsson, TF3AU; Haukur Konráðsson, TF3HK; Henry Arnar Hálfðánarson, TF3HRY; Hörður Mar Tómasson, TF3HM; Kristinn Andersen, TF3KX; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA; Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX; og Þór Þórisson, TF3GW.



*Vilhjálmur TF3DX*



*Andrés TF3AM*



*Hörður Mar TF3HM*



*Henry TF3HRY*



*Kristinn TF3KX*



*Sæmundur TF3UA*



*Ágúst Úlfar TF3AU*



*Haukur TF3HK*



*Þór TF3GW*



*Jónas TF3JB*

### 5.1.1 Undirbúningur námskeiðs.

Stjórn Í.R.A. samþykkti á fundi þann 17. september, að fenginni jákvæðri umsögn prófnefndar, að kanna með áhuga á þátttöku í námskeiði til amatörprófs vorið 2013. Könnun var síðan gerð í vefmiðlum félagsins sem lauk 5. febrúar og skráðu sig alls 18 þátttakendur. Að loknu frekara samráði við prófnefnd var sent erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar 30. janúar með beiðni um prófhald þann 4. maí. Jákvætt erindi stofnunarinnar barst í framhaldi og sama dag var tilkynnt um þá niðurstöðu í vefmiðlum félagsins. Formleg tilkynning um endanlegar tímasetningar var síðan sett á heimasíðu Í.R.A. og póstlista þann 2. febrúar.



Jónas Bjarnason TF3JB, formaður Í.R.A., setur námskeið félagsins til amatörprófs í HR þann 12. febrúar 2013.

### 5.1.2 Setning námskeiðs Í.R.A. til amatörprófs.

Formleg setning námskeiðs til amatörprófs fór fram í stofu V108 í Háskólanum í Reykjavík þriðjudaginn 12. febrúar. Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður Í.R.A., flutti stutt ávarp við það tækifæri. Hann gat m.a. um mikilvægi amatör radiós sem vísindalegs áhugamáls, sem væri verðmætt, hvorutveggja fyrir þátttakendur og samfélagið í heild. Þá þakkaði hann Póst- og fjarskiptastofnun, yfirstjórn Háskólans í Reykjavík og prófnefnd félagsins stuðninginn við verkefnið og óskaði þátttakendum góðs gengis. Að því loknu hófst fyrsta kennslustundin sem var í umsjá Kristins Andersen, TF3KX.

### 5.1.3 Störf prófnefndar.

Hverju sinni mæðir mikið á prófnefnd við undirbúning og framkvæmd námskeiða félagsins til amatörprófs og var svo einnig að þessu sinni. Á vegum prófnefndar er m.a. unnið skipulag námskeiðs, val leiðbeinenda, undirbúningur, yfirferð og umsjón með framleiðslu námsgagna, samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun og loks samning og framkvæmd prófs til amatörleyfis, þ.m.t. yfirferð úrlausna, ásamt skipuðum fulltrúa stofnunarinnar.

Á hverju starfsári fer fram endurskoðun námsefnis á vegum nefndarinnar í samráði við fulltrúa PFS og stjórn félagsins. Á starfstímabilinu voru eftirfarandi gögn nýsamin/uppfærð:

- Námsefni og próf fyrir radióamatöra. Höfundur: TF3DX (mars 2013).
- Hætta af rafmagni og varnir. Höfundur: TF3DX (apríl 2013).

Eftirtalin gögn voru nýsamin/uppfærð á fyrra starfstímabili (2011/2012):

- Sviðsstyrkur nærri loftnetum; öryggismörk. Höfundur: TF3DX (mars 2012).
- Merki og mótun. Höfundur: TF3DX (maí 2011).



Eftirtaldir sitja í prófnefnd Í.R.A.: Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, formaður; Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS, ritari; Kristján Benediktsson, TF3KB; Kristinn Andersen, TF3KX og Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM.



Fundur í prófnefnd Í.R.A. þann 29. apríl. Frá vinstri: Kristján Benediktsson TF3KB, Kristinn Andersen TF3KX, Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, formaður prófnefndar, Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS, ritari prófnefndar og Jónas Bjarnason TF3JB, formaður í.R.A. (gestur á fundinum). Á myndina vantar Sigurð Smára Hreinsson TF8SM, prófnefndarmann.

## 5.2 PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS.

Próf til amatörleyfis fór fram á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 4. maí. Prófið var tvískipt, annarsvegar í undirstöðuatriðum í raffræði og radiótækni og hins vegar í reglugerð og viðskiptum. Alls þreyttu 11 þátttakendur fyrri hluta prófsins. Þar af náðu 5 fullnægjandi árangri til G-leyfis og 4 fullnægjandi árangri til N-leyfis. Sex þátttakendur þreyttu síðari hluta prófsins (reglugerðum) og náðu allir árangri til G-leyfis; en aðrir höfðu lokið þeim hluta með tilskyldum lágmarksárangri áður.



Hluti þátttakenda í prófi PFS til amatörleyfis sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 4. maí 2013.





Úrlausnir yfirfarnar eftir prófið þann 4. maí. Frá vinstri: Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur hjá PFS; Sigurður Smári Hreinsson TF8SM, prófnefnd Í.R.A.; Þór Þórisson TF3GW, Reglugerð og viðskipti; Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, formaður prófnefndar Í.R.A. og Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS, ritari prófnefndar Í.R.A.

Prófnefnd Í.R.A. annaðist undirbúning prófs og framkvæmd að viðstöddum fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar. Fulltrúi Póst- og fjarskiptastofnunar var Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur hjá PFS. Ábyrgðarmaður Í.R.A. var Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, formaður prófnefndar. Aðrir prófdæmendur: Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM, prófnefnd Í.R.A.; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, ritari prófnefndar Í.R.A. og Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður Í.R.A. Reglugerð og viðskipti: Þór Þórisson, TF3GW. Prófhald hófst stundvíslega kl. 10:00 árdegis og stóð próf í raffræði og radiótækni til hádegis og próf í reglugerð og viðskiptum frá kl. 12:30-14:00. Yfirferð úrlausna lauk um kl. 15:30 og bauðst þátttakendum þá að snúa aftur til prófstofu og skoða úrlausnir sínar. Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, formaður prófnefndar var í forsvari og fór síðan yfir rétt svör í prófinu og svaraði spurningum. Meðalaldur þátttakenda í prófinu að þessu sinni var 45 ár.

### 5.3 PRÓFKRÖFUR.

Prófkörfur Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis miðast við 5. gr. reglugerðar nr. 348/2004 og tilmæli CEPT nr. 61-02 (eftir því sem við á) og eru tvískiptar, þ.e. annars vegar fyrir N-próf og hins vegar fyrir G-próf. Prófkörfur eru eftirfarandi fyrir N-próf:

1. Grunnatriði í rafmagns- og radiófræði.
2. Innlendar og alþjóðlegar reglur og aðferðir í viðskiptum.
3. Helstu atriði í lögum um fjarskipti og reglugerð um radióáhugamenn.

Prófkörfur stofnunarinnar til amatörleyfis miðast við 5. gr. reglugerðar nr. 348/2004 og tilmæli CEPT nr. 61-02 eftir því sem við á og eru eftirfarandi fyrir G-próf:

1. Tækni: Raf-, rafsegul- og radiófræði; íhlutir; rásir; viðtæki; sendar; loftnet og sendilínur; útbreiðsla rafsegulbylgna; mælingar; truflanir og truflanavernd; öryggismál í sambandi við rafmagn.
2. Innlendar og alþjóðareglur um viðskipti og aðferðir: Stöfun með orðum; Q-skammstafanir; skammstafanir sem eru notaðar í viðskiptum; alþjóðleg neyðarmerki, neyðarköll og fjarskipti í náttúruhamförum; kallmerki; og skipulag alþjóðlegru radióáhugamannasamtakanna (IARU) á tíðnisviðum radióáhugamanna.

3. Innlandar og alþjóðlegar reglur um þráðlaus fjarskipti áhugamanna: Radióreglugerð ITU; reglur CEPT; og innlend löggjöf, reglugerðir og leyfisskilyrði.

Sjá nánar vefslóð: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/348-2004>



*Stefán Arndal TF3SA, í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi.*

#### **5.4 MORSEÆFINGAR.**

Stefán Arndal, TF3SA, annaðist útsendingar á morskæfingum veturinn 2012/2013. Æfingarnar voru alla mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga frá 11. febrúar til 15. mars og hófust þær kl. 21:00. Þær fóru fram á QRG 3540 kHz og stóðu yfir í um 40 mínútur í hvert sinn. Hugmyndin með æfingunum var að aðstoða félagsmenn við að ná upp leikni í viðtöku morskmerkja.

*Yfirlit yfir útsendingu morskæfinga á QRG 3540 kHz 11. febrúar til 15. mars.*

Mánaðardagur	Vikudagur	GMT	QRG
11. febrúar	Mánudagur	21:00	3540 kHz
12. febrúar	Þriðjudagur	21:00	3540 kHz
13. febrúar	Miðvikudagur	21:00	3540 kHz
15. febrúar	Föstudagur	21:00	3540 kHz
18. febrúar	Mánudagur	21:00	3540 kHz
19. febrúar	Þriðjudagur	21:00	3540 kHz
20. febrúar	Miðvikudagur	21:00	3540 kHz
22. febrúar	Föstudagur	21:00	3540 kHz
25. febrúar	Mánudagur	21:00	3540 kHz
26. febrúar	Þriðjudagur	21:00	3540 kHz
27. febrúar	Miðvikudagur	21:00	3540 kHz
1. mars	Föstudagur	21:00	3540 kHz
4. mars	Mánudagur	21:00	3540 kHz
5. mars	Þriðjudagur	21:00	3540 kHz
6. mars	Miðvikudagur	21:00	3540 kHz
8. mars	Föstudagur	21:00	3540 kHz
11. mars	Mánudagur	21:00	3540 kHz
12. mars	Þriðjudagur	21:00	3540 kHz
13. mars	Miðvikudagur	21:00	3540 kHz
15. mars	Föstudagur	21:00	3540 kHz

Stöðutaka í morsi fór fram í Skeljanesi 13. október. Sjá frásögn í myndum og máli í 4. kafla skýrslunnar.



Úr félagsstarfinu. Gunnar Toftegaard OY1GT, varaformaður færeyskra radióamatöra, kom í heimsókn í Skeljanes 11. október 2012. Hér sést hann á tali við Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB. Gunnar annast jafnframt tengsl FRA við IARU Svæði 1, NRAU og Færeysku Póst- og fjarskiptastofnunina.



Úr félagsstarfinu. Gluggað í fræðin í Skeljanesi. Frá vinstri: Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Samúel Þór Guðjónsson TF2SUT, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, Benedikt Guðnason TF3TNT, Guðjón Helgi Egilsson TF3WO og Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX.



# 6. TF útileikar, vitahelgin, keppnir

## TF ÚTILEIKAR, VITAHELGIN, KEPPNISÞÁTTTAKA FRÁ TF3W

### 6.1 TF ÚTILEIKARNIR 2012

TF útileikarnir voru haldnir í 32. sinn um verslunarmannahelgina 2012; dagana 4.-6. ágúst. Bjarni Sverrisson, TF3GB, umsjónarmaður útileikanna, kynnti niðurstöður í félagsaðstöðunni í Skeljanesi fimmtudaginn 4. október. Hann ræddi nokkuð reglur útileikanna og ábendingar um hugsanlegar breytingar á þeim. En menn hafa bæði velt fyrir sér þáttöku-flokkaskipan, svo sem ER og RA flokkum; uppbyggingu stiga og QSP fyrirkomulagi. QSP fyrirkomulagið væri þó mikilvægt, sérstaklega með tilliti til þeirrar þjálfunar sem skilaboðaskiptin veita, ekki síst með tilliti til neyðarfjarskipta sem mjög eru til umræðna í félaginu um þessar mundir. Fram kom hjá Bjarna, að alls hafi verið 16 leyfishafar QRV, þótt aðeins 6 hafi skilað inn dagbókum.



Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX hlaut 1. verðlaun í TF útileikunum 2012.



Frá vinstri: Kristinn Andersen TF3KX sem varð í 3. sæti, Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, sem varð í 1. sæti og sigurvegari útileikanna 2012, Jón Þóroddur Jónsson TF3JA sem fékk viðurkenningu fyrir þátttöku og Bjarni Sverrisson TF3GB, umsjónarmaður TF útileikanna. Vilhjálmur Þór fékk ágrafinn verðlaunaplatta frá félaginu, auk verðlaunaskjals, ásamt því að taka á móti viðurkenningu fyrir XYL, Guðrúnu Hannesdóttur TF3GD.

## 6.2 VITA- OG VITASKIPAHELGIN 2012

Hin árlega Vita- og vitaskipahelgi var haldin hátíðleg dagana 18. og 19. ágúst. Í ljósi almenns áhuga félagsmanna samþykkti stjórn félagsins að styðja það að viðburðurinn yrði haldinn við Garðskagavita, þriðja árið í röð. Veðrið við Garðskagavita var í einu orði sagt „frábært“; heiður himinn, 17°C lofthiti og logn. Samkomutjald félagsins var komið upp um hádegisbilið á laugardag og félagsstöðin, Kenwood TS-2000, varð QRV skömmu síðar. Þakkir til TF3FIN (og TF3FIN yngri), TF3IG, TF3JA, TF3-Ø33 og TF3-Ø35 fyrir vinnuframlagið og snör handbrögð. Þrjár stöðvar voru samtímis QRV á kallmerki félagsins, TF8IRA. Á morsi á 14 MHz, á morsi (og tali) á 18 MHz og á PSK-31 á 14 MHz. Þótt tilfinningin væri einstök að vinna úr stóra tjaldi félagsins á ferskri grasflötinni, var toppurinn óneitanlega stórglæsileg færanleg fjarskiptastöð TF3ML sem var búin stóru einbands Yagi loftneti á 14 MHz frá OptiBeam, af gerð OB5-20. Síðdegis á laugardag þáðu viðstaddir eftirmiðdagskaffi í boði TF3ML, en viðurgerningur var ilmandi heimabakaðar múffur sem Kolbrún Edda (dóttir TF3ARI) hafði sérstaklega bakað fyrir Ólaf fyrr um daginn fyrir gesti á vitahelginni. Sjá nánar frásögn í 4. tbl. CQ TF 2012, á blaðsíðum 22-24.



Frá Alþjóðlegu Vita- og vitaskipahelginni 2012 á Garðskaga. Fjarskiptabifreið TF3ML og loftnetsturn í forgrunni. Turninn var reistur í 25 metra hæð þegar myndin var tekin.



Fjarskiptabifreið TF3ML ásamt 4 tónna vagni með færanlegum loftnetsturni í nærmynd.





*TF3SA í loftinu á morsi sem TF8IRA í fjarskiptabifreið TF3ML. Stefán var mjög hrifinn af aðstöðunni.*



*TF8GX í loftinu á morsi sem TF8IRA í samkomutjaldi Í.R.A. TF3-Ø33 og TF3MHN fylgjast með.*

*TF3-Ø33, TF3FIN og TF3ML í hádegisverðarhléi í veðurbliðunni á Garðskaga. Hjólhýsi TF3IG er í baksýn.*







*TF3MSN sagðist viss um að skilyrðin væru ekki síðri á Akranesi en á Garðskaga. TF3IG sagðist ekki vera viss...*




*TF3ARI kom færandi hendi úr Reykjavík kl. 15 á laugardag með múffurnar hennar Kolbrúnar Eddu.*

### 6.3 ÞÁTTTAKA Í ALÞJÓÐLEGUM KEPPNUM FRÁ TF3W.

Á starfsárinu 2012-2013 var félagsstöðin, TF3W, virkjuð í alls sex alþjóðlegum keppnum radíóamatöra. Þær voru (í tímaröð):

Keppni	Teg. útg.	Dagsetning	TF3W virkjuð af
Scandinavian Activity keppnin, SAC	CW	15.-16. september 2012	TF3SA
Scandinavian Activity keppnin, SAC	SSB	13.-14. október 2012	TF3CW
CQ World Wide DX keppnin	SSB	27.-28. október 2012	TF3ZA og fleiri
ARRL RTTY Roundup keppnin	RTTY	5.-6. janúar 2013	TF3AO og fleiri
ARRL International DX keppnin	CW	16.-17. febrúar 2013	TF3CW
ARRL International DX keppnin	SSB	2.-3. mars 2013	TF3SG og fleiri



Stefán Arndal TF3SA virkjaði TF3IRA í Scandinavian Activity morskeppninni 2012.

#### 6.3.1 SAC morskeppnin 2012.

Félagsstöðin TF3W var virkjuð í Scandinavian Activity morskeppninni helgina 15.-16. september. Það var Stefán Arndal, TF3SA, sem var á lyklinum að þessu sinni. Stöðin var undirbúin til þátttöku með skömmum fyrirvara af þeim Guðmundi Sveinssyni, TF3SG og Benedikt Sveinssyni. Þrátt fyrir frekar leiðinleg skilyrði á köflum voru menn á því að keppnin hafi verið mjög skemmtileg. Sem dæmi um skilyrðin, má nefna að engin TF-þáttökustöðvanna náði að hafa sambönd á 10 metra bandinu.

#### 6.3.2 SAC SSB-keppnin 2012.

Félagsstöðin TF3W var QRV í Scandinavian Activity SSB-keppninni helgina 13.-14. október. Það var Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, sem virkjaði stöðina. Þrátt fyrir afar erfið skilyrði náði Sigurður að hafa 1040 QSO; nánast einvörðungu á 14 MHz. Mestan hluta keppnistímans stóð „Aurora“ gildið í 10 og K-gildið í rúmlega 6, en vísun yfir 5 er flokkuð



sem segulstormur. Vel var staðið að undirbúningi loftneta fyrir keppnina og komu margir að því verki. Auk SteppIR 3E Yagi loftnets félagsins á 14 MHz, 21 MHz og 28 MHz, munaði mest um færanlegt fjarskiptavirki Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML, sem hann flutti á staðinn fyrir keppnina. Ólafur setti upp OptiBeam OB-5 einsbandsloftnet á færanlega turninn, sem er 5 staka Yagi á 14 MHz með 15,7 dBi ávinning. Alvöru loftnet með 15,1 metra langri bómu og nær 90 kg að þyngd (eftir styrkingar). Þá var skotbómukrani fluttur í Skeljanes. Hann var útbúinn með Cushcraft 2 staka Yagi loftneti á 7 MHz sem er í eigu Sigurðar. Síðar sama dag var sett upp Fritzel V-loftnet „á hvolfi“ í eigu Ólafs fyrir 3,7 MHz. Ekki þurfti að hugsa um 160 metrana, þar sem SAC keppnirnar fara ekki fram á því bandi.



*Sigurður R. Jakobsson TF3CW við stjórnvöllinn á TF3W í félagsaðstöðunni í Skeljanesi í SAC SSB keppninni 2012.*



*Loftnetin sem TF3W hafði til ráðstöfunar í SAC SSB keppninni 2012 voru, frá hægri til vinstri: SteppIR 3E 3 staka Yagi lofnet á 10, 15 og 20 metrum; Cushcraft 40-2CD einsbands Yagi loftnet á 40 metrum og OptiBeam OB-5 einsbands Yagi loftnet á 20 metrum.*






*Jón Ágúst Erlingsson TF3ZA við stjórnvölinn á TF3W í Skeljanesi í CQ WW DX SSB keppninni 2012.*

### **6.3.3 CQ WW DX SSB-keppnin 2012**

Félagsstöðin TF3W var QRV í CQ World-Wide DX SSB keppninni helgina 27.-28. október. Það var Jón Ágúst Erlingsson, TF3ZA, sem virkjaði stöðina ásamt Björn Mohr, SMØMDG; Patrik Pihl SMØMLZ og Ulf H. Tjerneld, SMØNOR. Þáttökuflokkur var „Fleirmenningsstöðvar, fullt afl, einn sendir. Allir fjórir hafa reynslu af þáttöku í alþjóðlegum keppnum, auk þess sem þeir Jón og Björn voru báðir þátttakendur í DX-leiðangrinum JX50 til Jan Mayen árið 2011.

TF3W hafði til ráðstöfunar í keppninni 3 staka SteppIR 3E Yagi loftnet félagins á 10, 15 og 20 metrum, 1/4-bylgju stangarloftnet á 40 metrum og öfugt L-loftnet á 160 metrum. Guðmundur Sveinsson, TF3SG, lánaði 1/4-bylgju færanlegt stangarloftnet sitt á 80 metrum, auk þess sem TF3CY, TF3EE og TF8GX lánuðu loftnet og kapla í keppninni.



*Fimmtudagskvöldið 25. október var gengið frá uppsetningu á færanlegu 1/4-bylgju stangarloftneti TF3SG fyrir 80 metra bandið, sem hann lánaði til notkunar í CQ World-Wide keppninni á SSB helgina 27.-28. október. Þeir sem komu að uppsetningu loftnetsins voru Jón Ágúst Erlingsson TF3ZA, Benedikt Sveinsson TF3CY, Erling Guðnason TF3EE og Guðmundur Sveinsson TF3SG.*



Ársæll Óskarsson TF3FIN og Gunnar Svanur Hilmarsson virkjuðu TF3W í ARRL Roundup keppninni 2013.

#### 6.3.4 ARRL RTTY Roundup keppnin 2013.

Félagsstöðin TF3W var QRV í ARRL RTTY Roundup keppninni 5.-6. janúar. Það voru þeir Ársæll Óskarsson, TF3AO; Haraldur Þórðarson, TF3HP og Svanur Hjálmarsson, TF3FIN, sem virkjuðu stöðina. Þeir félagar tóku þátt í fleirmenningsflokki, einn sendir, öll bönd, hámarksafli. Alls náðust 748 QSO og 106 margfaldarar í keppninni, sem gaf 79.288 heildarstig. ARRL RTTY Roundup er alþjóðleg 30 klukkustunda keppni, þar sem þátttaka er heimil í mest 24 klukkustundir. Skilyrðin voru almennt séð nokkuð góð, en takmarkandi þáttur var að loftnet voru ekki til afnota á 40 og 80 metrum. Sundurgreining á samböndum fylgir í meðfylgjandi töflu.

#### 6.3.5 ARRL International DX morskeppnin 2013.

Félagsstöðin TF3W var QRV í ARRL International DX morskeppninni helgina 18.-19. febrúar. Það var Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, sem virkjaði stöðina. Skilyrði voru mestmegnis léleg. TF3W náði engu að síður 1.826 samböndum á þremur böndum: 555 QSO



á 10 metrum og 51 margfaldara; 699 QSO á 15 metrum og 57 margfaldara og 572 QSO á 20 metrum og 51 margfaldara. Niðurstaðan var 871.002 heildarstig. Þessi niðurstaða er ótrúlega góð þegar tekið er tillit til þess að skilyrði til fjarskipta á HF voru að stærstum hluta mjög léleg um helgina. Sem dæmi, þá hafði Sigurður 13 QSO á 14 MHz fyrsta klukkutíma keppinnar!





*Benedikt Sveinsson TF3CY tók þátt í ARRL International DX SSB keppninni 2013 frá félagsstöðinni TF3W.*

### **6.3.6 ARRL International DX SSB-keppnin 2013.**

Félagsstöðin TF3W var QRV í ARRL International SSB keppninni helgina 2.-3. mars. Það voru þeir Guðmundur Sveinsson, TF3SG og Benedikt Sveinsson, TF3CY, sem virkjuðu stöðina. Skilyrði voru mjög léleg fyrri dag keppinnar, en nokkuð létti upp á sunnudag eftir hádegi. Þeir bræður náðu alls 520 samböndum í keppninni á 15 og 20 metrum.



*Úr félagsstarfinu. Á góðri stundu í Skeljanesi. Ingus Selevskis YL2TW (YL9T) og Ársæll Óskarsson TF3AO. Ingus kom í heimsókn í félagsaðstöðuna þann 25. október 2012. Hann var mjög hrifinn af aðstöðunni og sérstaklega að félagarnir hafi tækifæri til að hittast vikulega í eigin aðstöðu (sem ekki er í boði þar sem hann býr í Lettlandi).*





Úr félagsstarfinu. Mörg áhugaverð tæki hafa viðdvöl í smíðaaðstöðu Í.R.A. í félagsaðstöðunni um lengri eða skemmri tíma. Að ofan: Yaesu FT-736R HF sendi-/móttökustöð fyrir HF böndin, auk 50, 144, 430 og 1200 MHz. Hægra megin við hana má sjá Heathkit HW-101 sendi-/móttökustöð fyrir HF böndin.



Yaesu FT-107M HF sendi-/móttökustöð fyrir HF böndin ásamt aukahlutum; FV-107, FP-107E og FC-107.



Kenwood TS-820S HF sendi-/móttökustöð fyrir HF böndin ásamt aukahlutum; SP-820 og VFO-820.

## 7. TF VHF leikar

### Á TÍÐNUM FRÁ 50 MHz – ALLAR TEG. ÚTGEISLUNAR – FJARLÆGÐ GILDIR



Guðmundur Löve TF3GL.

**TF VHF LEIKARNIR 2012.** Fyrstu TF VHF leikarnir fóru fram helgina 6.-9. júlí. Úrslit voru kynnt í félagsaðstöðunni í Skeljanesi þann 4. október. Fram kom m.a. fram hjá Guðmundi Löve, TF3GL, umsjónarmanni leikanna, að þátttakan hafi farið fram úr björtustu vonum á fimm tíðnisviðum, þ.e. 50 MHz, 70 MHz, 144 MHz, 430 MHz og 1,2 GHz. Hann sýndi áhugaverðar Power Point glærur með upplýsingum úr leikunum, m.a. yfirlit yfir lengstu samböndin. Guðmundur sagði að þátttakan sýndi að VHF leikarnir væru komnir til að vera.

Ólafur B. Ólafsson, TF3ML, sigraði með yfirburðum í VHF leikunum 2012 og var alls með 445.521 stig. Í 2. sæti varð Guðmundur Löve TF3GL með 60.491 stig og í 3. sæti, Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN, með 48.672 stig.

Heimilt var að hefja sambönd frá og með kl. 06 að morgni föstudagsins og mátti hafa sambönd allt til kl. 06 að morgni mánudagsins. Engin takmörkun var á þátttökutíma að öðru leyti, en aðalþátttökutímabil voru frá kl. 09 til 12 á hádegi alla morgnana og frá kl. 21 til 24 öll kvöldin. Allar tegundir útgeislunar voru heimilaðar og engin takmörk á afli (önnur en samkvæmt leyfisbréfi) eða á notkun loftneta. Alla aðstoð mátti nýta til að koma á sambandi, t.d. með síma, með „SKED“um“ og var þannig allt heimilt nema virkir endurvarpar. Skila-boðin voru kallmerki, QSO númer og staðsetning stöðvar.



Ólafur B. Ólafsson TF3ML (fyrir miðju) sigraði með yfirburðum í VHF leikunum 2012. Í 2. sæti varð Guðmundur Löve, TF3GL (til vinstri) og í 3. sæti varð Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN. TF3JB tók við verðlaunum fyrir hans hönd.

Einu skorðurnar sem voru settar, var fjöldi sambanda við sömu stöð á sama bandi, þ.e. sex sambönd voru hámark við sömu stöð á sama bandi og sex klukkustundir þurftu að líða uns aftur mátti hafa samband við sömu stöð. Stigagjöf fólst í því að reikna fjarlægð milli stöðva. Heimilt var að hafa sambönd við Íslendinga í útlöndum. Keppnisreglurnar má sjá nánar á vefsíðu leikanna á heimasíðu félagsins, vefslóð: <http://ira.is/display/web/TF+VHF-leikarnir>

Nokkur lengstu samböndin		
■ TF3ML/P við TF1JI og TF3ARI/M	127 km	50, 70, 144, 430
■ TF3ML/P við TF1JI og TF3ARI/M	115 km	1,2 GHz!
■ TF3GL/M við TF1GW	78 km	50, 144
■ TF2MSN og TF1JA	74 km	
■ TF2GZ og TF3ML	72 km	
■ TF3ARI og TF2GZ	66 km	
■ TF2GZ og TF3GL	63 km	
■ TF2JB og TF3ML/P	61 km	

Á fundinum í Skeljanesi þann 4. október sýndi TF3GL athyglisverðar glærur, m.a. þessa sem er með upplýsingum um lengstu samböndin á fyrstu VHF leikunum.

Tilurð VHF leikanna er, að Guðmundur Löve, TF3GL, kynnti hugmynd sína um TF VHF útileika fyrst á póstlista félagsins þann 19. ágúst 2011. Hugmynd hans var í framhaldi rædd á stjórnarfundum þann 2. september. Samþykkt var á fundinum að fara þess á leit við hann að taka að sér að vinna að undirbúningi VHF leika sem verði haldnir sumarið 2012. Guðmundur tók vel í það og þann 30. september setti hann upplýsingar um verkefnið á heimasíðu félagsins og póstlista.

Guðmundur ritaði grein í 1. tbl. CQ TF 2012 þar sem hann sagði meðal annars: „TF VHF leikarnir eru hugarfóstur áhugamanna um langdræg VHF fjarskipti, en draga dóm af sambærilegum leikum sem mikilla vinsælda njóta í Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar. VHF leikarnir eru leikar - en ekki keppni, þótt stigafjöldi geti vissulega verið mælikvarði á ástundun, búnað, útsjónarsemi og heppni!“ Í greininni eru settar fram áhugaverðar tillögur að leikreglum og keppnistilhögun. Guðmundur sagði ennfremur, „...að tilgangur leikanna væri að örva áhuga og hæfni íslenskra radióamatöra hvað varðar notkun VHF og UHF tíðnisviðanna og eflingu slíkra fjarskipta innanlands“. Jafnframt er hugmyndin, að leikarnir geti verið mönnum til nokkurrar ánægju við sameiningu útivistar, ferðalaga og amatør radiós.

Guðmundur fjallaði nánar um TF VHF leikana í fimmtudagserindi á vetrardagskrá félagsins þann 26. janúar 2012. Þar fór hann m.a. yfir tillögur að reglum og stigagjöf í VHF leikunum. Í umræðum komu fram ýmis sjónarmið og virtust flestir sammála því að hafa reglurnar og stigagjöfina sem einfaldasta. Þar kom einnig fram, að keppnin er hugsuð sem „fully assisted“ þannig að aðeins vegalengd telji til stiga. Þá var Guðmundur gestur á fundi stjórnar félagsins þann 17. apríl 2012. Á þeim fundi flutti hann erindi um stöðu verkefnisins og var í framhaldi



staðfest að félagið mun standa að verkefninu. Á fundinum samþykkti Guðmundur að taka að sér umsjón með verkefninu.

Glærुकynningu hefur verið komið fyrir á vefsíðu VHF leikanna á heimasíðu félagsins, sjá vefslóð: <http://ira.is/display/web/TF+VHF-leikarnir> þar sem einnig er að finna „Google Earth“ skrár sem sýndar voru í ofangreindu erindi. Glærुकynninguna má einnig sjá með því að skoða vefsíðu fræðslukvölda á heimasíðu félagsins, samanber eftirfarandi vefslóð: <http://ira.is/pages/viewpage.action?pageId=4555138>

Í meðfylgjandi töflu er birtur viðaukinn með nógildandi reglugerð nr. 348/2004 um starfsemi radióamatöra. Í töflunni má sjá upplýsingar um tíðnisvið radióamatöra, hvort aðgangur er ríkjandi(1) eða víkjandi (2), um hámarks sendiafl samkvæmt leyfisflokki og mesta heimilaða bandbreidd í hverju tíðnisviði. Skyggðu línurnar sýna upplýsingar um þau tíðnisvið sem varða TF VHF leikana 2012.<sup>12</sup>

TÍÐNISVIÐ	FORGANGSFLOKKUR	N-LEYFI	G-LEYFI	BANDBREIDD
135,7-137,8 kHz	2		100	1 kHz
1.810-1.850 kHz	1	100	1000	6 kHz
1.900-2.000 kHz	2	10	10	6 kHz
3.500-3.800 kHz	1	100	1000	6 kHz
7.000-7.100 kHz	1	100	1000	6 kHz
7.100-7.200 kHz	2	100	100	6 kHz
10.100-10.150 kHz	2	100	1000	1 kHz
14.000-14.350 kHz	1	100	1000	6 kHz
18.068-18.168 kHz	1	100	1000	6 kHz
21.000-21.450 kHz	1	100	1000	6 kHz
24.890-24.990 kHz	1	100	1000	6 kHz
28.000-29.700 kHz	1	100	1000	18 kHz
50-52 MHz	2	50	100	18 kHz
144 -146 MHz	1	50	500	18 kHz
430-440 MHz	1	50	500	30 kHz
1.240-1.300 MHz	2	50	100	20 MHz
2.300-2.450 MHz	2	50	100	20 MHz
5.650-5.850 MHz	2	50	100	20 MHz
10-10,5 GHz	2	50	100	50 MHz
24-24,05 GHz	1	50	100	50 MHz
24,05-24,25 GHz	2	50	100	50 MHz
47-47,2 GHz	1	50	100	50 MHz
76-77,5 GHz	2	50	100	100 MHz
77,5-78 GHz	1	50	100	100 MHz
78-81 GHz	2	50	100	100 MHz
122,25-123 GHz	2	50	100	40 MHz
134-136 GHz	1	50	100	100 MHz
136-141 GHz	2	50	100	100 MHz
241-248 GHz	2	50	100	100 MHz
248-250 GHz	1	50	100	100 MHz

<sup>12</sup> Athugið að í töflunni koma ekki fram nýjar heimildir sem komið hafa til eftir útgáfu reglugerðarinnar árið 2004, svo sem tíðnisviðin 7.100-7.200 MHz og 472-479 kHz. Í töflunni koma heldur ekki fram upplýsingar um tímabundnar sérheimildir, svo sem á 70 MHz, 5 MHz og á 1850-1900 kHz.



Félagar Í.R.A. í Friedrichshafen 2012. Guðlaugur Kristinn TF8GX og Jakob Helgason TF3EJ ásamt dóttur.



Guðlaugur Kristinn Jónsson TF8GX og Jónas Bjarnason TF3JB við „QSL vegginn“ fræga í Friedrichshafen 2012.



Fleiri félagar Í.R.A. á Ham Radio 2012 sýningunni í Friedrichshafen. Frá vinstri: Ægir Þór Ólafsson TF2CT, Ólafur Björn Ólafsson TF3ML og Óðinn Þór Hallgrímsson TF3MSN.

# 8. Útgáfumál

## CQ TF, HEIMASÍÐA, PÓSTLISTI, FRÉTTAPUNKTAR STJÓRNAR



Kristinn Andersen TF3KX ritstjóri CQ TF.

### 8.1 FÉLAGSRITID CQ TF

Á starfsárinu 2012/2013 komu út alls fjögur tölublöð af CQ TF, samanber upplýsingar í meðfylgjandi töflu. Blöðin komu út í júlí, desember, janúar og aprílmánuðum. Á starfsárinu létu 20 félagsmenn efni af hendi rakna til blaðsins, sem er svipaður fjöldi og á fyrra ári. Kristinn Andersen, TF3KX, ritstjóri CQ TF annaðist alla vinnu í sambandi við 3. tbl. 2012 (aðra en umbrot). Nokkru síðar hafði Kristinn samband við stjórn og óskaði eftir lausn frá embætti vegna aukinna anna í vinnu. Að ósk stjórnar, féllst hann á að hafa umsjón með útgáfu blaðsins uns nýr ritstjóri yrði skipaður, eða út starfstímabil stjórnarinnar. Það varð því úr, að Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, aðstoðaði Kristinn sem gestaritstjóri tveggja tölublaða, þ.e. 4. tbl. 2012 og 1. tbl. 2013 og Jónas Bjarnason, TF3JB, aðstoðaði sem gestaritstjóri 2. tbl. 2013. Við upphaf starfsársins, tók nýr aðili við umbroti blaðsins. Það var Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS, sem tók við verkefninu af Þórunni Eddu Bjarnadóttir, frá og með 3. tbl. CQ TF 2012. Þá urðu vatnaskil hvað varðar útgáfu CQ TF við upphaf starfsársins 2012/2013, þegar CQ TF hætti að koma út á prentuðu formi (vegna kostnaðar), en frá og með 3. tbl. 2012 hefur blaðið einvörðungu verið gefið út á stafrænu formi, samkvæmt starfsáætlun stjórnar félagsins fyrir 2012/2013 sem samþykkt var á stjórnarfundum nr. 2/2012 þann 5. júlí.

Fyrirkomulag er þannig, að blaðið er sent beint til skuldlausra félagsmanna í tölvupósti í þökkalegri upplausn. Í framhaldi er blaðið vistað á vefsíðu CQ TF á heimasíðu félagsins í góðri upplausn og er félagsmönnum frijálst að hlaða blaðinu niður í góðum gæðum þegar þeim hentar, annað hvort til að fletta eða til að prenta út í eigin prentara. Á vefsíðu blaðsins er hægt að hlaða niður eldri tölublöðum, frá árinu 2000. Skuldlausir félagsmenn hafa einir aðgang að nýjustu blöðunum, þ.e. blöðum sem hafa komið út síðustu 4 ár. Til að fá aðgangskóða eða aðstoð má senda tölvupóst til Benedikts Sveinssonar, TF3CY, rekstrarstjóra vefmiðla félagsins.

*Yfirlit yfir útgáfu CQ TF á starfsárinu 2012-2013.*

TÖLUBLÖÐ 2012/13	FJÖLDI BLS.	ÚTKOMUMÁNUÐUR
3. tbl. 2012	40	júlí
4. tbl. 2012	42	desember
1. tbl. 2013	35	janúar
2. tbl. 2013	25	apríl

CQ TF er gefið út samkvæmt ákvæði í lögum félagsins.<sup>13</sup> Í lögum er ekki sérstaklega sagt fyrir um útgáfutíðni, en hver ný stjórn tekur ákvörðun um það í starfsáætlun við upphaf stjórnarárs. Allmörg undanfarin ár hefur verið miðað við að blaðið komi a.m.k. út ársfjórðungslega. Í lögum félagsins er kveðið á um að CQ TF hafi m.a. það hlutverk að birta

<sup>13</sup> 26. gr. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.




fundargerð aðalfundar.<sup>14</sup> Ennfremur er kveðið á um, að birta skuli lög félagsins og sérstakar samþykktir eða ályktanir aðalfunda og félagsfunda.<sup>15</sup>

Yfirlit yfir útgáfu CQ TF starfsárin 2009/10 til 2012/13.

STARFSÁR	FJÖLDI TÖLUBLAÐA	FJÖLDI BLAÐSÍÐNA	RITSTJÓRI	UMBROT
2009/10	4	192	TF3KX	TF3KX
2010/11	4	112	TF3KX	P.E.B. (1)
2011/12	4	128	TF3KX	TF3VS (2)
2012/13	4	142	TF3KX	TF3VS

(1) Frá og með 4. tbl. 2010. (2) Frá og með 3. tbl. 2012.



## 8.2 WWW.IRA.IS

Heimasíða félagsins var til uppfærslu og þróunar á starfstímabilinu. Á stjórnarfundum í Í.R.A. sem haldinn var þann 5. júlí var samþykkt starfsáætlun félagsins fyrir tímabilið 2012/2013. Þar segir m.a. um heimasíðu félagsins: „Heimasíða félagsins, [www.ira.is](http://www.ira.is) og póstlisti verða áfram til þróunar líkt og var [einkum] á síðasta starfsári.

### 8.2.1 Uppfærsla fréttar á heimasíðu.


Á starfstímabilinu hefur stjórn félagsins lagt mikla áherslu á, að fréttaflokkur til félagsmanna á heimasíðu Í.R.A. sé virkur, þ.e. að nýjar upplýsingar sem varða starfsemi félagsins komi þar til birtingar sem „ferskastar“. Þetta hefur heppnast nokkuð vel og sem dæmi má nefna, að allt efni frá Póst- og fjarskiptastofnun hefur undantekningarlaust verið til birtingar sama dag og það hefur borist til félagsins; oftast innan fárra klukkustunda. Þannig hefur verið kappkostað að halda virkri uppfærslu fréttar á heimasíðunni til að félagsmenn geti gengið að því sem vísu, að nýjustu fréttir séu ávallt til staðar á heimasíðunni. Miðað við þróun samfélagsmiðla, var rætt innan stjórnar félagsins á starfsárinu, að íhuga þurfi að bjóða einnig upp á innsetningar á Facebook og Twitter, líkt og nú þekkist meðal annarra landsfélaga radióamatöra.

Fréttadálkur heimasíðunnar hefur verið mjög virkur á starfsárinu líkt og fram kemur að ofan. Þegar skoðaðar eru innsetningar fréttar eftir ársfjórðungum á starfsárinu 2012/2013, kemur í ljós að þær eru: 43, 78, 61 og 60 eða alls 242 á öllu starfsárinu. Það jafngildir að meðaltali 20 innsetningum á mánuði eða að meðaltali 5 innsetningum á viku. Í meðfylgjandi stöplariti má sá fjölda fréttainnsetninga eftir mánuðum starfsársins.

<sup>14</sup> 22. gr. Fundargerð aðalfundar skal birta í fyrsta CQ TF eftir aðalfund. Berist ekki athugasemdir við hana frá neinum er sat fundinn innan 6 mánaða frá birtingu telst fundargerðin rétt, annars skulu athugasemdir kynntar með fundarboði næsta aðalfundar og úrskurðar sá aðalfundur með einfaldri atkvæðagreiðslu um það hvort fundargerð skuli breytt.

<sup>15</sup> 28. gr. Félagslög skal birta í blaði félagsins CQ TF og á vefsvæði félagsins <http://www.ira.is> og öðlast gildi þegar í stað. Sérstakar samþykktir og ályktanir aðalfunda eða félagsfunda skal birta með sama hætti. 27. gr.

Fjöldi fréttainnsetninga á mánuði á heimasíðu Í.R.A. á tímabilinu júní 2012 til maí 2013.



Það hefur jafnframt verið stefna stjórnar á starfstímabilinu, að láta ljósmynd/ljósmyndir fylgja með innsettum fréttum á heimasíðu. Á starfstímabilinu voru alls settar inn 481 ljósmynd með fréttum. Miðað við 242 fréttainnsetningar þýðir það að tvær ljósmyndir hafi fylgt hverri frétt að meðaltali. Með sumum fréttum fylgdu þó jafnvel nokkrar ljósmyndir, sem náði hámarki í október, en þá fylgdu 99 ljósmyndir með 28 fréttainnsetningum.

### 8.2.2 Innsetning gagna frá aðalfundi 2012.

Í samræmi við stefnu stjórnar félagsins þess efnis að koma fréttum sem „ferskustum“ til félagsmanna má geta þess, að frétt um helstu niðurstöður fundarins var sett inn á heimasíðuna aðeins tveimur klukkustundum eftir að fundi lauk, eða kl. 18:12. Þeir félagsmenn sem af einhverjum ástæðum áttu ekki heimangengt á fundinn, en voru við tölvu, gátu þannig strax fengið fréttir af fundinum. Á 6. degi frá aðalfundi, þann 25. maí, höfðu öll gögn frá fundinum verið sett inn á heimasíðu félagsins á netinu, sbr. upplýsingar í meðfylgjandi töflu.



Hluti fundargagna sem lögð voru fram á aðalfundi félagsins sem haldinn var að Hótel Sögu 19. maí 2012.

Innsetning gagna frá aðalfundi Í.R.A. 2012 á heimasíðu félagsins fór fram 19.-25. maí 2012.

EFNI	DAGS. INNSETN.
Fréttir af fundinum; hverjir voru kosnir til ábyrgðarstarfa; fjárhæð árgjalds o.fl.	19. maí
Félagslög Í.R.A. samþykkt á aðalfundi 2012.	23. maí
Skýrsla formanns um starfsemi félagsins 2011/2012	24. maí
Ársreikningur félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2011/2012	24. maí
Fundargerð aðalfundar 2012	25. maí

Þessi gögn (frá aðalfundi 2012) sem og frá aðalfundum 2011 og 2010 eru vistuð á sérstakri vefsíðu á heimasíðu félagsins til aðgangs fyrir félagsmenn. Vefslóðirnar eru eftirfarandi:

Aðalfundargögn 2010: <http://ira.is/pages/viewpage.action?pageId=4556004>

Aðalfundargögn 2011: <http://ira.is/pages/viewpage.action?pageId=4558568>

Aðalfundargögn 2012: <http://ira.is/pages/viewpage.action?pageId=5570783>

### 8.3 YAHOO PÓSTLISTI.

Þann 5. október 2012 voru liðin 10 ár frá stofnun Yahoo póstlista félagsins. Það var Brynjólfur Jónsson, TF5B, sem stofnaði listann. Í byrjun maí 2013 voru alls 134 félagsmenn skráðir notendur og höfðu þeir sent tæplega 9 þúsund skilaboð frá því listinn var tekin í notkun. Það gerir að meðaltali um 2,3 skilaboð á dag á þessum rúmlega 10,5 árum síðan hann var stofnaður.

### 8.4 SPJALL IRA.IS

Benedikt Sveinsson, TF3CY, rekstrarstjóri vefmiðla félagsins setti í gang nýtt spjallsvæði á heimasíðu Í.R.A. þann 19. desember s.l. Slóðin er: <http://spjall.ira.is> Tenging var gerð virk af heimasíðu félagsins í byrjun janúar 2013 (dálkur lengst til hægri). Spjallsvæðið skiptist annarsvegar í almennt spjall og hinsvegar í sérhæft spjall, samkvæmt eftirfarandi tölflu:

Almennt spjall	Umræður
Spjallið	Hér má ræða um allt á milli himins og jarðar
Smáauglýsingar	Hér getur þú auglýst til sölu eða óskað eftir hverju sem er sem tengist amatörradíói
Aðstoð	Hjálp! Spurningar og svör
DX hornið	Póstar um góða DX'a - er eitthvað í loftinu?
Húmor og annað	Og svo allt annað!
Sérhæft spjall	Umræður
Föndurhornið	Tækjasmíði, loftnet, breytingar á búnaði o.s.frv.
APRS	Umræður um APRS og neyðarfjarskipti
Keppnir	Ætlar þú að taka þátt?
Mors	Læra mors? góð ráð?
Vefurinn	Umræða um vefinn og spjallið - hvað má bæta og fl.
Prufupráður	Hér má prófa umræðusvæðið

TF3CY sagði, þegar hann kynnti nýja spjallsvæðið: „Þar sem gamla spjallið okkar komst aldrei almennilega í gang, ákvað ég að reyna ekki að flytja það yfir, en gagnagrunnurinn var orðinn hálfónýtur og þetta var óþarfliga flókið spjallkerfi. Ég setti upp spjallborð sem heitir „FluxBB“ sem er frekar einfalt, en er með möguleika að setja inn myndir. Skráning er opin, þ.e. allir geta skráð sig - borðið kemur sjálfgefið upp á Íslensku, en það er hægt að velja ensku ef menn vilja. Endilega prófið að skrá ykkur og setja inn efni - Ef þið lendið í vandamálum, sendið póst á mig“. Tölvupóstur TF3CY: benni (há) ccpgames.com



Spjallborð Íslenskra Radió Amatöra

Heim | Heim á aðalritu Í.R.A. | Notendur | Reglur | Leit | Stillingar | Útskrá

Skráður inn sem TF2JB :: Síðasta heimsókn: Í dag 00:39:30


Almennt spjall	Præðir	Póstar	Síðasti póstur
<input type="checkbox"/> Spjallið Hér má ræða allt milli himins og jarðar	1	5	2012-12-19 17:37:10 efir TF3AO
<input type="checkbox"/> Snáauglýsingar Hér getur þú auglýst til sölu eða óskað eftir hverju sem er sem tengist amatórraðíó	3	7	Í gær 18:59:32 efir TF3AM
<input type="checkbox"/> Aðstoð Hjálp! Spurningar og svör...	0	0	Áðrei
<input type="checkbox"/> DX hornið Póstar um góða DX'ia - er eitthvað í loftinu?	0	0	Áðrei
<input type="checkbox"/> Húmor og annað Og svo allt annað!	0	0	Áðrei
Sérhæft spjall	Præðir	Póstar	Síðasti póstur

Mynd af spjallborðinu. Um 30 manns voru skráðir á spjallið í byrjun maí 2013.

### 8.5 FRÉTTAPUNKTAR STJÓRNAR.

Undanfarin fjögur stjórnartímabil, hafa verið gefnir út svokallaðir „fréttapunktur“ innan stjórnar félagsins. Um er að ræða tölvuunninn texta sem er settur upp í stærðinni A4. Útgáfan er númeruð og núllsett við upphaf hvers stjórnarárs. Flestir fréttapunktur eru 1-3 blaðsíður.

Markmið útgáfunnar er, að miðla upplýsingum til stjórnarmanna um mál sem eru efst á baugi hverju sinni þannig að þeir geti verið nokkuð vissir um, að þeir búi hverju sinni yfir nýjustu upplýsingum um flest þau mál sem eru í gangi hjá félaginu. Útgáfa fréttapunktanna hefur verði í höndum Jónasar Bjarnasonar, TF3JB, formanns. Alls voru 49 tölublöð gefin út starfsárið 2009/2010, 78 tölublöð 2010/2011, 126 tölublöð starfsárið 2011/2012 og 118 tölublöð 2012/2013.



Fréttapunktur formanns til stjórnar 2012/2013 urðu alls 118 talsins.



Úr félagsstarfinu. Sigurður R. Jakobsson TF3CW við stjórnvölinn í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW er mikill áhugamaður um alþjóðlegar keppnir radióamatöra og er hann jafnvígur á tali og á morsi. Á starfsárinu 2012/2013 var ekkert slegið af í þeim efnum eins og sjá má á upplýsingum í meðfylgjandi töflu yfir endanleg úrslit í CQ World-Wide keppnunum sem birt voru á starfsárinu. Til upplýsingar skal þess getið, að CQ World-Wide keppnirnar eru stærstu árlegar keppnir radióamatöra. Þessi glæsilegi árangur staðfestir enn einu sinni, að Sigurður er í hópi bestu keppnismanna í heimi. Stjórn Í.R.A. óskar honum innilega til hamingju með verðskuldaðan og frábæran.

Keppni	Dags.	Árangur/úrslit	Heimild
CQ WW DX Contest 2011; SSB	29.-30.10.2011	1. sæti Evrópa, 3. sæti heimur	CQ ágústhefti 2012
CQ WW DX Contest 2011; CW	26.-27.11.2011	2. sæti Evrópa, 3. sæti heimur	CQ sept. hefti 2012
CQ WW DX Contest 2012; SSB	27.-28.10.2012	1. sæti Evrópa, 2. sæti heimur	CQ aprílhefti 2013
CQ WW DX Contest 2012; CW	24.-25.11.2012	3. sæti Evrópa, 3. sæti heimur	CQ maíhefti 2013



TF3CW tekur á móti skotbómukrana fyrir 2 staka Yagi loftnet á 7 MHz í SAC SSB keppninni 2012 frá TF3W.

# 9. Sérstakar tíðniheimildir frá PFS

## TÍÐNIHEIMILDIR Á 472-479 kHz, 1850-1900 kHz, 5 MHz og 70 MHz

Á starfsárinu 2012-2013 átti stjórn Í.R.A. viðræður við Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) um tíðniheimildir íslenskra leyfishafa utan hefðbundinna heimilda samkvæmt viðauka í reglugerð. Viðræður fóru fram á samráðsfundi á milli fulltrúa stjórnar félagsins og starfsmanna tæknideildar PFS 31. október. Annars vegnar var fjallað um reynsluna af sérstökum tímabundnum tíðniheimildum á 500 kHz, 5 MHz, 70 MHz og 1850-1900 kHz, auk þess sem rætt var um nýtt amatörband sem úthlutað var til radióamatörþjónustunnar í ársbyrjun 2012 á WRC-2012. Hins vegar var rætt um ósk félagsins um framlengingar á tímabundnum sérheimildum. Umsögn sérfræðinga stofnunarinnar um reynslu af fyrri tímabundnum heimildum var jákvæð. Hér á eftir er gerð grein fyrir stöðunni fyrir einstök tíðnisvið.<sup>16</sup>



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### 9.1 Heimild á 472-479 kHz (630 metrar) – nýtt amatörband.

Félaginu barst erindi frá Póst- og fjarskiptastofnun þann 16. janúar 2013 þess efnis, að íslenskum leyfishöfum væri veitt heimild til að nota nýtt tíðnisvið á 472-479 kHz, á 630 metra bandi. Heimildin miðast við 5 wött (útgeisluð) og má bandbreidd merkis vera allt að 1 kHz. Heimildin gildir fyrir G-leyfishafa og er á víkjandi grunni (samkvæmt forgangsflokk 2).

Á alþjóða tíðniráðstefnunni í Genf (WRC 2012) var samþykkt að veita radióamatörum heimild fyrir notkun á tíðnisviðinu 472-479 kHz á víkjandi grunni, með ákveðnum skilyrðum varðandi sendiafl. Almenna reglan varðandi sendiafl er, að nota megi allt að 1 watt e.i.r.p. Lönd sem eru staðsett, a.m.k. 800 km frá ákveðnum löndum (og eru talin upp í alþjóða radióreglugerðinni) mega þó heimila allt að 5 wött e.i.r.p. sendiafl og ákvað Póst- og fjarskiptastofnun að veita íslenskum radióamatörum þá heimild með hliðsjón af legu landsins. Sama tíðnisvið (472-479 kHz) verður til úthlutunar til radióamatöra um allan heim, þ.e. í IARU Svæðum 1, 2 og 3 án skörunar á milli svæða sem er afar jákvætt. Þar sem um er að ræða tilgreint amatörband þurfa leyfishafar ekki að sækja sérstaklega um notkun þess, líkt og er almennt með tíðnisvið sem falla undir skilgreininguna „tímabundnar sérheimildir“.

### 9.2 Sérheimild á 493-510 kHz (600 metrar).

Tímabundin sérheimild til notkunar á tíðnisviðinu 493-510 kHz rann út þann 31. desember 2012. Hún var upphaflega veitt íslenskum leyfishöfum til afnota á víkjandi grundvelli í tilraunaskyni, þann 19. febrúar 2010. Heimildin var ekki endurnýjuð til notkunar eftir árslok 2012 í ljósi þess að úthlutun 472-479 kHz sviðsins var á döfni.

### 9.3 Sérheimild á 1850-1900 kHz (160 metrar).

Félaginu barst erindi frá Póst- og fjarskiptastofnun þann 9. nóvember 2012 þess efnis, að íslenskum leyfishöfum væri veitt framlengd tímabundin heimild til nota á tíðnisviðinu 1850-1900 kHz á víkjandi grundvelli í tilraunaskyni, í tilgreindum alþjóðlegum keppnum radióamatöra, á næsta almanaksári, þ.e. til 31. desember 2013.

Skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar eru eftirfarandi: (a) Heimildin er einvörðungu veitt þann tíma sem tilgreindar alþjóðlegar keppnir radióamatöra standa yfir (sjá meðfylgjandi töflu); (b) G-leyfishafar hafa heimild til að nota fullt afl (þ.e. 1kW). N-leyfishafar njóta sömu

<sup>16</sup> Minnisþingar frá samráðsfundinum eru birtir í Viðauka-B í skýrslunni.



tíðniréttinda, en aflheimild þeirra miðast við mest 10W. Þeir leyfishafar sem hug hafa á að vinna á umræddu tíðnisviði þurfa að sækja sérstaklega um það til stofnunarinnar.

*Heimild á 1850-1900 kHz gildir um eftirfarandi tilgreindar alþjóðlegar keppnir (í tímaröð).*

ALÞJÓÐLEG KEPPNI	TEG. ÚTG.	DAG- OG TÍMASETNINGAR	ALLS
CQ World-Wide 160 metra keppnin	CW	25.-27. janúar, kl. 22-22	48 klst.
ARRL DX keppnin	CW	16.-17. febrúar, kl. 00-00	48 klst.
CQ World-Wide 160 metra keppnin	SSB	22.-24. febrúar, kl. 22-22	48 klst.
ARRL DX keppnin	SSB	2.-3. mars, kl. 00-00	48 klst.
CQ WPX keppnin	SSB	30.-31. mars, kl. 00-00	48 klst.
CQ WPX keppnin	CW	25.-26. maí, kl. 00-00	48 klst.
IARU HF World Championship	CW/SSB	13.-14. júlí, kl. 12-12	24 klst.
CQ World-Wide DX keppnin	SSB	26.-27. október, kl. 00-00	48 klst.
CQ World-Wide DX keppnin	CW	23.-24. nóvember, kl. 00-00	48 klst.
ARRL 160 metra keppnin	CW	6.-8. desember, kl. 22-16	40 klst.

Þess má geta, að Póst- og fjarskiptastofnun hefur heimilað íslenskum leyfishöfum að vinna í tíðnisviðinu 1850-1900 kHz í tilgreindum alþjóðlegum keppnum radíóamatöra árin 2007, 2008 og 2010 (ekki var sótt um heimild fyrir 2009). Þau ár var aflheimild mest 10W. Frá og með 6. janúar árið 2011 hefur hins vegar verið veitt full aflheimild til G-leyfishafa, þ.e. 1kW.

#### 9.4 Sérheimild á 5.260-5.410 MHz (60 metrar).

Félaginu barst erindi frá Póst- og fjarskiptastofnun þann 6. júní 2012 þar sem íslenskum leyfishöfum er veitt heimild til að nota PSK-31 tegund útgeislunar (6OH0J2B). Þá barst erindi frá stofnuninni þann 13. nóvember, þar sem framlengd var tímabundin heimild til nota á tíðnisviðinu 5.260-5.410 MHz á víkjandi grundvelli í tilraunaskyni, næstu tvö almanaksár, 2013 og 2014.

Skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar eru eftirfarandi: (a) Heimilaðar mótunaraðferðir eru J3E (USB), A1A (CW) og 6OH0J2B (PSK-31); (b) hámarks leyfilegt útgeislað afl er 100W; (c) Heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi, en þá verður að hætta sendingum strax; (d) kallmerki skal notast við upphaf og endi fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir; og (e) N-leyfishafar og G-leyfishafar njóta sömu heimilda. Hafi leyfishafar haft heimild fyrir til notkunar á tíðnisviðu, þarf engu að síður að sækja sérstaklega um heimild fyrir nýtt leyfistímabil, þ.e. 1.1.2013-31.12.2014. Íslenskir radíóamatörar hafa haft heimild stofnunarinnar aðgang að 60 metra bandinu frá 1. janúar 2008.

#### 9.5 Sérheimild á 70,000-70,200 MHz (4 metrar).

Félaginu barst erindi frá Póst- og fjarskiptastofnun þann 14. nóvember 2012 þess efnis, að íslenskum leyfishöfum væri veitt framlengd tímabundin heimild til nota á tíðnisviðinu 70,000-70,200 MHz á víkjandi grundvelli í tilraunaskyni, næstu tvö almanaksár, þ.e. 2013 og 2014.

Skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar eru eftirfarandi: (a) Heimildin miðast mest 16 kHz bandbreidd; (b) hámarks útgeislað afl er 100W; (c) heimildin er með fyrirvara um að ekki komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi, en þá verður að hætta sendingum strax; og (d) N-leyfishafar og G-leyfishafar njóta sömu heimilda. Sækja má um heimild til PFS. Hafi menn haft heimild til notkunar á tíðnisviðinu þarf engu að síður að sækja sérstaklega um heimild fyrir nýtt leyfistímabil, þ.e. 1.1.2013-31.12.2014. Fyrsta heimild til íslenskra leyfishafa á 4 metrum var veitt frá og með 19. febrúar 2010.

# 10. Endurvarpar, stafvarpar, radióvitar

## ENDURVARPAR, STAFVARPAR, RADÍÓVITI

### 10.1 YFIRLIT

Á starfsárinu 2012/2013 voru mest starfræktir 7 endurvarpar hér á landi í tíðnisviði radióamatöra í metrabylgjusviðinu. Um var að ræða: (1) TF1RPB í Bláfjöllum (2) TF1RPE á Búrfelli á Suðurlandi; (3) TF3RPA á Skálafelli<sup>17</sup>; (4) TF3RPC á Hagatorgi í Reykjavík; (5) TF3RPI í Ljósheimum í Reykjavík<sup>18</sup>; (6) TF5RPD í Vaðlaheiði (í nágrenni Akureyrar); og (7) TF8RPH á Garðskaga.

Á starfsárinu 2012/2013 voru mest starfræktir 4 stafvarpar hér á landi í tíðnisviði radióamatöra í metrabylgjusviðinu. Um var að ræða: TF1APB í Bláfjöllum; (2) TF3APE í Ljósheimum í Reykjavík; (3) TF3APF (áður TF3RPF) í Hraunbæ í Reykjavík; og (4) TF3APG (áður TF3RPG) í Skeljanesi í Reykjavík.

Á starfsárinu 2012/2013 hefur einn radióviti verið starfræktur hérlendis. Það er TF1SIX sem vinnur á 50 MHz (6 metrum) á Langholtsfjalli á Suðurlandi.

*Yfirlit yfir endurvarpa, stafvarpa og radióvita sem voru starfræktir á starfsárinu 2012/2013.*

Kallmerki	QTH	QRG, inn	QRG, út	„Locator“	Skýringar
<b>Endurvarpar</b>					
TF1RPB	Bláfjöll	145.050 MHz	145.650 MHz	HP93ex	Nýjar QRG: 14.2.2013.
TF1RPE	Búrfell	145.100 MHz	145.700 MHz	IP04cb	
TF3RPA	Skálafell	145.000 MHz	145.600 MHz	HP94gf	
TF3RPC	Reykjavík	145.175 MHz	145.775 MHz	HP94bd	QRT: 6.2.2013.
TF3RPI	Reykjavík	145.075 MHz	145.675 MHz	HP94fb	Nýr: 5.2.2013; QTH: Ljósheimar.
TF5RPD	Vaðlaheiði	145.025 MHz	145.625 MHz	IP05xr	
TF8RPH	Garðskagi	144.125 MHz	145.725 MHz	HP84qb	QRT: 8.9.2012.
<b>Stafvarpar</b>					
TF1APB	Bláfjöll	144.800 MHz	144.800 MHz	HP93ex	Nýr 18.8.2012; QRT: 14.2.2013.
TF3APE	Reykjavík	144.800 MHz	144.800 MHz	HP94fb	Nýr 28.11.2012; QTH: Ljósheimar
TF3APF	Reykjavík	144.800 MHz	144.800 MHz	HP94bc	Áður: TF3RPF; breytt 28.12.2012
TF3APG	Reykjavík	144.800 MHz	144.800 MHz	HP94ad	Áður: TF3RPG; breytt 28.12.2012
<b>Radióvitar</b>					
TF1SIX	Langholtsfjall	-	50.057 MHz	HP94sc	Í umsjá TF3GW

Á starfsárinu 2012-2013 var að venju nokkuð um framkvæmdir í tengslum við endurvarpa félagsins. Hér á eftir fylgir stutt yfirlit yfir það helsta sem gert var í þeim efnum.<sup>19</sup> Í.R.A. þakkar sérstaklega framlag eftirtalinna félagsmanna sem komið hafa að því að halda endurvörpum og stafvörpum félagsins gangandi á starfsárinu með ómældu vinnuframlagi. Þeir eru: Jón Ingvar Óskarsson, TF1JI; Samúel Þór Guðjónsson, TF2SUT; Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI; Baldvin Þórarinnsson, TF3-Ø33; Benedikt Guðnason, TF3TNT; Guðmundur Sigurðsson, TF3GS; Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA; Jónas Bjarnason, TF3JB; Sigurður Harðarson, TF3WS; Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM og Þór Þórisson, TF3GW.

<sup>17</sup> TF3RPA er í eigu Eigendafélags Péturs, en endurvarpinn er opinn öllum leyfishöfum til notkunar.

<sup>18</sup> TF3RPI er í eigu TF3ML, en endurvarpinn er opinn öllum leyfishöfum til notkunar.

<sup>19</sup> Stutt umfjöllun er um TF3RPA og TF3RPI þótt þeir endurvarpar séu ekki í eign félagsins.

### 10.1.1 TF1RPB – QTH Bláfjöll.

#### Stutt samantekt.

Á starfsárinu 2012/2013 þurfti töluvert að þjónusta endurvarpann Pál, TF1RPB, í Bláfjöllum. En hann varð loks QRV á ný þann 14. júní 2012 þegar TF3WS lagði á fjallið og tengdi hann á ný. Þá hafði fengist heimild til að nota til bráðabirgða, gamalt loftnet á staðnum sem reyndist vel um 3 mánaða skeið, uns endurvarpinn fékk í sig eldingu. Í framhaldi var tekin sú ákvörðun þann 8. september að sækja Kenwood endurvarpa félagsins á Garðskaga (sem hafði þjónað TF8RPH vel frá því í apríl) og var hann fluttur í Bláfjöll af þeim TF3WS og TF3ARI 9. september. Endurvarpinn gekk síðan með ágætum fram undir miðjan október þegar sambandsleysi í gamla loftnetinu varð yfirþyrmandi. Þann 20. október, lagði TF3JA á fjallið og tengdi hann varpann til bráðabirgða við APRS loftnet TF1APB. TF1RPB



gekk síðan ágætlega á því loftneti í um 690 metra hæð yfir sjávarmáli.

mánaðartíma, uns sviðsstyrkur hans nánast hvarf. Í ljós kom, að stilkur APRS loftnetsins hafði brotnað af festingunni og fokið. Á ný átti TF3JA ferð á fjallið 18. nóvember og var TF1RPB aftur tengdur við gamla netið og gekk ágætlega, en sviðsstyrkur frá því var verulega minni samanborið við áður. Til að laga þá stöðu, lagði TF3ARI á fjallið 20. nóvember og tengdi endurvarpann við ¼-bylgju GP bráðabirgðaloftnet sem félagið fékk leyfi til að nota (reyndar sniðið fyrir 156 MHz) sem kom nokkuð vel út þótt það væri ekki klippt fyrir 2 metrana. Það loftnet var í notkun uns lagt var á fjallið á ný þann 5. febrúar og sett upp 6dB VHF húsaloftnet, sem var í raun í fyrsta skipti sem Kenwood endurvarpinn fékk loftnet gert fyrir 2 metra bandið (eftir að hann var fluttur í Bláfjöll). Það kom strax mjög vel út, en að kvöldi sama dags varð vart við truflanir og um nóttina féll nýja loftnetið til jarðar, líklega vegna ísingar. Á ný var haldið í Bláfjöll þann 10. febrúar og loftnetið sett upp á ný, en betur varið. Daginn eftir fréttist af tveimur einkaaðilum sem urðu fyrir truflunum – en með rétt loftnet fyrir tíðnisviðið var útgeislun frá TF1RPB í raun í fyrsta sinn á „réttum“ forsendum, en reyndar nú á loftneti sem hafði 6 dB ávinning (sem var töluvert aukin útgeislun samanborið við ¼ -bylgju GP bráðabirgðaloftnetið). Málið endaði þannig, að ákveðið var að slökkva á Páli. Og næst var lagt á fjallið þann 14. febrúar. Að þessu sinni var ákveðið að skipta um vinnutíðni til tillögu TF3TNT (en það kom í ljós að móttaka hjá öðrum af tveimur einkaaðilum hafði haft spegiltíðni á eldri útsendingartíðni endurvarpans). TF1RPB var því færður um 100 kHz niður. Samtímis var sendiafl varpans fært í 12 wött úr 25 wöttum. Nú varð nokkurra daga hlé og gekk allt vel þar til 25. febrúar að annar endurvarpi í einkaeigu olli truflun hjá þriðja notanda (þegar sendingar frá TF1RPB fóru í loftið). Það var úr, að TF3WS lagði á fjallið í hádeginu sama dag og um kl. 15:00 síðar um daginn, var kveikt á TF1RPB á ný og gerðar ítarlegar prófanir. Síðan þá hefur TF1RPB staðið sig vel og gerir það vonandi áfram.

Hér á eftir fylgir nánari lýsing á þeirri þjónustu sem reidd var af hendi við endurvarpann í tímaröð á starfsárinu 2012/2013, þ.e. frá 14. júní til 19. apríl.





TF3ARI frátengir búnað TF8RPH á Garðskaga.

**14. júní.** TF1RPB varð QRV á ný kl. 09:15 að morgni 14. júní á búnaði frá Zodiac, af RT-4000 gerð. Það var Sigurður Harðarson, TF3WS, sem lagði á fjallið ásamt því að undirbúa verkefnið. Langþráð merki heyrðist loks frá Páli á VHF frá Bláfjöllum og heyrðist hann vel í Reykjavík, á Reykjanesi og austur fyrir fjall. Félagið fékk til afnota bráðabirgðaloftnet sem kom vel út.

**12. júlí.** Sigurður Harðarson, TF3WS, gerði á ný ferð í Bláfjöll þann 12. júlí og forritaði á brott útsendingartakmörkun varpans (e. time-out). Þá forritaði hann svokallað „skott“ í sendingu hans niður í lágmark. Þessar breytingar voru mjög til batnaðar.

**8. september.** Í byrjun september fóru að koma fram truflanir á sendingum frá TF1RPB, sem frekar ágerðust eftir því sem leið á þá viku. Í samráði við Sigurð Harðarson, TF3WS, var ákveðið að færa

endurvarpabúnað félagsins frá TF8RPH á Garðskaga, í Bláfjöll. Síðdegis þann 8. september gerðu þeir TF3ARI og TF3JB ferð suður á Garðskaga og sóttu varpann, ásamt aflgjafa, formagnara og tilheyrandi kóaxsnúrum.

**9. september.** Árla morguns gerðu þeir Sigurður Harðarson, TF3WS og Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI, ferð í Bláfjöll og skiptu út Zodiac endurvarpanum fyrir Kenwood endurvarpann. Ari hafði, kvöldið áður, forritað nýjar tíðnir í stað eldri tíðna TF8RPH. Nýi endurvarpinn kom strax mjög vel út. Þegar heim var komið, opnaði TF3WS Zodiac RT-4000 endurvarpinn og þá kom í ljós að hann hafi orðið fyrir eldingu. Að mati Sigurðar, var viðtækið var það mikið skemmt til að það borgaði sig ekki að gera við það. Það ætti þó líklega gera það hjá framleiðanda, en menn höfðu reynslu af því að Zodiac væru mjög dýrir. Ekkert varð því úr þeim áformum að gera við Zodiac stöðina og setja upp á Garðskaga í stað endurvarpans sem fluttur var þaðan í Bláfjöll.

**6. október; krossband fjarskipti.** Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI og Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM, settu upp Kenwood TM-D700A VHF/UHF stöð í vitavardarhúsinu á Garðskaga og tengdu við loftnet félagsins sem áður var notað við TF8RPH endurvarpann. Stöðin vinnur í krossband „mode“ með TF1RPB varpanum í Bláfjöllum. Inngangstíðnin á Garðskaga er 434.500

MHz. Í báðum tilvikum er notuð CTCSS tónlæsing á tíðninni 88,5 rið. Svo heppilega vill til, að OPEC húsluftnetið sem félagið keypti fyrir TF8RPH endurvarpann er hvorutveggja fyrir 2 metrana og 70 sentimetrana, sem kemur sér vel við þessa tilraun. Spennandi og skemmtilegt tilraunaverkefni í VHF og UHF tíðnisviðunum.



Kenwood TM-D700A VHF/UHF stöð annast krossband fjarskiptin á Garðskaga.



*Kenwood TKR-750 endurvarpi félagsins kominn í þjónustu TF1RPB í stöðvarhúsinu í Bláfjöllum.*

**20. október.** Laugardaginn 20. október átti TF3JA erindi í Bláfjöll. Þegar hann var staddur á fjallinu hafði hann símasamband við stjórn og óskaði heimildar til að frátengja loftnet TF1RPB og tengja varpann þess í stað til prufu, við minna loftnet (bílloftnet á segulfæti) sem tengt hafði verið við APRS stafvarpann þar á staðnum (TF1APB). Svo vel vildi til þegar hringt var, að stjórnarmenn voru staddir í Skeljanesi ásamt TF3TNT nýjum VHF Manager félagsins og að höfðu samráði við hann og viðstadda stjórnarmenn, var heimildin veitt.

Málið er, að eftir „fall“ 6 dBd VHF loftnets félagsins tæpu ári áður bauðst félaginu afnot af gömlu loftneti sem fyrst í stað kom vel út, en frá því síðsumars fór að bera ítrekað á sambandsleysi (mismunandi eftir dögum og vindi) sem plagaði notendur. Boð TF3JA kom því í raun á góðum tíma. Og eftir flutning endurvarpans yfir á APRS loftnetið komu merki frá TF1RPB strax vel út, m.a. til TF1JI sem er búsettur undir undir Eyjafjöllum.

**12. nóvember.** Á ný var TF1RPB í loftnetsvandræðum, en ca. upp úr 10.-11. nóvember féll styrkur merkis frá Páli verulega. Tilgátur voru um að segulloftnetið sem TF3JA tengdi við endurvarpann um þremur vikum áður, hafi fallið á hliðina í veðurofsa sem geisaði á fjallinu á þeim tíma.

**17. nóvember.** Fimm dögum síðar, öllum að óvörum, heyrðist skyndilega listavel á ný í TF1RPB upp úr kl. 14:30 laugardaginn 17. nóvember þegar kallað var CQ TF de TF3IRA. Það var TF1JI sem svaraði um hæl og var hissa, þar sem endurvarpinn virtist hafa endurheimt fyrri styrk og heldur meir. Enginn sem var QRV á tíðninni hafði upplýsingar um hvernig mætti vera að Páll væri á ný á fullum styrk þegar um var spurt, en allir voru mjög ánægðir með að hafa endurheimt gott merki frá Páli. Hins vegar, þegar TF3JA mætti á gervihnattasýnikennslu hjá TF3ARI og TF3TNT í félagsaðstöðuna í Skeljanesi, rétt fyrir kl. 16 sama dag, játaði hann að hafa lagt í fjallgöngu fyrr um daginn og tengt „gamla“ loftnetið (sem við fengum síðsumars á til afnota) á ný við endurvarpann í stað bráðabirgða APRS-





*¼-bylgju GP loftnetið sem félagið fékk lánað er staðsett hægra megin á þaki stöðvarhússins.*

loftnetsins. Að sögn TF3JA, hafði APRS loftnetið misst loftnetsstilkinn í áðurgreindu ofviðri, þannig að það sem TF1RPB hafði sem loftnet um nokkurra daga skeið, var aðeins ca. 3 cm stálteinsstubbur.

**20. nóvember.** TF3ARI fékk far í Bláfjöll þann 20. nóvember og tengdi TF1RPB yfir á ¼-bylgju GP loftnet (klippt fyrir skipatíðnir) sem félagið fékk heimild til að nota. Í sömu ferð var APRS stafvarpinn TF1APB, tengdur á ný; nú við það loftnet sem TF1RPB hafði notað áður. Báðir varparnir voru þar með QRV. Páll „hikstaði“ stundum (og stundum mikið) eftir tengingu við lánsnetið. Tilgátur voru um að APRS stafvarpinn væri truflana-

valdurinn. Við það tækifæri var utaná-liggjandi 20 dB formagnarinn aftengdur, þar sem hann var einnig grunaður. Síðar kom reyndar á daginn (eftir ítrekaðar tilraunir) að búnaður stafvarpans truflar í reynd viðtöku TF1RPB. APRS búnaðurinn var því á endanum frátengdur.

**5. febrúar 2013.** Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI og Jón Ingvar Óskarsson, TF1JI lögðu á fjallið þann 5. febrúar ásamt Guðmundi Sigurðssyni, TF3GS. Ferðin var notuð til uppsetningar á nýju Workman UVS-200 VHF/UHF 6 dB glerrefjalofneti sem var gjöf frá Ara til félagsins. Ferðin var jafnframt notuð til endurforritunar á svokölluðum „suðrailer“. Ennfremur var farið yfir stillingar á „cavity“ síum. Fyrstu prófanir sýndu að sviðsstyrkur „Páls“ var allt annar og betri en var ¼-bylgju GP bráðabirgðalofnetinu.

Menn voru enn að fagna bættri útbreiðslu frá TF1RPB eftir frækna för þeirra TF3ARI og TF1JI á fjallið í félagi við TF3GS, þegar fréttist frá TF3WS um að tvö einkafyrirtæki verði fyrir truflunum. Málið var þegar tekið til skoðunar.




*Jón Ingvar Óskarsson TF1JI gengur frá nýju Workman UVS-200 VHF/UHF húsluftneti fyrir TF1RPB.*



En sjaldan er ein báran stök, því nýtt loftnet endurvarpans náði að vera uppi í u.þ.b. sólarhring þegar það féll til jarðar vegna ísingar. TF3GS lagði á fjallið á ný þann 7. febrúar og tengdi „Páll“ á ný yfir á stóra gamla loftnetið sem við vorum fyrst með eftir að stóri tréstaurninn féll til jarðar í fyrra. Vandinn við þetta gamla net er, að annað slagið kemur fram sambandsleysi, þótt það virki vel þegar það er í lagi.

**10. febrúar.** Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI og Benedikt Guðnason, TF3TNT, lögðu á fjallið 10. febrúar. Workman UVS-200 var aftur sett upp, en nú í gamalt rör af Kathrein loftneti. Að sögn Ara, var það misskilningur að festingin á húsinu hafi gefið sig – heldur var það álhólkurinn á glertrefjalofnetinu sem mun hafa losnað frá. Þess vegna hentaði að nota framangreint rör frá sterku „commercial“ loftneti.



*Benedikt Guðnason TF3TNT gengur frá Workman UVS-200 húsloftneti fyrir TF1RPB eftir að búið var að setja það inn í sterkt glertrefjarör af Kathrein loftneti.*

**11. febrúar.** En Adam var ekki lengi í Paradís. Að morgni 11. febrúar um kl. 10 bárust skilaboð frá TF3WS þess efnis, að tvö einkafyrirtæki yrðu fyrir truflun frá TF1RPB. Truflunin lýsti sér þannig, að þegar Páll fór í loftið og aðrar þjónustur samtímis, átti sér stað blöndun sem truflaði, m.a. á QRG 154.950 MHz. Gerð var tilraun með að minnka afl endurvarpans í 10 wött, en án árangurs. TF1RPB var því tekinn úr þjónustu um kl. 10:30 árdegis<sup>20</sup> og var tilkynning þess efnis sett á heimasíðu félagsins og póstlista. Málið var skoðað og tillaga TF3TNT var sú, að að færa vinnutíðnir TF1RPB niður um 100 kHz, þ.e. á 145.050 MHz og 145.650 MHz.

**14. febrúar.** Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI, lagði síðan á fjallið í býtið þann 14. febrúar. Að höfðu samráði við TF3TNT, var verkefnið að færa endurvarpann til í tíðni þar sem QRG 145.150 MHz var með mjög hátt truflanagildi í móttöku í húsnæðinu í Bláfjöllum. Valin var eldri tíðni endurvarpans, þ.e. 145.050 MHz (RX) og 145.650 MHz (TX) og var hún truflanalaus. Þeir Ari og Benedikt höfðu í handraðanum, ef það gengi ekki, að skipta þá upp „dæminu“, þ.e. sending yrði færð á „gamla“ loftnetið sem er staðsett nokkuð frá húsinu

<sup>20</sup> Svo því sé haldið til haga, þá trufluðu merkin frá TF1RPB hvorki flug né skipaþjónustu.

en viðtakan yrði höfð á nýja loftnetinu. Til þess kom þó ekki, vegna þess að þessi færsla á vinnutíðnum gekk upp. Haft var samráð við TF3WS og ítarlegar prófanir gerðar. Prófanir með Sigurði leiddu í ljós, að móttökumagnari sá sem áður var tengdur við varþann gerði ekkert gagn lengur; öllu heldur ógagn ef eitthvað. Hann var því frátengdur. Í framhaldi var sent formlegt erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar með beiðni um nýjar vinnutíðnir.



Lagt upp í ferð í Bláfjöll þann 5. febrúar. Guðmundur Sigurðsson TF3GS og Jón Ingvar Óskarsson TF1J.

**25. febrúar.** Á ný kom fram truflun þann 25. febrúar og var þegar slökkt á endurvarpanum. Um var að ræða truflun inn á endurvarpa einkaaðila sem var í notkun við björgunaraðgerðir björgunarsveitanna í Landmannalaugum. Degi síðar, þann 26. Febrúar, lagði TF3WS lagði á fjallið og eftir prófanir var TF1RPB settur í þjónustu á ný um kl. 15. Til öryggis, var sendiafl stöðvarinnar stillt á 12 wött. Vandinn reyndist sem betur fer ekki vera í endurvarpa félagsins heldur í áður tilgreindum endurvarpa sem þjónaði við björgunaraðgerðirnar. Eftir ítarlegar prófanir TF3WS á fjallinu með aðstoð nokkurra leyfishafa var fullreynt að allt væri í lagi og var TF3RPB var settur í þjónustu á ný kl. 15:00 þann 26. febrúar.

**19. apríl.** Menn urðu varir við að merkið frá TF1RPB hafði dofnað sums staðar upp úr miðjum aprílmánuði. Í ferð á fjallið þann 19. apríl kom í ljós, að 2 af 3 radíólum loftnetsins höfðu skrúfast út og fallið til jarðar. Fyrirhugað er, að í næstu ferð á fjallið verði farið með nýja radíala og járn lím borið á gengjur þeirra til öryggis.<sup>21</sup>

#### **10.1.2 TF1RPE – QTH Búrfell.**

Ferð var gerð á fjallið Búrfell til að skoða ástand TF1RPE þann 8. mars 2013. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, fór á staðinn og að hans sögn er loftnet endurvarþans brotið í tvo hluta. Guðmundur hefur útvegað annað loftnet í millitíðinni og verður skipt um það við fyrsta tækifæri sem ferð gefst. Þrátt fyrir þetta ástand á loftneti endurvarþans opnast hann, en merki frá honum er dauft að sögn Þór Þórissonar, TF3GW, sem á sumarbústað á Flúðum og hefur fylgst með sviðsstyrk hans í gegnum tíðina.

---

<sup>21</sup> Skýringar. Fyrsta yfirsveifla endurvarþans er 70 dB undir vinnutíðni hans. Sendirinn er tengdur við þrjár „cavity“ síur sem eru með rúmlega 80 dB deyfingu. Það hefur þau áhrif, að aðeins um 300 kHz frá vinnutíðni varþans er næsta hugsanlega truflun -150 dB neðar í styrk en sendiafl. Fræðilega séð ættu því (að öllu jöfnu) að vera mjög litlar líkur á truflunum frá endurvarpanum.

Á myndinni til hliðar má sjá Guðmund Sigurðsson, TF3GS, koma fyrir loftneti við TF3RPE þann 2. október 2010. Markmið ferðarinnar þá var að skipta út loftneti endurvarpans þar eð styrkur frá stöðinni hafði um hríð þótt lágur. Guðmundur hafði meðferðist annað loftnet, en í ljós kom að þess þurfti ekki með þar sem efri hluti netsins virtist aðeins hafa losnað og var því gengið frá netinu og það fest tryggilega á ný. Loftnetið reyndist þá óskaddað og var það staðfest með mælingum. Veturinn 2010/2011 virðist sem loftnetið hafi losnað á ný og brotnað (eins og fram kemur að ofan) þar sem styrkur frá TF1RPE lækkaði á ný hjá þeim félagsmönnum sem áður höfðu áður móttakið nokkuð góð merki frá endurvarpanum.



*Guðmundur Sigurðsson TF3GS gengur frá loftneti TF1RPE 2. október 2010 á Búrfelli.*

#### 10.1.3 TF3RPA – QTH Skálafell.

Vitað er um ferð sem farin var á Skálafell þann 6. desember 2012. Markmið ferðarinnar var að skipta um loftnet á endurvarpanum TF3RPA. Verkefnið tókst með ágætum og hefur endurvarpinn verið QRV síðan á QRG 145.000 MHz (TX); QRG 145.600 (RX). TF3RPA er í eigu Eigendafélags Péturs.

**10.1.4 TF3RPC – QTH Reykjavík.** Slökkt var á TF3RPC þann 6. júní 2012 og kveikt á honum á ný þann 15. júní. Ástæða þessa var byggingarframkvæmdir á húsinu við Hagatorg. Þann 6. febrúar 2013 var endurvarpinn tekinn niður – á ný vegna byggingaframkvæmda við húsið. Gert var ráð fyrir að hægt yrði að setja hann upp á ný ca. Í aprílmánuði. Áður en til þess kom, var haldinn sérstakur fimmtudagsfundur í Skeljanesi um VHF/UHF mál. Þar var



*Mynd frá byggingaframkvæmdum við Radisson Blu Hótel Sögu í Reykjavík í febrúar 2013.*

samþykkt að í ljósi þess hve vel TF1RPB kemur út í Bláfjöllum, að þá sér ekki lengur sérstök þörf fyrir „Einar“ á þessum stað. Jafnframt liggja Melarnir tiltölulega lágt yfir sjávarmáli, þannig að fremur komi til greina að setja TF3RPC upp annars staðar í Reykjavík; eða í nágrenni.




Það voru Sigurður Harðarson, TF3WS; Baldvin Þórarinnsson, TF3-Ø33 og Jónas Bjarnason, TF3JB sem tóku niður búnað TF3RPC miðvikudaginn 6. febrúar.



Á myndinni má sjá TF3-Ø33 við jeppann, þegar búnað var að koma fyrir „cavity“ síum TF3RPC. Einar notaði 10 watta sendi og hafði ekki möguleika á tónlæsingu.

### 10.1.5 TF5RPD – QTH Vaðlaheiði.

Þann 19. júlí lauk uppsetningu á 7 metra háu trefjaglersloftneti (fyrrum skipaneti) við endurvarpann TF5RPD. Við sama tækifæri var fæðilína endurnýjuð. Skipanetið kemur í stað eldra J-pólsloftnets. Að sögn TF5B varð merkið frá „Tóta“ áberandi sterkara eftir loftnetsskiptin. TF5RPD er annars vel búinn, þ.e. með móttökumagnara og „band-pass“ síum, auk þess að senda reglulega út auðkenni á morsi.



Eftir uppsetningu stóra loftnetsins fór nokkuð að bera á sjálfræsingum endurvarpans (en samt ekki stöðugum) samkvæmt upplýsingum frá TF5B. Tillaga TF3GW og TF3WS til úrbóta, er að forrita endurvarpann með CTCSS tónlæsingu (88,5 riða tóni) við tækifæri.

TF5RPD var QRT meginhluta febrúarmánaðar 2013 vegna rafmagnsleysis. Endurvarpinn var QRV á ný þann 1. mars þegar TF3GS var þar á ferð. Að sögn Guðmundar, var málið að aflgjafinn fyrir endur-varpann hafði slegið út. Guðmundur staðfesti að allt virkaði vel áður en hann yfirgaf Vaðlaheiðina.

Á myndinni má sjá Yaesu endurvarpa félagsins í stöðvarhúsinu á Vaðlaheiði. Endurvarpinn er á hillunni og við hlið hans „band pass“ síur og við endurvarpann sjálfan 20 dB formagnari. Fyrir neðan þann búnað eru fjórar „cavity“ síur.

### 10.1.6 TF8RPH – QTH Garðskagi.

Tónlæsing TF8RPH á Garðskaga var færð til fyrra horfs þann 16. júní 2012. „Garri“ var þannig á ný búinn CTCSS tónlæsingu með 88,5 riða tóni. Það var síðan þann 8. september, að þeir Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI og Jónas Bjarnason, TF3JB gerðu ferð suður á Garðskaga og sóttu endurvarpann, ásamt aflgjafa, formagnara og tilheyrandi kóaxsnúrum. Hann var síðan fluttur í Bláfjöll að morgni næsta dags til notkunar fyrir TF1RPB. Á sérstökum fimmtudagsfundum þann 14. mars 2013 var ákveðið að setja ekki aftur upp endurvarpa á Garðskaga, einkum í ljósi þess hve vel endurvarpinn í Bláfjöllum kemur út. Staðsetning endurvarpa á Garðskaga hafði verið til umræðu innan félagsins í nokkuð langan tíma. Þegar TF8RPH var síðan settur upp þann 21. apríl 2012 lá fyrir að uppsetning hans

væri sérstakt tilraunaverkefni, á vegum félagsins og í upphafi var miðað við að hann yrði a.m.k. QRV út maímánuð (2012).



*Garðskaga 21. apríl 2012. TF3ARI gengur frá uppsetningu OPEC UVS-300 VHF/UHF húsloftnetsins fyrir TF8RPH.*

### **10.1.7 TF3RPI – QTH Reykjavík.**

Nýr VHF endurvarpi í eigu TF3ML var settur upp í húsnaði í eigu TF3ARI að Ljósheimum 8 til 10 í Reykjavík þann 5. febrúar 2013. Vinnutíðnir endurvarpans eru á 145.175 MHz (RX) og 145.675 MHz (TX). Umsjónarmaður er TF3ARI. Endurvarpinn er frá Icom af gerðinni IC-FR5000.



*Endurvarpinn TF3RPI er á hillunni, aflagjafi hægra megin við hann og „cavity“ síurnar eru geymdar á gólfinu.*

## 10.2. STAFVARPAR

Á starfsárinu 2012/2013 voru mest starfræktir 4 APRS stafvarpar. Breytingar voru gerðar á kallmerkjum þeirra á tímabilinu að ósk APRS hópsins, sbr. meðfylgjandi töflu.

Kallmerki stafvarpa var	Kallmerki stafvarpa er nú	Staðsetning	Skýringar
TF1APB	<b>TF1APB</b>	Bláfjöll	Engin breyting 27.11.2012
TF3RPJ	<b>TF3APE</b>	Ljósheimar	Kallmerkið TF3RPJ 26.11.2012, sótt um br. 27.11.2012
TF3RPF	<b>TF3APF</b>	Hraunbær	Breytt kallmerki 27.11.2012
TF3RPG	<b>TF3APG</b>	Skeljanes	Breytt kallmerki 27.11.2012



Brynjólfur Jónsson TF5B

## „Iceland on Digimodes“ - nýtt viðurkenningarskjal Í.R.A.

Brynjólfur Jónsson, TF5B, viðurkenningastjóri Í.R.A. kynnti nýtt viðurkenningarskjal Í.R.A. þann 3. febrúar 2013. Skjalið er fyrir sambönd við íslenskar stöðvar á stafrænum tegundum mótunar. Það er í boði bæði fyrir radióamatöra og stuttbylgjuhlustara. Takmörk eru hvorki sett hvað varðar einstök bönd eða hvenær sambönd voru höfð (heyrð), en sambönd verða að lágmarki að vera við tvær íslenskar stöðvar. QSO við stöðvar með kallmerkin /TF eða TF/ gilda ekki fyrir þetta viðurkenningarskjal. Samböndin þurfa ekki að vera staðfest, en með umsókn þarf að fylgja listi með upplýsingum

um samböndin, þ.e. um kallmerki þeirra stöðva sem höfð voru sambönd við (eða heyrð), mánaðardagur, mánuður, ár, tími, band, tegund mótunar og RST. Brynjólfur býður upp á að fyrsta viðurkenningarskjalið til radióamatörs/hlustara sem veitt er í hverri DXCC einingu verði auðkennt sem slíkt, auk þess sem auðkenningar um tiltekna tegund stafrænnar mótunar verða skráðar á skjalið, sé þess óskað. Kostnaður er 8 alþjóðasvarmerki, US \$5.00 eða €5.00. Iceland on Digimodes Award er sérprentað fyrir hvern umsækjanda á sérstakan 110 g/m<sup>2</sup> bleksprautupappír í stærðinni 297X210mm og er fjöllita.




Vakin er athygli á öðrum viðurkenningarskjölum félagsins, sem eru í boði, en þau eru: IRAA Award, Í.R.A. WANC Award, Iceland on Six Meters Award, The Iceland Award, Í.R.A. Zone 40 Award og Í.R.A. JOTA Award. Alls eru þetta átta mismunandi viðurkenningarskjöl. Nánari upplýsingar um þau eru á vefsíðu viðurkenningastjóra á heimasíðu félagsins. Slóðin er: <http://ira.is/pages/viewpage.action?pageId=360511>





*Jón Ágúst Erlingsson, TF3ZA, lagði upp í sex mánaða bifreiðaferðalag um Afríkulönd í byrjun ársins 2013. Um er að ræða 16 manna ferðahóp sem notar uppgerðan 4X4 hertrukk af gerðinni Bedford MK. Hópurinn lét úr höfn með ferjunni Norröna frá Seyðisfirði þann 9. janúar og er takmarkið að enda ferðina í Cape Town í S-Afríku í lok júnímánaðar. Þann 24. janúar fréttist af því að hópurinn væri kominn til Marokkó í Afríku, eftir akstur í gegnum Evrópu og ferjusiglingu frá Spáni. Síðan þá hefur Jón Ágúst heyrst á HF böndunum frá hinum ýmsu Afríkulöndum. Hann fékk meðal annars útgefin leyfisbréf í eftirfarandi DXCC löndum: CN, 5T, 6W, 3X, TU, 9G, 5V, TY, 5N, TJ, TR, TN, 9Q, 9J, Z2, A2 og ZS.*



*Úr félagsstarfinu. Reynir Björnsson TF3JL og Örnólfur Hall í fjarskiptaherbergi í.R.A. þann 26. júlí 2012.*

# 11. Gjafir til Í.R.A.

## PC TÖLVUR – LOFTNET – RADÍÓDÓT – ÍHLUTIR – MYNDDISKAR

### GJAFIR

Á hverju starfsári berast félaginu gjafir. Hér á eftir er leitast við að gefa stutt yfirlit yfir gjafir og gefendur á starfsárinu 2012/2013. Þar á meðal eru gjafir, þar sem félagsmenn vilja ekki láta nafns síns getið. Stjórn félagsins þakkar velvilja félagsmanna.

### Viðgerð á samkomutjaldi Í.R.A.

Félaginu barst að gjöf þann 19. ágúst, að sauma upp tjaldpokinn utan um samkomutjald félagsins (sem var illa farinn og rifinn). Í hann var bætt og hann víkkaður og gerður sem nýr. Verkið var unnið á saumastofu Seglagerðarinnar. Gefandi: Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33.



Worked All States - WAS - viðurkenningaskjöl TF3IRA líta óneitanlega glæsilega út í vandaðri innrömmun.

### Innrömmun WAS viðurkenningaskjala.

Félaginu barst að gjöf, þann 3. september, innrömmun á þremur WAS viðurkenningaskjölum fyrir félagsstöðina, TF3IRA, sem unnin var á innrömmunarverkstæði. Gefandi: Jónas Bjarnason, TF3JB.

### HF stangarloftnet.

Félaginu barst að gjöf þann 15. október, notað Butternut HF6V stangarloftnet, sem er 6 banda húsloftnet fyrir 80, 40, 30, 20, 15 og 10 metra böndin. Loftnetið var sett upp þann 20. október og tengt við félagsstöðina TF3IRA. Gefandi: Sigurður R. Jakobsson, TF3CW.

### Myndir í sal.

Svart/hvítar ljósmyndir félagsins sem upphaflega voru stækkaðar og límdar upp fyrir Vörusýninguna í Laugardalshöllinni í Reykjavík árið 1975, komu úr endurupplímingu og voru hengdar upp á ný í Skeljanesi þann 15. nóvember. Kostnaður var án aðkomu félagsgjóðs. Gefandi: Jónas Bjarnason, TF3JB.

### DVD Mynddiskur.

Félaginu barst að gjöf, DVD heimildarmynd þann 22. nóvember. Hún er frá DX-leiðangri til Malpelo Island, HKØNA, sem farinn var í febrúar 2012. Gefandi: Brynjólfur Jónsson, TF5B.

### Svart/hvítur skjár.

Félaginu barst að gjöf þann 9. desember, svart/hvítur 9" svart/hvítur skjár. Hann er frá Hitachi, af gerðinni VM-900E og mun vera lítið notaður. Til að byrja með er hann vistaður í fjarskiptaherbergi félagsins. Gefandi: Örnólfur Hall, TF3AH.



Hitachi VM-900E svart/hvítur skjár.

### VHF/UHF húsloftnet.

Félaginu barst að gjöf þann 5. febrúar, Workman UVS-200 VHF/UHF stangarloftnet. Það var sett upp og tengt við endurvarpsstöð félagsins, TF1RPB, í Bláfjöllum sama dag. Gefandi: Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI.

### Radíódót.

Félaginu barst að gjöf þann 12. febrúar ýmislegt notað radiódót. Um er að ræða m.a. „LS-1 SSB Transceiver“ frá Linear Systems U.S.A., ásamt aflgjafa og hljóðnema og „All Mode Active Filter“ frá Daiwa; gerð AF-606K. Gefandi: Sigurður Harðarson, TF3WS.

### Radíódót.

Félaginu barst að gjöf þann 15. febrúar ýmislegt notað radiódót, m.a. SuperStar 1700 CB talstöð, 13.8VDC/6A aflgjafi frá Pan, standbylgjumælir með innbyggðri aðlögunarrás frá SAGA og Ham International aukahátalari. Gefandi: NN í Hafnarfirði.



## Dual Band Amateur Base Antenna

- Covers 2 Meters and 70 Centimeters
- 6 dB Gain on 144-148 MHz
- 8 dB Gain on 440-450 MHz
- Fiberglass Radiator
- Stainless Steel Radials
- Die Cast Aluminum Mounts
- Heavy Duty Construction
- 200 Watt Power Rating
- 8'-4" Overall Height

### PC tölvur.

Fyrri PC tölvu af tveimur sem barst félaginu að gjöf í febrúar/mars, barst í Skeljanes þann 14. mars. Gefandi: Tölvuleikjafyrirtækið CCP. Milligöngu um gjöfina hafði Benedikt Sveinsson, TF3CY, sem einnig annast uppsetningu vélanna sem eru notaðar.

### Innrömmun á WAZ viðurkenningaskjali.

Félaginu barst að gjöf, þann 22. mars, innrömmun á WAZ viðurkenningarskjali fyrir félagsstöðina, TF3IRA, sem unnin var á innrömmunarverkstæði. Gefandi: Jónas Bjarnason, TF3JB.

### DVD Mynddiskur.

Félaginu barst að gjöf DVD heimildarmynd, þann 4. apríl, frá DX-leiðangri til Peter I Island, 3YØX, sem farin var í ársbyrjun 2006. Gefandi: Brynjólfur Jónsson, TF5B.

### Radíódót.

Félaginu barst að gjöf þann 4. apríl, ýmislegt radiódót, úr dánarbúi Kára Guðmundssonar loftskammtamanns fyrir milligöngu Sigurðar Harðarsonar, TF3WS. Þar á meðal, Hallicrafters S 20R Sky Champion (smíðaár líklega árið 1939), bátastöð, móttakari og sendir smíðuð af Landssíma Íslands (líklega árið 1947). Gefandi: Fjölskylda Kára heitins. Sjá ljósmyndir á næstu blaðsíðu.





Fyrri PC tölvan af tveimur sem félaginu var gefin af Tölvuleikjaframleiðandanum CCP.



Bátatæki frá Landssíma Íslands árið 1947. Viðtæki: Gerð VF Nr. 474. Talsendir: Gerð GV Nr. 745



Hallicrafters S20R  
„Sky Champion“  
viðtæki; líklega  
framlétt árið 1939  
í Bandaríkjunum.

## Radíódót.

Félaginu barst að gjöf þann 2. maí; jeppakerrufylli af margskonar notuðu radíódóti, sem félagsmönnum Í.R.A. stóð til boða að koma, skoða, gramsa í og hirða - fyrir utan Skeljanes þann 2. maí. Mestmegnis var um að ræða gamlar talstöðvar, spennugjafa, prentplötur með íhlutum og aukahlutir fyrir fjarskiptatæki. Einnig nýrri talstöðvar (þ.á.m. handstöðvar) og margt fleira dót. Tilkynnt var með nokkurra daga fyrirvara um viðburðinn á heimasíðu og póstlista. Gefandi: Sigurður Harðarson, TF3WS.



*Jeppakerran hjá TF3WS tæmdist að mestu ca. á 20 mínútum, þannig að þeir sem mættu á staðinn síðar gripu að mestu í tómt. Ýmsir sögðust hafa fengið einmitt það dót sem þá vantaði; aðrir náðu sér í hluti sem þeir hafa í hug að smíða úr í framtíðinni. Heldur lyftist þó brúnin á þeim sem komu seint þegar fréttist frá Sigurði, að væntanlegar væru líklega á næstunni tvær jeppakerrur af dóti til viðbótar.*



# Viðauki-A

## Fundargerðir stjórnar starfsárið 2012-2013

Stjórnarfundir	Dagsetning	Blaðsíða
Fundur nr. 1/2012	30. maí	110
Fundur nr. 2/2012	5. júlí	112
Fundur nr. 3/2013	26. júlí	114
Fundur nr. 4/2012	17. september	116
Fundur nr. 5/2012	6. nóvember	120
Fundur nr. 6/2012	27. desember	123
Fundur nr. 7/2013	15. janúar	126
Fundur nr. 8/2013	15. febrúar	128
Fundur nr. 9/2013	10. apríl	132
Fundur nr. 10/2013	12. maí	135



# Fundargerð stjórnarfundar nr. 1/2012-2013

**Númer fundar:** 1

**Dagsetning:** 30. maí 2012

**Staður:** Skeljanes

**Mættir:** TF2JB, TF2WIN TF3AM, TF3BJ, TF3CY, TF3G, TF3SG og TF3UA. TF3EE boðaði forföll.

## 1. Setning fundar.

Fundur settur kl. 17:37. Drög að dagskrá samþykkt.

## 2. Fundargerð seinasta fundar. Samþykkt samhljóða.

## 3. Stjórnarskipti, skipan stjórnar og embættismanna.

- Kveðjustund. TF3G og TF3SG kveðja stjórn.
- TF3AM varaformaður, TF3BJ gjaldkeri, TF3CY meðstjórnandi, TF3UA ritari
- Skipun embættismanna. Fjallað um embættismenn, m.a. um tengilið við PFS og umsjónarmann námskeiða. Jafnframt náðist ekki að ganga frá skipun stöðvarstjóra fyrir fundinn. Að öðru leyti er embættismannalisti óbreyttur frá fyrra horfi. TF3CY lagði til að endurvakið yrði embætti keppnisstjóra. Var þeirri hugmynd tekið fagnandi. TF3CY tekur saman hugmyndir um embættið fyrir næsta fund.
- Myndatöku frestað vegna fjarveru TF3EE.

## 4. Innkomin/útsend erindi.

Umsóknir um inngöngu í félagið. TF3ZR og TF3BGL eru boðnir velkomnir í félagið og fagnar stjórn komu þeirra.

## 5. Yfirferð verkefna.

Útistandandi er að leita til félagsmanna um magnaramál félagsins.

## 6. Aðalfundur 2012.

Öllum frágangi lokið og fundargerð komin á vefinn ásamt skýrslu og ársreikningi.

## 7. Ákvörðun PFS nr. 112/12 þ. 16. maí.

Stjórn ÍRA fagnar niðurstöðu PFS og þakkar faglega meðhöndlun stofnunarinnar.

## 8. CQ TF.

Nýjasta CQTF er komið út, 2. tbl. 2012. Stjórn fagnar afar vönduðu og efnismiklu riti og sendir ritstjóra bestu þakkir.

3. tbl. þarf að koma út og er frestur til 19.6. að skila efni. TF3VS hefur boðist til að setja blaðið upp fyrir sömu upphæð og hingað til. Hann ætlar að setja peningana í sjóð sem verður notaður til tækjakaupa fyrir félagið. Þessu góða tilboði tekið.

## 9. Stofnun starfshóps um neyðarfjarskiptastefnu ÍRA.

Mál frá fv. stjórn. Formaður leggur til að óska eftir félagsmönnum sem vilja taka þátt í þessum hópi. TF2WIN falið að vinna í málinu f.h. stjórnar í samstarfi við neyðarfjarskipta-stjóra, TF3JA.

## 10. Starfsáætlun stjórnar.

Nú þarf að fara í gang undirbúningur starfsáætlunar. TF3CY gerði grein fyrir sínum hugmyndum sem hann sendi inn skriflega. Hann telur að kostnaður við blaðið sé of hár og

telur það almenna skoðun í félaginu. TF3CY leggur til að blaðið verði gefið út stafrænt og ekki prentað. Umræður urðu nokkrar um punkta TF3CY. Skiptar skoðanir voru um það hvort hægt eða æskilegt sé að félagið liggja á miklum sjóðum, en einhugur var um að hægt væri að bregðast við t.d. bilunum á félagsstöðinni. Formaður og varaformaður sjá um starfsáætlunina og geta aðrir stjórnarmenn tekið þátt í þeirri vinnu ef þeir vilja. TF3BJ leggur til að íhugað verði að kanna hug félagsmanna um nokkra þjónustubætti félagsins.

## 11. Önnur mál.

(1) *Viðvera stjórnarmanna í félagsaðstöðunni.*

Nú er g.r.f. að einn stjórnarmaður sjái um almenn opnunarkvöld.

(2) *TF8RPH er endurvarpinn á Garðskaga.*

Stjórn samþykkir að sækja um framhaldsheimild fyrir endurvarpann. Nú er horfið frá að fara í NB mótun enda er ekki þörf á því að spara spektrið hér á landi. Óskað er eftir heimild til að félagssjóður greiði aflgjafa og loftnet fyrir endurvarpann. Þetta kostar 30 þús. kr. Samþykkt.

(3) *Embætti stöðvarstjóra.*

Í vinnslu.

(4) *IARU svæði 1 fundur í Friedrichshafen í Þýskalandi 22. júní n.k.*

Formaður og TF3SG verða á fundinum.

## 12. Drög að áætlun um fundi stjórnar.

Lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 19:02

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Ritari Í.R.A.

*Óunnin verkefni sem ákveðin voru á fundinum og fyrri fundum.*

Verkefni	Dags.	Ábyrgð	Verkefnislok
Sækja loftnetsefni á Rjúpnahæð	5.6. 2011	TF3CY	Hætt við/endurvakið
Hugmyndir að reglum um keppnir frá félagsstöð	9. 3. 2012	TF3CY	Vísað áfram
Finna nýjan stöðvarstjóra	17.2.2012	Allir	
Leita aðstoðar félagsmanna v/magnaramála TF3IRA	17.2.2012	Allir	
Ljúka við eignaskrá		TF3G, EE, SG	
Samantekt hugmynda um embætti keppnisstjóra	30.5.2012	TF3CY	
Stofnun starfshóps um neyðarfjarskipti	30.5.2012	TF2WIN	
Fundargerðir í Google Docs	30.5.2012	TF3UA	

# Fundargerð stjórnarfundar nr. 2/2012-2013

**Númer fundar:** 2

**Dagsetning:** 5. júlí 2012

**Staður:** Skeljanes

**Mættir:** TF2JB, TF3AM, TF3BJ, TF3CY og TF3EE. Gestur fundarins var Mathías Hagvaag, TF3MHN og mætti hann kl. 18:30.

**1. Setning fundar.** Fundur settur kl. 17:42. Drög að dagskrá samþykkt.

**2. Fundargerð seinasta fundar.** Samþykkt samhljóða.

## **3. Innkomin/útsend erindi.**

Heillaóskir hafa borist til formanns og nýrrar stjórnar við upphaf kjörtímabils frá pólska amatörafélaginu, PZK (Polski Związek Krótkofalowców) . Erindi frá IARU um ný aðildarfélög, Federation of Radio Sport of Azerbaijan og St. Vincent og Grenadines Amateur Radio Club. Samþykkt að greiða atkvæði því að þessi lönd fái aðild að IARU.

## **4. Yfirferð verkefna.**

Frestað til næsta fundar.

## **5. Staða innheimtu.**

56 hafa greitt fullt árgjald, 12 hálf árgjald og þrjú hafa greitt eldra árgjald. Þessari stöðu var fagnað.

## **6. Skipan embættismanna.**

Benedikt Guðnason, TF3TNT tekur við embætti stöðvarstjóra og Matthías Hagvaag TF3MHN tekur við sem QSL stjóri útsendra korta af TF3SG, sem óskaði eftir að hætta þann 4.6. Frestað er að skipa í embætti keppnisstjóra.

## **7. CQ TF, 3.tbl. 2012.**

TF3KX og TF3VS eru að vinna í blaðinu. Klárast væntanlega eftir fáa daga.

## **8. Skipan starfshóps um neyðarfjarskiptastefnu.**

Formaður óskaði eftir framlengingu frestsins sem var veitt til 14. september.

## **9. Starfsáætlun stjórnar 2012/13.**

Formaður og varaformaður lögðu fram drög að starfsáætlun stjórnarinnar. Farið var vandlega yfir starfsáætlunina sem býr yfir mörgum nýjungum. Umræður urðu t.d. um að hætta prentun CQ TF þar sem lagt er til að það verði einungis gefið út á rafrænu form. Einnig vantar að við ættum að stefna að því að samræma aflheimildir á 50 MHz við önnur lönd. Drögunum var vel tekið og þau samþykkt sem starfsáætlun stjórnarinnar.

## **10. Önnur mál**

- a. Fundur IARU svæðis 1 í Friedrichshafen, 22. júní 2012. Einkum voru formenn félaga og IARU tenglar á fundinum. TF2JB sagði m.a. frá PSK-31 heimild okkar á 5 MHz en við erum fyrsta landið til að fá slíkt leyfi í svæði 1. Almennt stöndum við vel miðað við aðra hvað heimildir varðar.
- b. Fyrstu VHF leikarnir verða haldnir nú um helgina. Búist er við góðri þátttöku.
- c. 33. TF-útileikarnir verða haldnir 4.-6. ágúst.



- d. Vita- og vitaskipahelgin, 18.-19. ágúst. Búist er við að fara á Garðskaga. Formaður fékk heimild til að skipa framkvæmdanefnd.
- e. Heimasíða félagsins hefur verið hýst hjá CCP en sú hýsing er ekki í boði lengur vegna öryggismála. Finna þarf nýja hýsingu fyrir hana. TF3CY býðst til að hýsa síðuna heima hjá sér til prófunar, enda greiði félagið rafmagnskostnað tölvunnar. TF3CY var þakkað þetta góða boð. Kaupa þarf nýjan harðan disk í tölvuna og setja á hana UPS.


Fundi slitið kl. 18:58

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Ritari Í.R.A.

*Óunnin verkefni sem ákveðin voru á fundinum og fyrri fundum.*

Verkefni	Dags.	Ábyrgð	Verkefnislok
Sækja loftnetsefni á Rjúpnahæð	5.6. 2011	TF3CY	28.6.2012
Hugmyndir að reglum um keppnir frá félagsstöð	9. 3. 2012	TF3CY	Vísað áfram
Finna nýjan stöðvarstjóra	17.2.2012	Allir	5.7. 2012
Leita aðstoðar félagsmanna v/magnaramála TF3IRA	17.2.2012	Allir	
Ljúka við eignaskrá		TF3G, EE, SG	
Samantekt hugmynda um endurvakið emb. keppnisstjóra	30.5.2012		
Stofnun starfshóps um neyðarfjarskipti	30.5.2012		TF2WIN
Fundargerðir í Google Docs	30.5.2012	TF3UA	
Hugmyndir um útfærslu á Elmers háttum	5.7.2012	TF3AM	



*Úr félagsstarfinu. Þór Þórisson TF3GW (fjær) og Róbert Harry Jónsson TF8TTY, svara spurningum nýs félagsmanns.*

# Fundargerð stjórnarfundar nr. 3/2012-2013

**Númer fundar:** 3

**Dagsetning:** 26. júlí 2012

**Staður:** Skeljanes

**Mættir:** TF2JB, TF3AM, TF3CY, TF3EE og TF3UA.

**1. Setning fundar.** Fundur settur kl. 17:37. Drög að dagskrá samþykkt.

**2. Fundargerð seinasta fundar.** Samþykkt samhljóða.

### **3. Skýrsla formanns til stjórnar ÍRA um starfrækslu TF/KL1A í júlí 2012.**

Formaður lagði fram skýrslu sína um þetta mál. Hann sagði frá efni skýrslunnar og rakti málið. Bráðabirgðaniðurstaða formanns eftir könnun málsins var sú, að þessi háttur á rekstri amatörstöðvar væri ekki í samræmi við reglur. Þegar þetta var ljóst var rekstrinum hætt. Í bókinni „Remote operating for Amateur Radio“ er rekstur af þessu tagi sagður í samræmi við reglur, en við könnun formanns kom í ljós að rangt er með farið í bókinni. Leitað var til formanns framkvæmdanefndar IARU svæðis 1 og formanns HF-nefndar sama svæðis ásamt framkvæmdastjóra ARRL. Niðurstaða allra þessara málaleitanna var sú að þessi rekstur væri ekki í samræmi við reglur.

ÍRA þarf að mynda sér skoðun á fjarnotkun amatörstöðva. Slíka fjarnotkun má flokka í fernt:

1. Fjaraðgangur þar sem bæði stöð og amatör eru á Íslandi.
2. Stöð þar sem amatör er erlendis og rekur eigin stöð á Íslandi gegnum fjartengingu.
3. Stöð þar sem erlendur amatör rekur stöð á Íslandi gegnum fjartengingu með kallmerki TF/XNXXX.
4. Stöð þar sem erlendur amatör rekur stöð á Íslandi með kallmerkinu TFNXXX.

TF3AM, TF3UA og TF3EE hrósuðu formanni fyrir vel unnin störf að þessu máli og var samhljómur um það að gott væri að málið væri nú leitt til lykta. Nú liggur fyrir lausn á 3. lið í ofangreindri upptalningu, en hinir liðirnir þarfnast úrlausnar. Til þess ákvað stjórn að skipa starfshóp er geri tillögur um stefnumótun félagsins hvað varðar fjaraðgang, að teknu tilliti til alþjóðlegrar leiðsagnar sem er til mótnar um þessar mundir. Samþykkt var að fara þess á leit við þá TF3KB, TF3DX og TF3Y að sitja í hópnum. Stjórn felur formanni að tilkynna eiganda stöðvarinnar sem rekin var með fjartengingu, TF4M um niðurstöðu málsins.

### **4. Önnur mál.**

Heimild til að opna reikning í nafni félagsins vegna Kortastofu ÍRA var samþykkt.

Skýrsla TF3EE um vinnu við loftnet félagsins þ. 21. 7. sl. Boltar sem héldu snúðnum eru lausir og einnig var bremsa á loftnetinu í vanlagi. Loftnetið hafði því snúist a.m.k. um 180°. TF3EE lagði til að kaupa sérstakan búnað til að styrkja loftnetið (High Wind Kit) sem kostar um \$180. Þetta var samþykkt. Hægt er að setja upp Tailtwister snúð sem félagið á ásamt stýribúnaði.

CQTF er nú komið út í glæsilegu formi. Uppsetning og efnistöð hefur tekist afar vel og færir stjórn þeim TF3KX og TF3VS bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

TF3CY vakti athygli á því að CQWW verða í október og nóvember og lagði til að ÍRA tæki þátt í a.m.k. annarri keppninni. Tillögunni var vel tekið og vakti spennu og eldmóð meðal fundarmanna. Þetta hvetur okkur enn frekar til að ganga vel frá snúðnum og einnig þarf félagið að fá magnara að láni.

Fundi slitið kl. 18:58

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Ritari Í.R.A .

*Óunnin verkefni sem ákveðin voru á fundinum og fyrri fundum.*

Verkefni	Dags.	Ábyrgð	Verkefnislok
Hugmyndir að reglum um keppnir frá félagsstöð	9. 3. 2012	TF3CY	Vísað áfram
Leita aðstoðar félagsmanna varðandi magnaramál TF3IRA	17.2.2012	Allir	
Ljúka við eignaskrá		TF3G, EE, SG	
Taka saman hugmyndir um embætti keppnisstjóra	30.5.2012	Allir	
Stofnun starfshóps um neyðarfjarskipti	30.5.2012	TF2WIN	
Fundargerðir í Google Docs	30.5.2012	TF3UA	
Hugmyndir um útfærslu á Elmers háttum	5.7.2012	TF3AM	
Færa hýsingu www.ira.is heim til TF3CY	5.7.2012	TF3CY	
Kaupa nýjan disk og UPS í hýsingartölvuna	5.7.2012	TF3UA?	
Skipa framkvæmdanefnd vegna vitahelgarinnar 18.-19. ágúst	5.7.2012	TF2JB	
Undirbúa þátttöku ÍRA í CQWW	26.7.2012	Allir	
Kaupa "High Wind Kit" fyrir SteppIR loftnetið	26.7.2012	TF3EE	
Koma snúðnum í lag á SteppIR loftnetinu	26.7.2012	TF3CY	27.7.2012



*Úr félagsstarfinu. TF3HP og TF3FIN á góðri stundu í Skeljanesi þann 13. desember 2012.*



# Fundargerð stjórnarfundar nr. 4/2012-2013

**Númer fundar:** 4

**Dagsetning:** 17. september 2012

**Staður:** Skeljanes

**Mættir:** TF3JB, TF3AM, TF3BJ, TF3UA, TF3EE og TF2WIN. TF3CY varð að hverfa frá fundi í upphafi vegna annarra anna.

**1. Setning fundar.** Fundur settur kl. 18:11. Drög að dagskrá samþykkt.

**2. Fundargerð síðasta fundar (nr. 3/2012 frá 26.7.2012).** Samþykkt með athugasemdum um bókun á 4. atriði í umfjöllun um fjaraðgang. Ritara falið að breyta fundargerðinni til réttis vegar og endursenda stjórnarmönnum.

### **3. Innkomin/útsend erindi.**

*(a) 24.7.2012;*

til PFS; jákvæð umsögn um úthlutun á TF3JE í stað TF3JEN til Jóhannesar A. Kjartanssonar.

*(b) 31.7.2012;*

til PFS; jákvæð umsögn um úthlutun á TF3TM í stað TF3BI til Þorkels L. Magnússonar.

*(c) 08.8.2012;*

til PFS; jákvæð umsögn um úthlutun á TF3DEN til Davíðs Víðissonar.

*(d) 14.8.2012;*

til QRZ.COM; um lát TF3A.

*(e) 16.8.2012;*

til PFS; ósk um heimild til Í.R.A. til rekstrar á TF8IRA frá Garðskaga helgina 18.- 19. ágúst.

*(f) 16.8.2012;*

mótt. leyfisbréf; fyrir TF7V leiðangurinn frá árinu 1975; TF3SB afhenti félaginu til varðveislu.

*(g) 21.8.2012;*

til PFS; ósk um úthlutun á TF1APB á stafvarpa í Bláfjöllum, ábyrgðarmaður: TF3JA.

*(h) 21.8.2012;*

til PFS; jákvæð umsögn um úthlutun á TF2CW til TF3CW í septembermánuði 2012.

*(i) 21.8.2012;*

til PFS; tilkynning um lát TF3A og TF3VF.

*(j) 24.8.2012;*

til PFS; jákvæð umsögn um úthlutun á TF3CS til Jóns Þórs Gunnarssonar.

*(k) 01.9.2012;*

til QRZ.COM; um lát TF3VF.

*(l) 06.9.2012;*

til TF3DX, TF3KB og TF3Y um að skipan starfshóps um fjaraðgang verði þann 14.9. n.k.

*(m) 06.9.2012;*

mótt. erindi frá TF3DX vegna félagsgjalda TF3GD.

**4. Yfirferð verkefna** (samkvæmt töflu sem fylgir með fundargerð). Sjá uppfærða töflu í enda fundargerðar.

### **5. Fjárhagsstaða félagsjóðs og innheimta.**

skýrsla TF3BJ, gjaldkera. Staðan er 612.306 kr. 102 félagsmenn hafa greitt fullt árgjald, 30 hafa greitt hálf árgjald og 4 greitt eldri árgjöld. Rúmlega 30 eiga eftir að greiða. Menn töldu innheimtuna í mjög góðu horfi.

#### **6. VHF leikar 2012, 6.-8. júlí.**

Skýrsla TF3GL, umsjónarmanns. Þrenn verðlaun verða veitt fyrir þátttöku í VHF leikunum, skjöldur svipaður þeim sem veittur er í útileikunum og viðurkenningarskjöl. Afhending fer fram 4. okt. Góð þátttaka var í leikunum. Stjórn færir TF3GL bestu þakkir fyrir skipulagninguna.

#### **7. TF útileikar 2012, 3.-6. ágúst.**

Skýrsla TF3GB, umsjónarmanns. Veitt þrenn verðlaun, grafinn skjöldur fyrir 1. sætið. Þátttaka hefur verið betri. Stjórn færir TF3BG bestu þakkir fyrir framkvæmd útileikanna.

#### **8. Vita- og vitaskipahelgin, 18.-19. ágúst.**

Skýrsla TF3IG, formanns framkvæmdanefndar. TF3IG, TF3JA, TF3-Ø35 skipuðu framkvæmdanefnd. TF8IRA var starfrækt. Samtímis starfræksla var á 20, 17 og 15 m á CW, SSB og PSK. Aðstaða var í gamla vitavarðarhúsinu sem ekki var þörf fyrir vegna einstakrar veðurbliðu. Grill og vitasúpu vantaði. TF3ML kom með sinn bíl og sýndi þátttakendum. Dóttir TF3ARI bakaði 60 veislumúffur. TF3ARI kom svo með rjómatertur daginn eftir. Um 300 sambönd voru höfð. Stjórn færir TF3IG bestu þakkir fyrir skipulagninguna.

#### **9. EMC nefnd.**

Stöðuskýrsla TF3UA, formanns. Frestað til næsta fundar.

#### **10. Endurvarpamál.**

Skýrsla TF3JB, formanns. APRS vörpum fer nú fjölgandi. Endurvarpinn á Garðskaga var færður í Bláfjöll. Hann er með auðkenni á morsi. Hann er með tónlæsingu CTCSS. Hugmyndir að setja tónlæsingu á Tóta á Vaðlaheiði. Búri er lélegur en bestur þegar hann er þurr.

#### **11. Erindi TF4M til PFS um fjaraðgang dags. 13.8.2012.**

Afrit sent Í.R.A. lagt fram til formlegrar kynningar. Stjórnvöld hafa ekki enn sent félaginu erindið til umsagnar.

#### **12. Tillaga um félagsfund laugardaginn 29. september.**

Óttast er að fundarsókn verði dræm á laugardegi auk þess sem CQWW RTTY keppnin er um þessa helgi. Samþykkt var að halda kynningu á vetrardagskránni á fimmtudagsfundi 27. september. Einnig verður stefnt að VHF fimmtudagskvöldi á nýju ári.

#### **13. Tillaga um flóamarkað Í.R.A. sunnudaginn 14. október.**

TF3VS verður uppboðshaldari. Reykjavíkurborg er að úthluta kjallaranum til kajakmanna. Við verðum því að tæma kjallarann, spurning hvenær.

#### **14. Tillaga varaformanns um vetrardagskrá fyrir tímabilið október- desember.**

Dagskráin er metnaðarfull og afskaplega spennandi, bæði tæknilega og gagnvart starfrækslu stöðva og annarra mála. TF3AM, TF3JB og TF3BJ eiga heiðurinn að þessari áætlun.

#### **15. Tillaga um skipan starfshóps er geri tillögur um neyðarfjarskiptastefnu félagsins.**

TF3JA er þegar skipaður neyðarfjarskiptastjóri og TF2WIN er fulltrúi stjórnar. Þeir sem hafa lýst áhuga sínum á þátttöku eru TF3ARI, TF3HRY, TF3LMN og TF3JF. Stjórn skipar þessa menn hér með í hópinn, sem verður þar með sex menn. Stjórn væntir þess að hópurinn kynni starf sitt á fimmtudagsfundi á fyrri hluta nýs árs.

**16. Tillaga um skipan starfshóps er geri tillögur um stefnumótum félagsins hvað varðar fjaraðgang.**

Samþykkt að skipa þá TF3KB, TF3DX og TF3Y í hópinn.

**17. Tillaga um dagskrá og tímasetningu árlegs samráðsfundar með Póst- og fjarskiptastofnun.**

Til umfjöllunar gætu orðið 630 m sviðið, reglugerð nr. 348 frá 19.4. 2004; endurnýjun reglugerðarinnar eða einvörðungu viðaukans.

**18. Ákvörðun um tímasetningu námskeiðs til amatörprófs.**

Hugsanlegt er að leita til HR um húsnæði. Samþykkt að stefna að því að halda námskeið frá 4. febrúar til 8. maí 2013. Próf verði haldið 25. maí. Umræður urðu um námsefnið sem talið er orðið lúíð. Ritara falið að kanna möguleika á því að fá leyfi til að nota námsefni SARL.

**19. Hugmyndir að eftirfylgni með próftökum til amatörleyfis.**

Hugmyndin er sú að reyndur amatör sjái um að hjálpa nýliða að komast í loftið, t.d. að hjálpa honum að nota klúbbstöðina og/eða lána honum tæki úr safni félagsins. TF3AM sér um framkvæmd málsins.

**20. EchoLink heimild Í.R.A.**

Frestað.

**21. Úthlutun 630 metra bandsins hér á landi.**

Á seinustu heimsráðstefnu um tíðnimál (WRC 2012) var samþykkt að leyfa aðgang amatöra að 472 -479 kHz tíðnisviðinu (630 m). Samþykkt var að óska eftir því að PFS gæfi út leyfi til íslenskra amatöra um að nýta þetta tíðnisvið. Einnig var fjallað um að þetta tíðnisvið geti verið afar spennandi fyrir íslenska amatöra vegna legu landsins, þess að tækjasmíði er auðveld og ýmsir möguleikar á hugvitsamlegum loftnetum. Málið verður rætt betur á samráðsfundi ÍRA og PFS.

**22. Ákvörðun um endurnýjun sérstakra tíðniheimilda sem renna út í árslok.**

Samþykkt að sækja um framhaldsúthlutun þessara tíðniheimilda.

**23. IARU málefni.**

Fundur verður haldinn í svæði 1 í apríl 2013. ÍRA stefnir að því að senda fulltrúa sinn á fundinn ef aðstæður leyfa.

**24. Kynningarefni félagsins.**

Tilfinnanlega vantar kynningarefni fyrir félagið, t.d. þegar farið er í skóla til að kynna félagið. Stefnt er að úrbótum og ræða þarf málið betur á komandi stjórnarfundum.

**25. Heimild fyrir útgjöldum úr félagssjóði.**

(a) „High-Wind Kit“ fyrir SteppIR „E“ Yagi loftnet félagsins;

cif \$259; heildarkostnaður: 40 þús. kr.

(b) Varahlutir í LP-100 Digital Vector RF afl-/standbylgjumæli frá N8LP;

heildarkostnaður: 14 þús. kr.

(c) TF8RPH;

heimild veitt á stjórnarfundum 1/2012 var 30 þús. kr. Ósk um viðaukaheimild: 14.500 kr.

(d) „Nova Tracking“ hugbúnaður frá NLSA

(áður samþykkt á stjórnarfundum 7/2011-12): 10 þús. kr. Þessi útgjöld voru öll samþykkt.



## 26. Önnur mál.

(a) Tillaga að viðveruáætlun (vaktaplani) stjórnarmanna út desember 2012. Samþykkt.

(b) Endurskoðun áætlunar um fundi stjórnar á stafsárinu 2012/13. Samþykkt. Samþykkt að skipa Benedikt Guðnason, TF3TNT VHF-stjóra félagsins.

## 27. Fundarslit.


Fundi slitið kl. 20:45

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Ritari Í.R.A.

Önnin verkefni sem ákveðin voru á fundinum og fyrri fundum.

Verkefni	Dags.	Ábyrgð	Verkefnislok
Hugmyndir að reglum um keppnir frá félagsstöð	9.3.2012	TF3CY	Viðað áfram
Leita aðstoðar félagsmanna varðandi magnaramál TF3IRA	17.2.2012	Allir	17.9.2012
Ljúka við eignaskrá		TF3G, EE SG	
Taka saman hugmyndir um embætti keppisstjóra	30.5.2012	Allir	
Stofnun starfshóps um neyðarfjarskipti	30.5.2012	TF2WIN	17.9.2012
Fundargerðir í Google Docs	30.5.2012	TF3UA	
Hugmyndir um útfærslu á Elmers háttum	5.7.2012	TF3AM	17.9.2012
Færa hýsingu www.ira.is heim til TF3CY	5.7.2012	TF3CY	
Kaupa nýjan disk og UPS í hýsingartölvuna	5.7.2012	TF3UA?	



Félagsrit Í.R.A., CQ TF, hefur einvörðungu komið út á rafrænu formi frá og með 3. tölublaði í júlí 2012. Frá þeim tíma hefur blaðinu verið dreift til félagsmanna um tölvupóst og það verið til niðurrhals á vefsíðu blaðsins á heimasíðu Í.R.A. í auknum gæðum. Í apríl 2013 voru þau blöð sem komu aðeins út á rafrænu formi ljósrituð í svart/hvítu og gormuð. Þau hafa síðan legið frammi í félagsaðstöðunni í Skeljanesi á fimmtudagskvöldum.

# Fundargerð stjórnarfundar nr. 5/2012-2013

**Númer fundar:** 5

**Dagsetning:** 6. nóvember 2012

**Staður:** Skeljanes

**Mættir:** TF3JB, TF3AM, TF3BJ, TF3CY, TF3UA. TF3EE boðaði forföll; er erlendis. Sérstakur gestur fundarins var TF3TNT.

**1. Setning fundar.** Fundur settur kl. 20:05. Tillaga að dagskrá samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerð síðasta fundar.** Samþykkt samhljóða.

**3. Innkomin og útsend erindi.**

*(a) 18.09.2012;*

jákvætt svar til YL2TW um heimild til að koma í heimsókn í Skeljanes 25.10.

*(b) 10.10.2012;*

til PFS; ósk um samráðsfund / jákvætt svar 22.10.2012

*(c) 28.10.2012;*

jákvætt svar til PD1AIL um heimild til að koma í heimsókn í Skeljanes 8.11.

*(d) 01.11.2012;*

til PFS; jákvæð umsögn um úthlutun á TF2CW til TF3CW í nóvember 2012.

**4. Yfirferð verkefna.**

TF3CY telur að stefna bæri að því að hafa fjöldabátttöku í keppnum frá félagsstöðinni frekar en einstaklingsbátttöku. Talin var þörf á því að hafa reglur um bátttökuna, t.d. hvert menn eigi að snúa sér ef þeir vilja nýta stöðina í keppni, hvernig þeir eiga að ganga um stöðina, hve mikinn fyrirvara þurfi til að setja upp keppni og fleira slíkt. Ritara falið að óska eftir því að eignaskráningu félagsins verði lokið. Formaður tekur saman verksvið keppnisstjóra á hinum Norðurlöndunum.

**5. Staða félagssjóðs.**

Rúmar 13 þús. kr. fengust í tekjur af flóamarkaðnum. Keyptum því til viðbótar poka af stöngum af TF3ARI með vöruskiptum. Skýrslu gjaldkera frestað til næsta fundar vegna sambandsleysis um WiFi net félagsins en gjaldkeri sendir upplýsingar í tölvupósti.

**6. Félagstöðin.**

Stöðvarstjóri fjallaði um breytingar sem orðið hafa á stöðinni frá seinasta fundi. Vel er gengið frá SteppIR loftnetinu og lét það ekki á sjá í ofviðrinu fyrir seinustu helgi. Sett var upp Butternut loftnet sem félaginu var gefið. Það virkar ekki sem skyldi og er líklega flutningslínunni um að kenna. Kenwood TS-2000 hefur verið lagaður. Ef tækið er í notkun á VHF og samtímis sterkt svið á HF getur útgangurinn bilað. Þetta þarf að skoða nánar. Reyndar fór ekki útgangur í tækinu heldur knýstig innar í því. Lokið er við að setja upp J-pólinn fyrir 2 m og 0,7 m böndin.

TF3TNT vill móta stefnu í endurvarpamálum félagsins. Félagfundur um VHF/UHF málin verður haldinn eftir áramót. Stöðvarstjóri ætlar líka að íhuga að fá menn sér til aðstoðar og e.t.v. mynda stöðvarráð. Hann ætlar að endurskoða leiðbeiningar sem eru við stöðina og vinna að því að draga úr „slysum“ sem skemmt gætu búnaðinn.

## **7. Embættismenn TF3AO.**

Ársæll hefur sagt af sér embætti sem tengiliður félagsstöðvarinnar við LoTW (Logbook of the World), hefur ekki tíma til að sinna því. TF3MHN hefur samþykkt að taka við þessu starfi. Stjórn býður Mathías velkominn til starfs tengiliðar.

## **8. Almenn félagsmál.**

TF3-Ø33 hefur látið gera við tjaldpokann og er hann nú eins og nýr. Baldvini eru færðar bestu þakkir. Veggmyndir félagsins hafa nú verið skannaðar og eru TF3SB færðar bestu þakkir. TF3SG með aðstoð TF3-033 hafa nú fært turnefni frá litla hliðinu og eru þeim færðar bestu þakkir.

## **9. Samráðsfundur ÍRA og PFS.**

Formaður hefur tekið saman punkta um fundinn.

## **10. Námskeið til amatörprófs.**

Beiðnir hafa borist um námskeið. Unnið er að undirbúningi. Engin svör hafa borist frá SARL um beiðni við því að nýta þeirra kennsluefni. Formanni falið að finna umsjónarmann námskeiðsins.

## **11. Kynningarefni.**

Formaður hefur tekið saman kynningarefni fyrir félagið sem er um þrjár bls. Lýstu menn mikilli ánægju með framtak formanns. Nú vantar kynningarefni fyrir sjálft áhugamálið. Formaður óskar eftir ábendingum.

## **12. Endurvarpamál.**

Formaður kynnti lauslega skýrslu um stöðu endurvarpamála hjá félaginu. TF1RPB er nú tengdur bráðabirgðaloftneti og vinnur mjög vel. Hins vegar er styrkur hans nokkru minni en þegar hann var tengdur fyrra loftneti sem var bilað. Stefnt er að því að endurnýja loftnetið og þar með virkja stafvarpann á ný sem lánsloftnetið var áður tengt.

## **13. Önnur mál.**

*(a) Umsögn EMC nefndar til PFS um fjarskipti yfir raflínur.*

Stjórn þakkar EMC nefnd fyrir umsögnina sem send var PFS.

*(b) Flóamarkaður ÍRA var haldinn 21. október.*

Atburðurinn tókst mjög vel og komu 46 manns. Mælt er með því að halda næsta markað eftir mánaðamót, þegar menn eiga meiri peninga.

*(c) Vetrardagskrá janúar – apríl 2013.*

Í óformlegan undirbúningshóp stjórnar voru TF3AM, TF3BJ og TF3JB skipaðir. Gott væri að vita fyrirfram hve löng erindin eru. Stefnt er að því að halda fund um VHF málin í janúar.

*(d) Félagsstöðin.*

TF3CY óskaði eftir því að félagsstöðin verði QRV á 6 m.

*(e) Þakkir til TF3CW.*

Stjórn þakkar TF3CW fyrir Butternut HF6V stangarloftnet.



(f) Þakkir til TF3ARI og TF8TTY.

TF3ARI fær bestu þakkir fyrir að hafa gert við TS-2000 stöð félagsins, TF8TTY fær bestu þakkir fyrir að hafa gefið hálfleiðarana í knýstig stöðvarinnar. Færðar eru bestu þakkir þeim sem hafa staðið í endurvarpamálum félagsins.

Fundi slitið kl. 21:55

Sæmundur E. Þorsteinsson,  
TF3UA Ritari ÍRA

Óunnin verkefni sem ákveðin voru á fundinum og fyrri fundum.

Verkefni	Dags.	Ábyrgð	Verkefnislok
Hugmyndir að reglum um keppnir frá félagsstöð	6.11.2012	TF3BJ, TF3TNT	
Ljúka við eignaskrá		TF3G, EE, SG	
Taka saman hugmyndir um embætti keppnisstjóra	30.5.2012	Allir	
Fundargerðir í Google Docs	30.5.2012	TF3UA	
Færa hýsingu www.ira.is heim til TF3CY	5.7.2012	TF3CY	
Kaupa nýjan disk og UPS í hýsingartölvuna	5.7.2012	TF3UA?	
Undirbúa þátttöku ÍRA í CQWW	26.7.2012	Allir	6.11.2012
Taka saman kynningarefni um Amatör radió	6.11.2012	Allir	
Finna umsjónarmann námskeiðs	6.11.2012	TF3JB	
Taka saman verk svið keppnisstjóra á Norðurlöndunum	6.11.2012	TF3JB	



Glatt á hjalla á námskeiði Í.R.A. 2013 til amatörprófs. Frá vinstri: Sigurvin Jónsson, Magnús Helgi Vigfússon og Guðmundur Birgir Pálsson. Kennari: Haukur Konráðsson TF3HK.

Námskeiðið var haldið í Háskólanum í Reykjavík á tímabilinu frá 12. febrúar til 3. maí. Skráðir þátttakendur voru alls 18. Leiðbeinendur voru eftirfarandi (í stafrófsröð): Andrés Þórarinsson, TF3AM; Ágúst Úlfar Sigurðsson, TF3AU; Haukur Konráðsson, TF3HK; Henry A. Hálfánarson, TF3HRY; Hörður Mar Tómasson, TF3HM; Kristinn Andersen, TF3KX; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA; Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX; og Þór Þórisson, TF3GW.

# Fundargerð stjórnarfundar nr. 6/2012-2013

**Númer fundar:** 6

**Dagsetning:** 27. desember 2012

**Staður:** Skeljanes

**Mættir:** TF3JB, TF3AM, TF3BJ, TF3UA og TF3EE.

**1. Setning fundar.** Fundur settur kl. 20:13. Tillaga að dagskrá samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerð seinasta fundar.** Samþykkt samhljóða.

## **3. Innkomin/útsend erindi.**

*(a) 08.11.2012;*

erindi sent til starfshóps um eignaskrá; TF3EE, TF3G, TF3SG. Um 220 ljósmyndir hafa verið teknar af eignum félagsins. Það þarf að búa til gagnagrunn með myndunum, raðnúmerum og fleiri upplýsingum. Þetta getur nýst m.a. til að tryggja eignir.

*(b) 09.11.2012;*

jákvætt svar frá PFS um heimild á 1850-1900 kHz í alþjóðlegum keppnum 2013 / erindi sent: 8.11.2012.

*(c) 22.11.2012;*

sent erindi til PFS með ósk um úthlutun á 472-479 kHz frá 1.1.2013 / ókomið svar 27.12.2012.

*(d) 28.11.2012;*

jákvætt svar frá PFS um heimild til rekstrar TF3APE stafvarpa að Ljósheimum 8-10 / erindi sent: 26.11.2012.

*(e) 28.11.2012;*

jákvætt svar frá PFS um br. á kallmerkjum stafvarpa TF3RPF í TF3APF og TF3RPG í TF3APG / erindi s.: 28.11.12.

*(f) 29.11.2012;*

jákvætt svar frá PFS um heimild f. VHF endurvarpa að Klyfjaseli 22 í R., kallm.: TF3RPI á 145.675 MHz / erindi s.: 26.11.

*(g) 05.12.2012;*

innkomið erindi frá EDR; varðar ákvörðun þeirra um að hætta að prenta félagsblaðið OZ.

*(h) 12.12.2012;* OZ fari til ira@ira.is. Sá sem sinnir því netfangi þarf að prenta eintak af OZ út og setja í tímaritahillu í tímaritarekka. Staðgengill ritstjóra CQTF skal segja frá þessu í ritstjórnarpistli næsta CQTF. Ritari bjóði EDR að senda þeim CQTF í PDF formi.

*(i) 12.12.2012;*

jákvætt svar frá PFS um öflun upplýsinga um eldri reglugerðir um starfsemi radíóamatöra / erindi sent: 12.12.2012.

## **4. Yfirferð verkefna**

Varðandi keppnisstjóra ÍRA. Spurning hvort þörf sé fyrir keppnisstjóra. Verksvið keppnisstjóra erlendis er oftast það að sjá um keppnir þeirra eigin landsfélaga. Margar grúppur hafa orðið til hér á landi. Keppnisstjóri hér gæti þó fylgst með keppnum og hvatt félagsmenn til þátttöku í þeim og að taka saman niðurstöður keppna. Málið verður áfram til skoðunar hjá stjórn.

## **5. Staða félagssjóðs**

Staða félagssjóðs er nú góð. Ógreidd árgjöld nema nú um 230 þús. og frá því í fyrra um 100 þús. en þeir félagar sem ekki greiddu í fyrra verða felldir út bráðlega.

## 6. Aðalfundur 2013

Fundurinn verður 18.maí nk. að Hótel Sögu, í Snæfelli.

## 7.Heimasíða og spjall ira.is.

Heimasíðan er nú keyrð á sýndarvél hjá 1984.is. TF3CY eru færðar bestu þakkir fyrir góða vinnu að hýsingarmálum síðunnar og vinnu hans við hana.

## 8.Umfjöllun í RÚV um amatör radíó

ÍRA er afar þakklátt RÚV fyrir umfjöllunina sem var mjög skemmtileg og fróðleg. Þakklæti okkar hefur verið komið á framfæri við þáttgerðarmenn.

## 9.Drög að vetrardagskrá 2013

Nú eru drögin tilbúin og dagskráin er metnaðarfull. Samband hefur verið haft við alla fyrirlesara og er búist við mjög áhugaverðum erindum.

## 10.Námskeið til amatörprófs

Nú hafa skráð sig 13 þátttakendur á námskeið. Vonast er til að fá aðstöðu til námskeiðshalds hjá HR og hafa menn skynjað góðan vilja fyrirvarsmanna þar. Formaður gróf upp „Radio Amateurs Examination Manual“ frá maltneska félaginu, MARL, sem gæti nýst okkur sem námsefni.

## 11.CQ TF

Rætt um ritstjóramálin. Stjórn þarf að finna nýjan ritstjóra fyrir blaðið. Mjög miklu munar að njóta vinnu TF3VS við uppsetningu blaðsins.

## 12.Önnur mál

*a. Gjöf til félagsins frá TF3AH þann 9.12.12.*

TF3AH eru færðar þakkir fyrir gjöf hans sem er 12“ skjár frá Hitachi.

*b. Fyrirspurn um launagreiðslur og gjafir.*

Að gefnu tilefni er hér fært til bókar að öll störf fyrir ÍRA eru unnin í sjálfböðavinnu. Félagið hefur aldrei greitt mönnum laun. Stjórn félagsins er hins vegar heimilt að senda fullrúa sína á þá fundi sem hún telur vert að sækja og þjóna hagsmunum félagsins.

*c. Félagsmenn sem ekki hafa tölvupóstfang og heimabanka.*

Félagsmenn sem ekki hafa netfang og heimabanka: Lagt er til að hringja í menn á listanum og spyrja þá að netfangi þeirra. Þeir sem ekki hafa netfang munu fá efni frá félaginu eftir öðrum leiðum en gegnum fjarskiptanet.

## 13.Fundarslit.

Fundi slitið kl. 22:00

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Ritari Í.R.A.



Óunnin verkefni sem ákveðin voru á fundinum og fyrri fundum.

Verkefni	Dags.	Ábyrgð	Verkefnislok
Hugmyndir að reglum um keppnir frá félagsstöð	6.11.2012	TF3BJ, TF3TNT	27.12.2012
Ljúka við eignaskrá		TF3G, EE, SG	
Taka saman hugmyndir um embætti keppnisstjóra	30.5.2012	Allir	27.12.2012
Fundargerðir í Google Docs	30.5.2012	TF3UA	
Færa hýsingu www.ira.is heim til TF3CY	5.7.2012	TF3CY	27.12.2012
Kaupa nýjan disk og UPS í hýsingartölvuna	5.7.2012	TF3UA?	27.12.2012
Taka saman kynningarefni um Amatör radió	6.11.2012	Allir	27.12.2012
Finna umsjónarmann námskeiðs	6.11.2012	TF3JB	
Taka saman verksvið keppnisstjóra á Norðurlöndunum	6.11.2012	TF3JB	27.12.2012
Hringja í félagi sem ekki hafa netfang	27.12.2012	JB, AM, UA, BJ	
Finna keppnisstjóra ÍRA	27.12.2012	Allir	
Vinna að námsefnismálum	27.12.2012	JB, UA, BJ	
Finna nýjan ritstjóra CQTF	27.12.2012		Allir



Úr félagsstarfinu. Sigurður Harðarson TF3WS og Mathías Hagvaag TF3MHN fæða málin félagsaðstöðunni í Skeljanesi þann 2. maí 2013.

# Fundargerð stjórnarfundar nr. 7/2012-2013

**Númer fundar:** 7

**Dagsetning:** 15. janúar 2013

**Staður:** QTH TF3UA á Seltjarnarnesi

**Mættir:** TF3JB, TF3BJ, TF3EE og TF3UA.

**1. Setning fundar.** Fundur settur kl. 20:16. Tillaga að dagskrá samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerð seinasta fundar.** Samþykkt samhljóða.

**3. Innkomin/útsend erindi**

- a) Jákvæð umsögn hefur verið send PFS um úthlutun kallmerkisins TF3OZ til Óskars Þórðarsonar .
- b) Myndrit af reglum um „Radíó-leyfi áhugamanna“ frá 7. febrúar 1947 hefur borist frá PFS. Stjórn ÍRA þakkar PFS þá sendingu enda gagnlegt að hafa aðgang að reglunum eins og þær hafa verið í fortíðinni.
- c) Erindi hefur verið sent til PFS með ítrekun um úthlutun á 630 metrum ásamt uppfærðri samantekt um úthlutanir í sviðinu.
- d) Frá PFS hafa borist spurningar um óskir félagsins um tegundir útgeislunar á 630 metra bandinu.

**4. Yfirferð verkefna**

Farið yfir töfluna sem birt er við enda fundargerðar og hún uppfærð.

**5. Yfirferð verkefna í ljósi starfsáætlunar 2012/2013**

Farið yfir starfsáætlun stjórnar og starfsemin skoðuð í ljósi hennar. Menn töldu að vel hafi tekist til við að halda starfsáætlun.

**6. Tillaga að viðveruáætlun stjórnarmanna í Skeljanesi 24. janúar til 2. maí n.k.**

Samþykkt.

**7. Sérstakur fimmtudagsfundur þann 24. janúar n.k.**

VHF-fundur 24.1. TF3AM setur fund og TF3BJ verður fundarstjóri. TF3GL ætlar að afhenda verðlaunin fyrir VHF leikana 2012. Jafnframt verður rætt um VHF og UHF málefni.

**8. Námskeið til amatørprófs**

18 þátttakendur eru staðfestir. Enn er vonast til að fá húsnaði í HR.

**9. 630 metra bandið**

630 m bandið. Ekki er vitað hver bandbreiddin er sem leyfð verður.

**10. Félagsstöðin**

Umræður urðu um félagsstöðina. Ástand hennar er að mestu leyti í góðu horfi en bæta þyrfti tölvuna sem notuð er til skráningar sambanda ásamt fleiru.

**11. CQ TF**

Vænst er þess að blaðið komi út eftir næstu helgi.

## 12. Önnur mál

Álit orðanefndar rafmagnsverkfræðinga frá 10. janúar um notkun orðsins „radió“ hefur borist til eyrna stjórnarmanna. Álitið er á þá lund að orðanefndin er nú samþykkt notkun orðsins í íslensku. Stjórn ÍRA fagnar þessu, enda kemur orðið fyrir í nafni félagsins og má líta svo á að félagið hafi ávallt óskað þessara málaloka.

Ljósmyndir af stjórn ÍRA 2012-2013 hafa nú verið afhentar formanni og kann stjórn Jóni Svavarssyni, TF3LMN bestu þakkir fyrir. Jón hefur verið ötull við að mæta með myndavélina á viðburði félagsins og þar með unnið gott og mikilvægt starf.

## 13. Fundarslit

Fundi var slitið um kl. 21:30.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA  
Ritari Í.R.A.

*Óunnin verkefni sem ákveðin voru á fundinum og fyrri fundum.*

Verkefni	Dags.	Ábyrgð	Verkefnislok
Ljúka við eignaskrá		TF3G, EE, SG	
Fundargerðir í Google Docs	30.5.2012	TF3UA	
Finna umsjónarmann námskeiðs	6.11.2012	TF3JB	15.1.2013
Hringja í félagi sem ekki hafa netfang	27.12.2012	JB, AM, UA, BJ	15.1.2013
Finna keppnisstjóra ÍRA	27.12.2012	Allir	
Finna nýjan ritstjóra CQTF	27.12.2012	Allir	



*Guðlaugur Kristinn Jónsson TF8GX í fjarskiptaherberginu í Keflavík ásamt Freyju afastelpu.*

*Guðlaugi Kristni Jónssyni, TF8GX, barst staðfesting frá ARRL í póstinum á föstudag (þann 14. september) þess efnis, að hafa fengið 300. DXCC eininguna skráða. TF8GX er þar með 3. TF-stöðin sem nær 300 DXCC landa áfanganum, sem er með eftirsóttari viðurkenningum á meðal DX-manna í heiminum í dag. Þær tvær íslenskar stöðvar sem náð hafa þessum árangri áður, eru TF3SV (sk) með 349 lönd og TF3Y með 321 land. Stjórn Í.R.A. óskar Guðlaugi Kristni innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur.*



# Fundargerð stjórnarfundar nr. 8/2012-2013

**Númer fundar:** 8

**Dagsetning:** 15. febrúar 2013

**Staður:** Skeljanes

**Mættir:** TF3JB, TF3AM, TF3CY, TF3EE, TF3UA og TF2WIN. Sérstakur gestur fundarins var TF3TNT, stöðvarstjóri og VHF stjóri.

**1. Setning fundar.** Fundur settur kl. 17:40. Tillaga að dagskrá samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerð seinasta fundar.** Samþykkt samhljóða.

**3. Innkomin/útsend erindi.**

*(a) 16.01.2013;*

innkomið erindi frá PFS; úthlutun nýs 630 metra bands til íslenskra leyfishafa. Í þessu erindi kemur fram að PFS hafi leyft íslenskum amatörum að nota 630 m bandið. Stjórn ÍRA fagnar þessu mjög og færir PFS innilegar þakkir fyrir skjóta og jákvæða afgreiðslu erindisins.

*(b) 17.01.2013;*

send fréttatilkynning vegna nýs 630 metra bands til landsfélaga radióamatörfélaga í nágrennalöndum.

*(c) 28.01.2013;*

innkomið erindi frá PFS; umsógn um umsókn Radió refa um kallmerkin TF2R og TF3R. Stjórn ÍRA verður að hlíta vinnureglum sem aðalfundur árið 2009 setti um úthlutun eins stafs kallmerkja. Um er að ræða varanlegt kallmerki fyrir sameiginlega stöð (klúbbstöð). Radió refir þurfa skv. þeim að tilgreina ábyrgðarmann sem hefur haft leyfi í 30 ár og fullnægir kröfum um að hafa staðfest 200 DXCC lönd.

*(d) 30.01.2013;*

sent erindi til PFS; ósk um heimild til að halda próf til amatörleyfis 4. maí n.k.

*(e) 30.01.2013;*

innkomið erindi frá PFS; veitt heimild fyrir prófi til amatörleyfis 4. maí n.k.; fulltrúi PFS á staðnum verður Bjarni Sigurðsson.

*(f) 03.02.2013;*

innkomið erindi frá Radióskátum; ósk um stuðning við frumvarp NRRL á fundi HF nefndar IARU Svæðis 1 2013.

Málið snýst um að IARU svæði 1 beiti sér fyrir því að ein helgi verði útnefnd sem keppnislaus helgi. Þessa helgi geta þá skátar nýtt fyrir JOTA (Jamboree on the Air) en slíkir atburðir hafa laðað margar ungar verur að amatör radiói. Dæmi um slíkar má finna á stjórnarfundinum. Samþykkt án mótakvæða.

*(g) 05.02.2013;*

sent erindi til PFS; ósk um heimild til flutnings endurvarpans TF3RPI frá Klyfjaseli í Ljósheima í Reykjavík.

*(h) 05.02.2013;*

sent erindi til PFS; upplýsingar veittar um stöðu veitingar umsagnar um erindi stofnunarinnar dags. 28.01.2013.

*(i) 05.02.2013;*

innkomið erindi frá PFS, veitt heimild til flutnings endurvarpans TF3RPI.

*(j) Könnun á vegum IARU um notkun og leyfi á örbylgjusviðum fyrir amatørö.*

Ritara falið að svara könnuninni.

#### 4. Yfirferð verkefna.

Farið yfir verkefni í verkefnatöflu. Lítið er eftir af útistandandi verkefnum. Fram kom að vinna við að ljúka eignaskrá er nú farin af stað, stöðvarstjóri TF3TNT bauð fram aðstoð sína við vinnuna að eignaskránni.

#### 5. Nýtt amatörband á 630 metrum.

Formaður sendi fréttatilkynningu til nokkurra systurfélaga um leyfið á 630 m. Hamingjuóskir hafa borist víða að og m.a. er leyfisins getið í nýjustu vefútgáfu QST sem birt var í dag. Formanni er þakkað gott frumkvæði við að senda út þessa fréttatilkynningu.

#### 6. Fundur í HF nefnd IARU Svæðis 1.

Fundurinn verður haldinn í Vín í apríl. Að höfðu samráði við IARU fulltrúa félagsins og fulltrúa í HF nefnd IARU, TF3KB, lagði formaður til að senda ekki fulltrúa að þessu sinni. Stjórn samþykkti þá tillögu formanns.

#### 7. Námskeið til amatörprófs

Nú er námskeiðið hafið með 18 þátttakendum. Formaður, TF3JB tók að sér skipulagningu þess og hefur gert það með miklum ágætum. Námskeiðið er haldið við kjöraðstæður í húsakynnum Háskólans í Reykjavík og færir stjórnin þeim HR mönnum bestu þakkir fyrir að hýsa námskeiðið. Námskeiðið var prentað og frágengið hjá Samskiptum. Var þar vel unnið og námskeiðið er í eins góðu horfi hvað varðar frágang og á verður kosið. Hins vegar er ljóst að endurskoða þarf efni og framsetningu námskefnisins. Þar er mjög horft til S-Afríska námskefnisins sem hægt er að sækja á netinu. SARL hefur ekki svarað erindi ÍRA um leyfi til að nota námskeiðið. Vonast er til að hægt verði að ná sambandi við SARL í kjölfar IARU stjórnarfundarins sem verður haldinn hér á landi í byrjun maí.

#### 8. Söfnun fyrir RF magnara

Nú hafa safnast um 100 þús.kr. í söfnuninni sem TF3SA stendur fyrir. Við munu bættast laun TF3VS fyrir uppsetningu á CQ TF en hann bauðst til þess að setja upp CQ TF gegn sömu greiðslu og áður en bauðst til að láta launin renna í tækjakaupasjóð félagsins. Auk þess mun félagssjóður styrkja kaup á magnara. Það er skilningur stjórnar að magnarinn verði í eigu félagsins. Þegar hyllir undir lok söfnunarinnar þarf að skilgreina ferli um það hvernig magnarinn skuli valinn.

#### 9. Endurvarpar

Nú standa vonir til þess að endurvarpinn í Bláfjöllum sé kominn á tíðni sem ekki truflar aðra þjónustu og að loftnetinu sé borgið um sinn. Hins vegar var á það bent að Bláfjöll eru mikið veðravíti, ísing mikil og erfitt umhverfi fyrir loftnet. Endurvarpinn á Hótel Sögu hefur nú verið tekinn niður vegna byggingarframkvæmda þar og er ekki enn ákveðið um QTH fyrir hann. Mikill áhugi er innan félagsins á endurvörpum og er líklegt að þeim málum verði vel sinnt í framtíðinni.

#### 10. CQ TF

Rætt var um embætti ritstjóra en það hefur ekki enn tekist að fylla. Unnið er áfram í málinu. Formaður hefur prentað tvö eintök í svarthvítu til að leggja fram í félaginu. Það kostar um 900 kr., að prenta slíkt eintak og binda í gorm, samþykkt að halda því áfram.

**11. Sérstakur fimmtudagsfundur um VHF/UHF (framhaldsfundur).**

Mikill áhugi kom fram á sérstökum fundi um VHF/UHF mál sem haldinn var í janúar. Ljóst er að halda þarf annan fund og er stefnt að því þ. 14. mars nk.

**12. Nýtt viðurkenningarskjal félagsins.**

TF5B hefur nú búið til nýtt viðurkenningarskjal félagsins „Iceland on Digimodes Award“. Hér er frábært framtak á ferðinni af hálfu viðurkenningastjóra og færir stjórn honum bestu þakkir fyrir framtakið.

**13. Ákvörðun um kaup á tölvu í fjarskiptaherbergi TF3IRA.**

Tölvukostur fjarskiptaherbergisins er í slæmu horfi. Tölvur eru gamlar og telur stöðvarstjóri að móðurborðin séu ónýtt. Umræður urðu um þetta og ákveðið að samþykkja að verja allt að 120 þús. kr. til tölvukaupa. Í ljós verður að koma hvort ein eða tvær tölvur fái fyrir þessa upphæð. TF3CY bauðst til að skoða sín sambönd svo nýta megi peningana sem best. Aðrir fundarmenn munu sömuleiðis skoða hvað í þeirra valdi stendur.

**14. Hugmyndir TF3TNT, VHF stjóra Í.R.A., um ný verkefni í metrabylgjufjarskiptum**

Benedikt Guðnason, TF3TNT lýsti hugmyndum sínum um ný verkefni á sviði metrabylgjufjarskipta. Þær ganga í stórum dráttum út á það að ÍRA taki yfir gamalt endurvarpakerfi Almannavarna sem er á 146-148 MHz. Skv. viðræðum við ýmsa menn stendur félaginu það til boða. Ef félagið tæki að sér rekstur fjallastöðva víðs vegar um landið mætti sækja um leyfi til PFS um að þessum hluta 2 m bandsins verði úthlutað til amatöra. Hér væri komin kjörin varaleið fyrir Tetra kerfið sem nú þjónar sem neyðarfjarskiptakerfi Almannavarna, Neyðarlínunnar og björgunar-sveita. Hinn kosturinn væri að fá að sækja nokkra endurvarpa og nýta þá í þágu amatöra, væntanlega með því að færa þá á núverandi tíðnir amatöra. Um er að ræða Yeasu endurvarpa sem þykja góð tæki. Stjórn þakkaði TF3TNT fyrir hugmyndirnar. TF3EE lagði til að vísa þeim til starfshóps félagsins um neyðarfjarskipti til umfjöllunar og var það samþykkt.

**15. Önnur mál**

Formaður efndi til getraunar nýlega sem stjórnarmenn tóku þátt í. Sigurvegari varð TF2WIN en hann gat rétt upp á því að mynd af afar fagurri amatörstöð væri úr tækjaherbergi TF3XON.

**13. Fundarslit**

Fundi var slitið um kl. 19:30.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA  
Ritari ÍRA



Óunnin verkefni sem ákveðin voru á fundinum og fyrri fundum.

Verkefni	Dags.	Ábyrgð	Verkefnislok
Ljúka við eignaskrá		TF3G, EE, SG	
Fundargerðir í Google Docs	30.5.2012	TF3UA	
Finna keppnisstjóra ÍRA	27.12.2012	Allir	
Vinna að námsefnismálum	27.12.2012		
Finna nýjan ritstjóra CQTF	27.12.2012	Allir	
Svara könnun IARU	15.2.2012	TF3UA	
Úrlausn tölvumála félagsstöðvarinnar	15.2.2012	TF3CY og fl.	



Þorvaldur Stefánsson, TF4M, fékk í ársbyrjun 2013 í hendur glæsilegan viðurkenningaskjöld frá CQ tímaritinu í Bandaríkjunum: Worked All Zones – Award of Excellence fyrir að framvísa gögnum yfir staðfest sambönd við aðrar stöðvar radióamatöra í sérhverju hinna 40 skilgreindu landssvæða í heiminum á 160 metra bandi (e. zones). Skjöldur Þorvaldar er númer 148 í röðinni yfir heiminn frá upphafi, en CQ tímaritið hóf að veita sérstakar WAZ 160 metra viðurkenningar árið 1975. Stjórn Í.R.A. sendir Þorvaldi innilegar hamingjuóskir með þennan frábæra árangur og vekur athygli félagsmanna á að hér er að baki margra ára þrotlaus vinna, enda er um einhverja stærstu viðurkenningu að ræða sem radióamatör hefur hlotnast hér á landi.

# Fundargerð stjórnarfundar nr. 9/2012-2013

**Númer fundar:** 9

**Dagsetning:** 10. apríl 2013

**Staður:** QTH TF3AM í Mosfellsbæ.

**Mættir:** TF3JB, TF3AM, TF3BJ, TF3CY, TF3EE, TF3UA og TF2WIN.

**1. Setning fundar.** Fundur settur kl. 19:40. Tillaga að dagskrá samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerð seinasta fundar.** Samþykkt samhljóða.

## **3. Innkomin/útsend erindi**

(a) 25.2.2013; sent erindi frá PFS; upplýsingar um skipulag námskeiðs Í.R.A. til amatörprófs.

(b) 17.2.2013; sent erindi til IARU Svæðis 1; stuðningur við frumvarp NRRL á fundi HF nefndar í apríl n.k. vegna JOTA.

(c) 27.2.2013; send jákvæð umsögn með annmarka með úthlutun kallmerkisins TF3JON í stað TF3LMN til Jóns Svavarssonar. Nokkuð var rætt um þessa umsögn en kallmerkið TF3JO tilheyrði látnum leyfishafa. Jón Svavarsson mun taka upp annað kallmerki óski hann að flytjast upp um leyfisflokk.

(d) 02.3.2013; innkomið erindi frá TF3OM; tillaga um gagnkvæmar heimsóknir félaga Í.R.A. og flugmóðelfélaganna.

(e) 04.03.2013; innkomið erindi frá PFS um úthlutun kallmerkisins TF3HE í stað TF3HET til Halldórs Heiðars Sigurðssonar.

(f) 05.04.2013; sent erindi til PFS; beiðni um fund með fulltrúum Í.R.A., IARU og IARU Svæðis 1.

(g) 05.04.2013; innkomið jákvætt svar við beiðni um fund þann 7. maí n.k. í aðalstöðvum Póst- og fjarskiptastofnunar.

## **4. Yfirferð verkefna**

Farið yfir verkefni í verkefnatöflu. Lítið er eftir af útistandandi verkefnum. Tölvumál félagsstöðvarinnar hafa nú fengið farsæla lausn undir styrkri forystu TF3CY.

## **5. Fundur um VHF/UHF mál 14. mars s.l.**

Fundurinn tókst vel í alla staði. Aðsókn var allgóð. Fundarstjóri var TF3BJ. Ágætar umræður urðu um málaflökkinn og m.a. samþykkt, að ekki væri ástæða til að setja endurvarpann TF3RPC upp á ný á sama stað, en hann var tekinn niður vegna byggingarframkvæmda í húsinu við Hagatorg þann 6. febrúar s.l. Hugmyndin er að finna honum betri stað. Þá var það almennt haft á orði, að ekki sé þörf á að setja aftur upp endurvarpann TF3RPH við Garðskagavita (en búnaður hans var fluttur í Bláfjöll í september s.l. eftir að elding skemmdi Zodiac stöð TF1RPB). Stjórn samþykkti þessar tillögur.

## **6. CQ TF**

Lokadagur fyrir móttöku efnis í 2. tbl. 2013 var sunnudaginn 31. mars. TF3KX tók að sér að setja tilkynningu á heimasíðu og á póstlista svo og að taka á móti efni. TF3JB tók að sér að ritstýra blaðinu sem aðstoðarmaður að þessu sinni. TF3VS setur blaðið upp og brýtur um. Stefnt er að útgáfu nýja blaðsins fimmtudaginn 11. apríl.

## **7. Námskeið til amatörprófs**

Námskeið félagsins til amatörprófs gengur vel. Það hófst 12. febrúar s.l. og lýkur 3. maí n.k. Próf Póst- og fjarskiptastofnunar verður haldið degi síðar, 4. maí. Námskeiðið er haldið í HR og verður próf til amatörleyfis haldið á sama stað. 18 þátttakendur eru á námskeiðinu og 9

leiðbeinendur. Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, formaður prófnefndar Í.R.A. vann skipulag námskeiðsins. Umsjónarmaður f.h. Í.R.A. er Jónas Bjarnason TF3JB. Áætlaður hreinn rekstrarhagnaður félagssjóðs vegna verkefnisins nemur um 100 þúsund krónum, auk tekna af félagsgjöldum þeirra sem gerst hafa félagsmenn vegna námskeiðsins.

#### **8. Tölvumál**

Að frumkvæði TF3CY ákvað CCP að gefa félaginu tvær notaðar tölvur (fullkomlega í lagi) sem að mati Benedikts, eru vel nothæfar í fjarskiptaherbergi félagsins. Þann 14. mars mætti TF3CY í Skeljanes með fyrri tölvuna og hin kom skömmu síðar. Stjórn færir CCP innilegar þakkir félagsins. Ritara falið að koma þeim á framfæri í samráði við TF3CY.

#### **9. Söfnun TF3SA fyrir RF magnara**

Söfnunin er á tvennan máta; annars vegar frjáls framlög félagsmanna og hins vegar laun TF3VS fyrir umbrot CQ TF, en hann tók við uppsetningu CQ TF frá og með 3. tbl. 2012. Skilyrt var frá hans hendi, að hann fengi ekki féð í hendur, heldur yrði andvirði vinnu hans lagt í tækjasjóð ÍRA. Í erindi frá Vilhjálmi dags. 14.2.2013 fer hann þess á leit, að uppsafnað andvirði vinnu hans við undangengin þrjú tölublöð CQ TF verði nú greitt út í söfnunarsjóð TF3SA vegna fyrirhugaðra kaupa á RF magnara fyrir TF3IRA. Andvirðið er nú kr. 104.568. Gjaldkera falið að koma peningunum til skila í sjóðinn.

#### **10. Stjórnarfundur IARU Svæðis 1 í Reykjavík**

Árlegur fundur stjórnarnefndar IARU Svæðis 1 fyrir árið 2013 verður haldinn í Reykjavík helgina 4.-5. maí n.k. Samkvæmt upplýsingum frá TF3KB, IARU tengilið félagsins, eru væntanlegir um 25 gestir til landsins vegna fundarins (þ.m.t. makar). Sérstakir gestir stjórnarfundarins verða m.a. forseti IARU, Timothy S. Ellam, VE6SH og varaforsetinn, Ole Garpestad, LA2RR. Óskað hefur verið eftir samráðsfundi með íslenskum stjórnvöldum um málefni radíóamatöra, með sérstakri áherslu á undirbúning WRC-15. Fyrir liggur ósk framkvæmdanefndar þess efnis að haldið verði opið hús í Skeljanesi, sunnudaginn 5. maí kl. 15-17, til að framkvæmdanefndarmenn geti hitt félagsmenn ÍRA.

#### **11. Aðalfundur**

Aðalfundur Í.R.A. 2013 verður haldinn laugardaginn 18. maí kl. 13:00 í Snæfelli, fundarsal Radisson SAS hótels Sögu, í Reykjavík. Fyrst var boðað til fundarins 27. mars s.l. og voru tilkynningar settar bæði á heimasíðu og póstlista. Ásamt tilkynningunni fylgdi ábending til félagsmanna þess efnis, að skv. ákvæði í 27. gr. félagslaga þurfi tillögur að lagabreytingum að berast stjórn félagsins fyrir 15. apríl n.k. Eiginlegt fundarboð aðalfundarins verður sent í tölvupósti til félagsmanna og sett á heimasíðu og póstlista þann 26. apríl n.k. í samræmi við ákvæði í 16. gr. félagslaga. Berist frumvarp um lagabreytingar sem uppfyllir ákvæði 27. gr. félagslaga, fyrir 15. apríl n.k., verður það sent með fundarboði. Miðað er við að skýrsla stjórnar 2012-2013 verði lögð fram á síðasta stjórnarfundum fyrir aðalfund þ. 12. maí n.k. Miðað er við að ársreikningur 2012-2013 verði lagður fram á þeim stjórnarfundum. Guðmundur Sveinsson, TF3SG, hefur boðist til að setja reikninginn upp eins og hann hefur gert undanfarin ár. Stjórn er sammála um að leggja til að árgjald verði 6500 kr.

#### **12. Önnur mál**

Engin önnur mál voru rædd að þessu sinni.



### 13. Fundarslit

Fundi var slitið um kl. 21:30. Stjórn færir þeim hjónum Ástu og Andrésí bestu þakkir fyrir höfðinglegar veitingar og gott atlæti á heimili þeirra.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA  
Ritari ÍRA

*Óunnin verkefni sem ákveðin voru á fundinum og fyrri fundum.*

Verkefni	Dags.	Ábyrgð	Verkefnislok
Ljúka við eignaskrá		TF3G, EE, SG	
Fundargerðir í Google Docs	30.5.2012	TF3UA	
Finna keppnisstjóra ÍRA	27.12.2012	Allir	
Vinna að námsefnismálum	27.12.2012	JB, UA, BJ	
Finna nýjan ritstjóra CQTF	27.12.2012	Allir	
Úrlausn tölvumála félagsstöðvarinnar	15.2.2012	TF3CY og fl.	10.4.2013



Úr félagsstarfinu. Höskuldur Elíasson TF3RF og Stefán Þórhallsson TF3S skoða úrvalið á flóamarkaði Í.R.A. sem haldinn var í félagsaðstöðunni í Skeljanesi þann 21. október 2012.

# Fundargerð stjórnarfundar nr. 10/2012-2013

**Númer fundar:** 10

**Dagsetning:** 12. maí 2013

**Staður:** QTH TF3UA í Mosfellsbæ.

**Mættir:** TF3JB, TF3AM, TF3BJ, TF3UA og TF2WIN.

**1. Setning fundar.** Fundur settur kl. 15:15. Tillaga að dagskrá samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerð seinasta fundar.** Samþykkt samhljóða.

### **3. Innkomin/útsend erindi.**

(a) TF3JA sendi erindi til stjórnar um að félagsmenn fengju leyfi til að nota félagsstöðina undir eigin kallmerki. Stjórn ÍRA leggst gegn þessari tillögu. Í leyfisbréfi radióamatöra er það stöðin sem hefur kallmerkið.

(b) Komið er bréf frá radiórefum um það hver sé ábyrgðarmaður TF2R og TF3R og mælir stjórn með leyfisveitingu, þar sem tilnefndur ábyrgðarmaður fullnægir kröfum sem samþykktar voru á aðalfundi 2009 hvað varðar jákvæða umsögn félagsins með úthlutun kallmerkja með einn staf í viðskeyti.

(c) Mælt hefur verið með úthlutun þriggja nýrra kallmerkja í kjölfar prófs þ. 4. maí sl. Þau eru TF3CE, TF3EO og TF3MHN. Stjórn fagnar hinum nýjum leyfishöfum og sendir þeim innilegar hamingjuóskir.

### **4. Yfirferð verkefna.**

Farið yfir verkefni í verkefnatöflu. Lítið er eftir af útistandandi verkefnum. Verkefnið um að finna keppnisstjóra ÍRA er komið á reksþól þar sem safnað hefur verið upplýsingum um verkefni slíkra hjá öðrum félögum. Ekki hefur nýr ritstjóri CQ TF fundist og kom sú hugmynd fram að auglýsa eftir sjálfboðaliðum á póstlista félagsins.

### **5. Málefni aðalfundar 2013.**

Fundurinn verður haldinn 18. maí nk. Tvær tillögur til lagabreytinga hafa borist, annars vegar um félagsfundi frá TF3BJ og TF3UA og hins vegar frá TF3JA um að sleppa punktunum í Í.R.A.

### **6. Skýrsla formanns lögð fram til kynningar.**

Skýrsla formanns er tilbúin að öðru leyti en því að fundargerð þessi er ekki komin inn. Hér er á ferðinni mikið verk og vandað og á formaður heiður skilinn fyrir þessa miklu vinnu.

### **7. Ársreikningur félagssjóðs lagður fram til kynningar.**

Reikningurinn er ekki tilbúinn til sýningar en verður sendur í byrjun nýrrar viku. Staða félagssjóðs er góð. Reikningurinn verður síðan borinn undir endurskoðendur.

### **8. Námskeið ÍRA til amatörprófs og próf PFS til amatörleyfis.**

Þátttakendur voru ánægðir með námskeiðið, 9 leyfishafar stóðust prófið og hafa sex þegar ákveðið að sækja um kallmerki.

### 9. Stjórnarfundur framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1 í Reykjavík.

Fundurinn gekk vel í alla staði og einnig fundurinn með félagsmönnum ÍRA á sunnudeginum 5. maí. Formaður lagði fram reikninga vegna kostnaðar við konfekt og aðrar veitingar sem veittar voru í tengslum við heimsóknina. Baldvin Þórarinsson TF3-033 tók að sér að hreinsa öll gólf í félagsaðstöðunni fyrir heimsóknina. Stjórn færir Baldvini bestu þakkir fyrir framtakið.

### 10. Önnur mál

- Áfangaskýrsla starfshóps ÍRA um fjaraðgang var lögð fram 18. 4. sl. Stjórn fagnar þessari áfangaskýrslu sem er sú fyrsta af þremur.
- Skýrsla starfshóps um neyðarfjarskiptastefnu. Flutt var tala í félagsaðstöðunni um vinnu hópsins þ. 2. maí sl. Stjórn þakkar starfshópnum fyrir starf hans.

Stjórn samþykkti einróma að þeir Kristján Benediktsson TF3KB og Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX fengju stöðu heiðursfélaga ÍRA fyrir áratugalöng framúrskarandi störf í þágu félagsins.

### 13. Fundarslit

Fundi var slitið um kl. 17:20. Ritara var falið að þakka þeim hjónum Svönu Helen og Sæmundi fyrir veitingar á heimili þeirra.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA  
Ritari ÍRA

Verkefni	Dags.	Ábyrgð	Verkefnislok
Ljúka við eignaskrá		TF3G, TF3EE, TF3SG	
Fundargerðir í Google Docs	30.5.2012	TF3UA	
Finna keppnisstjóra ÍRA	27.12.2012	Allir	
Vinna að námsefnumálum	27.12.2012	JB, UA, BJ	
Finna nýjan ritstjóra CQ TF	27.12.2012	Allir	



Úr félagsstarfinu. Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN og Heimir Konráðsson TF1EIN á góðri stundu í Skeljanesi.



# Viðauki-B

Yfirlit yfir tilgreind skjöl  
og annað sértækt efni  
sem vísað er til í skýrslunni

Efni	Dagsetning	Blaðsíða
Starfsáætlun stjórnar Í.R.A. fyrir starfsárið 2012/2013	5.7.2012	138
Minnispunktur frá samráðsfundi með PFS 2012	31.10.2012	141
Umsögn EMC nefndar um tillögu að staðli um fjarskipti yfir raflínur	31.10.2012	144
Skipulag námskeiðs Í.R.A. til amatörprófs 2013	12.2.2013	146
Áfangaskýrsla starfshóps Í.R.A. um fjaraðgang (fyrsta skýrsla)	18.4.2013	148
Niðurstöður úr prófum til amatörleyfis á starfsárinu 2012/2013	13.5.2013	152
Skýrsla starfshóps Í.R.A. um neyðarfjarskiptastefnu	12.5.2013	153
Vetrardagskrá starfsárið 2012/2013; fyrri hluti 2012	27.9.2012	155
Vetrardagskrá starfsárið 2012/2013; síðari hluti 2013	1.1.2013	156
Upplýsingar um höfunda ljósmynda í skýrslunni	14.5.2013	157



Úr félagsstarfinu. Loftnetavinna í Skeljanesi 24. mars 2013.

## 1. STFSÁÆTLUN STJÓRNAR Í.R.A. 2012/2013; SAMÞYKKT 5. JÚLÍ.

Á stjórnarfundum í Í.R.A., sem haldinn var þann 5. júlí 2012, var samþykkt starfsáætlun félagsins fyrir næsta starfsár. Áætlunin er birt hér á eftir í heild. Hún er alls í níu liðum og varðar rekstur félagsins, samskiptin út á við, félagsaðstöðuna, félags stöðina, vetrardagskrá, miðla félagsins, námskeið til amatörprófs, endurvarpa og tíðnimál. Starfsáætlunin er unnin með tilvísan til ákvæðis í 9. gr. félagslaga. Starfsáætlun félagsins 2012/13 fylgir í meginatriðum samskonar áætlunum sem unnið hefur verið eftir síðastliðin þrjú ár. Nokkrar áherslubreytingar hafa þó verið gerðar að þessu sinni og skal hér á eftir gerð stutt grein fyrir þeim:

- Miðað er við að a.m.k. einn stjórnarmaður verði á vakt sérhvert opnunarkvöld félagsaðstöðunnar í stað tveggja áður.
- Í ljósi umræðna á s.l. tveimur aðalfundum, verður kaffi áfram í boði í félagsaðstöðu, en öðrum viðurgerningi sleppt.
- Skoðað verður hvort tímabært sé að skipa í embætti keppnisstjóra og VHF stjóra.
- Leitað verður eftir rýmkun heimilda og sérheimilda hjá Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. umfjöllun í 4. kafla.
- Skoðað verður, hvort unnt sé að hefja morskennslu fyrir byrjendur.
- CQ TF verður einvörðungu gefið út rafrænt frá og með 3. tbl. 2012 vegna kostnaðar.
- Stefnt verður að uppsetningu tónlæsingar allra endurvarpa félagsins, sambærilegri þeirri sem notuð er við TF8RPH.

Sjá að öðru leyti kaflaskipta umfjöllun um starfsáætlunina hér á eftir.

### 1. Rekstur.

Stjórn félagsins mun halda stjórnarfundum samkvæmt áætlun sem samþykkt var á stjórnarfundum nr. 1/2012. Stefnt verður að því að útbúa erindisbréf fyrir flesta embættismenn á starfstímabilinu. Stefnt verður að því að ljúka gerð eignaskrár með ljósmynd af hverjum hlut, ásamt stuttri lýsingu. Í framhaldi verða váttryggingar eigna félagsins uppfærðar. Á starfsárinu verður áfram reynt að hafa upp á eldri fundargerðabókum félagsins (sbr. umfjöllun á aðalfundi 2011), en nokkur árangur náðist í þeim efnum á fyrra starfsári. Stjórn félagsins mun sérstaklega hvetja til og styðja stofnun áhugahópa um tiltekin málefni innan áhugamálsins, t.d. áhugahóp um QRP.

## 2. Samskiptin.

Jákvæð og uppbyggileg samskipti við aðila í nærumhverfinu sem og í fjærumhverfinu, eru Í.R.A. nauðsynleg. Miðað er við að a.m.k. einn stjórnarmaður verði ætíð til staðar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi öll fimmtudagskvöld til að auðvelda samskipti félagsmanna og stjórnar. Á starfsárinu verður fylgt óbreyttri stefnu í samskiptum við Póst- og fjarskiptastofnun, sem hafa verið bæði fagleg og ánægjuleg. Stefnt verður að áframhaldandi góðum samskiptum við IARU og IARU Svæði 1. Það sama á við um NRAU og landsfélög radióamatöra á Norðurlöndum sem og í öðrum aðildarlöndum IARU.

## 3. Félagsaðstaðan.

Þungamiðjan í starfi félagsins er rekstur félagsaðstöðunnar í Skeljanesi. Hún er mikilvæg vegna þjónustu við félagsmenn. Húsnæðið skiptist í fjóra hluta: Samkomusal á fyrstu hæð, fjarskiptaherbergi og herbergi fyrir kortastofu og smíðaaðstöðu á efri hæð, og geymsluherbergi í kjallara. Rekstur félagsaðstöðu verður með svipuðu horfi og undanfarin ár, þ.e. opið hús kl. 20-22 á fimmtudagskvöldum. Í boði verður kaffi, aðgangur að ljósritun og útlán mælitækja, bóka og tímarita. Óbreytt fyrirkomulag verður á kaupum á þrífum húsnæðis í samvinnu við aðra aðila í húsinu. Undanfarin þrjú ár hefur verið markvisst unnið að því að bæta húsnæði félagsins og er því verkefni nú lokið. Á stjórnartímabilinu verður þó til skoðunar hugmynd þess efnis, að koma fyrir glerskáp í samkomusal á fyrstu hæð, þar sem stilla má upp áhugaverðum eldri sendi-/viðtækjum og búnaði sem er í vörslu félagsins. Í annan stað verði athugað með áhuga á uppsetningu sérhæfðs fjarskiptabúnaðar í hluta herbergis sem rúmar kortastofu og smíðaaðstöðu.

## 4. Félagsstöðin TF3IRA.

Stjórn Í.R.A. er þeirrar skoðunar, að það sé mikilvægt að félagsstöðinni TF3IRA sé hverju sinni búin aðstaða og tæknilegar forsendur til að hægt sé að stunda fjarskipti í sem flestum tíðnisviðum radióamatöra á sem flestum tegundum útgeislunar, á mismunandi afli og [helst] hvenær sem er sólarhringsins. Núverandi aðstaða við Skeljanes er til þess fallin að svara þörfum félagsins í þessum efnum, einnig hvað varðar möguleika til uppsetningar [fleiri] loftneta á lóð hússins, auk þess sem núverandi fjarskiptaherbergi er hentugt.



*Ný VHF/UHF FM stöð TF3IRA var tengd þann 8. nóvember 2012.*

Á starfsárinu verður stuðlað að þátttöku félagsstöðvarinnar í helstu alþjóðlegum keppnum með kallmerkinu TF3W. Meðal annars verður skoðað hvort tímabært er að skipa í embætti keppnisstjóra Í.R.A. Samkvæmt sömu forsendum verður stuðlað að virkni félagsstöðvarinnar í gervihnattafjarskiptum, auk þess sem almennt verður lögð áhersla á að TF3IRA sé QRV á opnunarkvöldum. Til að það megi takast, þarf að halda Yagi loftneti félagsins og stangarloftneti í góðu standi. Stefnt verður að uppsetningu loftneta til frambúðar fyrir 80 og 160 metra böndin. Þar að auki verði athugað með uppsetningu turnefnis í eigu félagsins á lóðinni í Skeljanesi. Þá verður leitast við að finna lausn á RF magnaramálum TF3IRA. Til athugunar



verði, hvort raunhæft sé (vegna nálægðar við flugvöll) að setja upp radíóvita á 50 MHz og á 70 MHz. Hið fyrsta verður gengið frá uppsetningu nýrrar VHF/UHF FM-stöðvar félagsins.

### **5. Vetrardagskrá 2012/2013.**

Ánægja hefur verið með fyrirkomulag vetrardagskrár félagsins síðastliðin starfsár enda aðsókn verið mjög góð. Í ljósi þessa verður í meginatriðum fylgt óbreyttu fyrirkomulagi. Fyrri hluti dagskrár verður í boði október/desember 2012 (til kynningar í 4. tbl. CQ TF 2012) og síðari hluti í janúar/maí 2013 (til kynningar í 1. tbl. CQ TF í janúar 2013). Miðað verður við óbreytt hlutfall erinda, styttri námskeiða (þ.m.t. smíðanámskeiða), sérnámskeiða og sunnudagsopnana. Þannig, að a.m.k. verði 20 viðburðir í boði fyrir áramót annarsvegar, og eftir áramót, hinsvegar, eða samtals um 40 viðburðir. Stefnt er að því að halda a.m.k. tvo almenna félagsfundum á starfsárinu (eða fleiri, eftir þörfum). Þá verður til athugunar, hvort unnt reynist að hefja morskennslu fyrir byrjendur á starfsárinu sem og að koma á stöðuprófum í morsi fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir.

### **6. Miðlar.**

Útgáfuáætlun CQ TF miðast við 4 tölublöð þar sem hvert blað verði að lágmarki 16 blaðsíður. Áætlunin miðast við lágmarksforsendur og verði til skoðunar fyrir hvert blað, í samvinnu við ritstjóra. CQ TF verður einvörðungu gefið út á rafrænu formi frá og með 3. tbl. 2012 og prentun þess þar með hætt vegna kostnaðar. Aðrir miðlar félagsins, s.s. heimasíðan, www.ira.is og póstlisti, verða áfram til þróunar líkt og var [einkum] á síðasta starfsári.

### **7. Námskeið.**

Námskeiðahald til amatörprófs hefur ávallt tilheyrt kjarnastarfsemi félagsins og mun svo verða áfram í góðri samvinnu við umsjónarmann námskeiða til amatörprófs, prófnefnd félagsins og Póst- og fjarskiptastofnun. Próf til amatörleyfis var síðast haldið í Skeljanesi þann 28. apríl 2012. Það próf var án undangengins námskeiðs. Stefnt er að því að efna annað hvort til námskeiðahalds í vetrarbyrjun 2012 eða í ársbyrjun 2013.

### **8. Endurvarpar.**

Nýir möguleikar fyrir endurvarpa í metrabylgjusviðinu verða skoðaðir. Nýjasti endurvarpi félagsins, TF8RPH á Garðskaga, hefur komið vel út. Hann notar CTCSS tónlæsingu með 85 riða tón og verður athugað með að búa aðra endurvarpa félagsins sambærilegri tónlæsingu, þ.e. TF1RPE, TF1RPB, TF3RPC og TF5RPD. Þá verður unnið að því að gangsetja á ný auðkenni á morsi við endurvarpana TF1RBP og TF3RPC. Skoðað verður hvort tímabært er að skipa á ný í embætti VHF stjóra Í.R.A.

### **9. Tíðnimál.**

Stjórn Í.R.A. mun vinna að því að nýtt tíðnisvið á 630 metrum, þ.e. á 472-479 kHz, komi sem fyrst til úthlutunar hérlandis. Það kemur í stað núgildandi sérheimildar í tíðnisviðinu 493-510 kHz. Þá verður sótt um uppfærslu á núgildandi heimildum samkvæmt reglugerð og hinsvegar, um framlengingu á núgildandi sérheimildum sem renna út þann 31.12.2012 á 5.260-5.410 MHz; 70-70.200 MHz og 1850-1900 kHz (í tilgreindum alþjóðlegum keppnum). Þannig verður haldið á málum að aflheimildir, tegundir útgeislunar o.þ.h., haldist óbreytt nema hvað varðar ósk um aukið afl á 5 MHz, niðurfellingu takmarkandi ákvæðis um „útgeislað afl“ á 70 MHz, auk uppfærslu á lista um tilgreindar alþjóðlegar keppnir á 1850-1900 kHz. Þá mun Í.R.A. leita leiða í samskiptum við Póst- og fjarskiptastofnun, að koma á framfæri sjónarmiðum félagsins hvað varðar 5 MHz tíðnisviðið vegna undirbúnings fyrir tíðniráðstefnu Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), „World Radiocommunications Conference“ (WRC) árið 2015.

## 2. SAMRÁÐSFUNDUR MEÐ PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN 31. OKTÓBER 2012

Árlegur samráðsfundur með fulltrúum félagsins og Póst- og fjarskiptastofnunar fór fram þann 31. október 2012 í húsakynnum stofnunarinnar að Suðurlandsbraut 4 í Reykjavík. Hér á eftir fylgja minnisþingformanns til stjórnar Í.R.A. frá fundinum.

### Dagskrá:

1. Upprifjun síðasta fundar (frá 16. ágúst 2011) og hvað hefur gerst síðan þá.
2. 472-479 kHz og önnur tíðnisvið.
3. Cenelec staðall.
4. Önnur mál.

### 1. Upprifjun síðasta fundar (frá 16.8.2011) og hvað hefur gerst síðan þá.

TF3DX rifjaði fyrst upp stuttlega það helsta sem gerst hefur frá síðasta fundi aðila sem haldinn var 16. ágúst 2011, sem var eftirfarandi:

- Formleg samþykkt um skipan EMC nefndar Í.R.A. þann 3. nóvember.
- Erindi Bjarna Sigurðssonar sérfræðings PFS í Skeljanesi þann 8. desember.
- Erindi TF3DX um ICNIPRcalc V1.01 forrit IARU Svæðis 1 í Skeljanesi, 15. mars.
- Próf til amatörleyfis sem haldið var þann 28. apríl. En í námsefninu og á prófi var m.a. EMC efni, unnið í samvinnu prófnefndar og EMC-nefndar félagsins.
- Ákvörðun PFS nr. 112, 16. maí 2012; „Búnaður radióáhugamanns ekki talinn valda skaðlegri geislun“.

Undir dagskrárliðnum kom fram hjá einum fulltrúa PFS, að FCC í Bandaríkjunum geri þær kröfur til leyfishafa að þeir leggi fram upplýsingar um sviðsstyrk frá búnaði sínum sé þess óskað af stjórnvöldum. Fram kom í svari TF3DX að þekktar aðferðir í þessum efnum væru mjög ónákvæmar. TF3UA nefndi, að hugsanlegt væri að nota þessar aðferðir til að fá vísbendingar um sviðsstyrkinn. Málinu var vísað til EMC-nefndar félagsins til skoðunar.

### 2. 472-479 kHz og önnur tíðnisvið.

„Resolution COM6/13 (WRC-12)“ var næst dreift á fundinum, en það fjallar um nýtt tíðnisviðið fyrir radióamatöra á 472-479 kHz á víkjandi grunni með ákveðnum skilyrðum um sendiafl. Fram kom, að vitað er um að Þýskaland og Mónakó hafa veitt sínum leyfishöfum aðgang að sviðinu (í júní s.l.). Þá kom fram, að stjórnvöld í Danmörku muni veita sínum leyfishöfum aðgang frá og með 1. janúar 2013. Í.R.A. mun taka saman stutta greinargerð um málið og senda PFS, en fulltrúar félagsins lögðu áherslu á, væri þess nokkur kostur, að tíðnisviðið yrði til úthlutunar hér á landi frá 1. janúar næstkomandi.

Næst var stuttlega farið yfir þau tíðnisvið sem íslenskir leyfishafar hafa sérheimildir á og hafa gildistíma til 31. desember n.k. Þessi tíðnisvið eru:

- Sérheimild á 493-510 kHz á 600 metrum. Ljóst er, að heimildin mun falla út verði nýtt tíðnisvið á 472-479 kHz heimilað þann 1. janúar 2013.
- Sérheimild á 5260-5410 MHz á 60 metrum. Fram kom, að félagið sækist eftir framlengingu á núverandi heimild (þ.m.t. viðbótarheimild frá 6.6.2012 um PSK-31 tegund útgeislunar), auk þess sem farið er fram á aukningu á hámarks leyfilegu útgeisluðu afli úr 100W í 200W.
- Sérheimild á 70,000-70,200 MHz á 4 metrum. Fram kom, að félagið sækist eftir framlengingu á núverandi heimild, auk þess sem farið er fram á breytingu á skilgreiningu á hámarks leyfilegu afli, þ.e. úr því að vera útgeislað afl í útgangsafl. Jafnframt væri kostur, að fá heimild fyrir rýmra tíðnisviði yfir 70,200 MHz.

- Sérheimild á 1850-1900 kHz á 160 metrum. Fram kom, að félagið sækist eftir framlengingu á núverandi heimild, auk þess sem heimiluð verði ein tilgreind alþjóðleg keppni til viðbótar við þær 10 sem þegar eru taldar upp. Í umræðum komu stuttlega til umfjöllunar nýlegar breytingar í Svíþjóð, en sænsk stjórnvöld heimila nú sínum leyfishöfum afnot af öllu tíðnisviðinu, þ.e. frá 1810-2000 kHz.

Samþykkt var að félagið muni senda stofnuninni erindi hvað varðar óskir um framlengingar heimilda ásamt óskum um rýmri heimildir, þar sem það á við. Í lok umræðunnar, kynnti fulltrúi PFS stuttlega ályktun sem samþykkt var á WRC-2012 um að skoða mögulegt tíðnisvið á 5 MHz fyrir radióamatöra fram að WRC-2012, en þá verður ákvörðun þess efnis hugsanlega tekin.

### 3. Cenelec staðall.

Undir dagskrárliðnum afhenti TF3UA fulltrúum PFS formlega umsögn félagsins um nýjan PLC staðal um fjarskipti á raflinum sem PFS fékk til umsagnar frá Staðlaráði og óskaði umsagnar um frá hendi félagsins. Niðurstaða í samantekt félagsins er eftirfarandi:

„EMC-nefnd Í.R.A. mælir með því að fulltrúi Íslands í staðlanefndinni CENELEC leggist gegn því að staðlafrumvarpið FprEN 50561-a verði samþykkt sem staðall. Með innleiðingu búnaðar skv. þessum staðli væri tekin mikil áhætta sem felst í því að stuttbylgjufjarskipti í þéttbýli truflast verulega og einnig langbylgjufjarskipti sem snerta öryggi þjóðarinnar. Það er mat ÍRA að nóg sé af öðrum handhægum lausnum til innanhússfjarskipta svo að áhrif af því að hafna staðlinum yrðu óveruleg“. Fulltrúar PFS gerðu ekki athugasemd við að félagið sendi umsögnina jafnframt til Staðlaráðs Íslands.

Fram kom hjá fulltrúa PFS, að stofnunin hafi auk Í.R.A., jafnframt sent óskir um umsókn um staðalinn til Isavia og Vakstöðvar siglinga.

### 4. Önnur mál.

#### 4.1 Afhending gagna.

PFS afhenti ÍRA gömul smíðaverkefni radióáhugamanna sem krafa var gerð um á árum áður.

#### 4.2 Próf til amatörleyfis.

Fram kom undir dagskrárliðnum að eitt próf til amatörleyfis var haldið á þessu ári og að næsta próf er áætlað næsta vor (2013).

#### 4.3 Rafræn tilkynningareyðublöð.

Að tillögu TF3DX, var rætt var um hvort ekki væri rétt að útbúa einhver rafræn tilkynningar-eyðublöð á heimasíðu PFS fyrir þá sem hafa áhuga að ná sér í radióáhugamannaréttindi og taka próf. Fulltrúar PFS athuga málið.

#### 4.4 Sérfræðingur í EMC-málum.

SP kynnti áhuga fyrrverandi formanns EMC nefndar IEEE um að koma til landsins og áhuga hans á að halda í leiðinni kynningu/fyrirlestur um sína reynslu á þessu sviði. Vildi kanna áhuga m.a. PFS um þátttöku og hugsanlega hlutdeild í einhverjum kostnaði.

#### 4.5 Erindisflutningur í Skeljanesi.

Fulltrúar félagsins spurðu að lokum, hvort mögulegt væri að fá sérfræðing frá stofnuninni á ný með erindi í Skeljanesi á vorönn. Vel var tekið í þá beiðni og verður tengiliður félagsins í sambandi við PFS vegna þessa á næstunni.

#### 4.6 Gömul gögn.

PFS sýndi ÍRA gömul gögn sem stofnunin hefur undir höndum, varðandi radióáhugamenn.



### Að lokum.

Fundinn sátu fyrir hönd félagsins: Jónas Bjarnason TF3JB, formaður stjórnar félagsins; Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, formaður prófnefndar; Kristján Benediktsson TF3KB, IARU tengiliður félagsins og prófnefndarmaður; Kristinn Andersen TF3KX ritstjóri CQ TF og prófnefndarmaður og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, ritari í stjórn félagsins og formaður EMC nefndar.

Fundinn sátu fyrir hönd Póst- og fjarskiptastofnunar: Hörður R. Harðarson, sérfræðingur á tæknideild PFS; Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur á tæknideild PFS og Hafþór Óskarsson, sérfræðingur á tæknideild PFS. Þorleifur Jónasson, forstöðumaður tæknideildar PFS, sem til stóð að sæti fundinn var fjarstaddur vegna viðveru á fundi erlendis.

Fundurinn stóð í tæpa eina og hálf klukkustund; hófst kl. 10:30 og lauk skömmu fyrir kl. 12:00 á hádegi. Það er mat Í.R.A. að fundurinn hafi bæði verið gagnlegur og jákvæður.



*Eftir fundinn átti TF3DX erindi við Hörð og fékk að glugga í möppur yfir leyfisveitingar til radióamatöra í gegnum árin. Í ljós kom, að bækur stofnunarinnar voru í stakasta lagi og var m.a. skoðað leyfisbréf nr. 1.*





Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA



Gísli G. Ófeigsson TF3G



Yngvi Harðarson TF3Y

Til Póst-og fjarskiptastofnunar,  
Suðurlandsbraut 4,  
108 Reykjavík.

### **Efni: Umsögn um tillögu að staðli um fjarskipti yfir raflínur**

Dags.: 31. október 2012

#### **Inngangur**

Fjarskipti yfir raflínur hafa verið stunduð um áratuga skeið. Rafmagnsveitur notuðu lengst af raflínurnar til merkjasendinga en í afar litlum mæli. Á 10. áratugnum byrjuðu miklar þreifingar í þá átt að nýta raflínukerfið til fjarskipta fyrir almenning. Hér á landi var starfsemi Línu.nets mest áberandi á þessu sviði og var talsverðum fjármunum varið í prófanir og tilraunauppsetningar. Til stóð að bjóða fólki samband með samnýttum hraða 1 Mb/s – 3 Mb/s og hefði samnýtingin orðið milli allra íbúða sem tengdust sama spenninum í 230 V kerfi Orkuveitunnar. Fjarskiptin yfir raflínurnar byggjast á því að nýta stuttbylgjusviðin og helst tíðnisviðin þar fyrir neðan fyrir merki sem send eru eftir raflínum. Í kerfi Línu.nets var það alltaf nokkur ráðgáta hvernig merkin kæmst fram hjá raforkumælinum sem er við rafmagnsinntak hverrar íbúðar, en hann er ágæt lánhæpissía og heftir því verulega útbreiðslu hátíðnimerkja eftir línunum. Engri hátíðnibrúun yfir mælinn var beitt. Aðferðin fólst í því að senda mjög sterkt merki að mælinum, láta það geisla út nærri íbúðinni og treysta á loftnetsverkun raflínanna í nærliggjandi íbúðum til að nema merkin og skila þeim inn á raflínurnar.

Fljótlega eftir aldamótin var alveg horfið frá hugmyndinni um raflínufjarskipti í aðgangsnnetinu. Í staðinn hóf Orkuveitan ljósleiðaravæðingu og raflínufjarskiptin fluttust inn í íbúðir fólks. Nú eru þau notuð innan íbúða með misjöfnum árangri. Uppsetningarmenn á vegum símafélaganna hrífast ekki af þessari tækni, hún er óáreiðanleg virkar sums staðar og annars staðar ekki og einnig er virknin tímaháð. Raflínufjarskipti eru þó notuð hér á landi enda skiptir áreiðanleikinn stundum litlu máli, t.d. við vefskoðun. Hins vegar henta þau engan veginn fyrir flutning IPTV merkja.

Til eru mun hentugri og öruggari lausnir til fjarskipta innan íbúða sem nýta t.d. kóaxlagnir (MoCA) og símalínur (HomePNA). Einnig hefur þráðlaus tækni tekið stórstíggum framförum á undanförunum árum, einkum með tilkomu staðalsins IEEE802.11n sem nýtir bæði OFDM og MIMO. Þessi staðall g.r.f. merkjum á 2,4 GHz og 5 GHz og leyfir allt að 600 Mb/s gagnahraða. Sending IPTV merkja með þessari tækni hefur verið prófuð og gengur upp. Auk

Þessa er nýr WiFi staðall í undirbúningi, 802.11ac en hann vinnur á 5 GHz tíðnisviðinu og leyfir gagnhraða yfir 1 Gb/s.

### **Frumvarp að nýjum staðli fyrir fjarskipti um raflínur FprEN 50561-1**

Meðal radíóamatöra hefur farið fram mikil umfjöllun um þessi drög að staðli. Óttast menn mjög að innleiðing hans geti þýtt endalok stuttbylgjufjarskipta a.m.k. eins og þau eru nú þekkt í þéttbýli. Þýskur amatör, Karl Fischer að nafni hefur varið miklum tíma í að kynna sér drögin og skrifað um þau ítarlega grein. Það er mat undirritaðs að mati hans sé treystandi og hafa mörg landsfélög í Evrópu einnig metið það svo. Karl er hugbúnaðarverkfræðingur en hefur greinilega tileinkað sér radiófræði mjög vel ef marka má þau skrif sem hann birtir á heimasíðu sinni. Hans niðurstaða um staðlafrumvarpið er eftirfarandi:

„EN 55022 was written by experts in order to protect the radio spectrum - whereas FprEN 50561-1 was written by the industry in order to be able to sell PLC devices. Actually there is no necessity whatsoever for a new Standard - the real purpose of this draft Standard is to raise the existing well-considered limits for disturbance emissions up to 10,000-fold and to flood the European market with PLC devices. If it is approved, it will render the valuable natural resource Shortwave completely useless for the Amateur Radio service and nearly useless for the Broadcasting service. FprEN 50561-1 undermines the liability to protect Radio Services from harmful interference which all members of the International Telecommunication Union accepted by commitment to the "Radio Regulations" of the ITU, because they prescribe: "S15.12 § 8 Administrations shall take all practicable and necessary steps to ensure that the operation of electrical apparatus or installations of any kind, including power and telecommunication distribution networks, but excluding equipment used for industrial, scientific and medical applications, does not cause harmful interference to a radiocommunication service and, in particular, to a radionavigation or any other safety service operating in accordance with the provisions of these Regulations“.

EMC-nefnd ÍRA tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í grein Karls Fischer. Rétt er að benda á að skv. staðlafrumvarpinu er gert ráð fyrir nýtingu tíðnisviðs niður í 150 kHz. Gert er ráð fyrir að merkisstyrkur á því tíðnibili geti orðið allt að 66 dBμV. Þetta samsvarar um 2 mV merkisspennu á línunni. Þessi spenna framkallar straum á rafmagnslínunni sem veldur útgeislun. Inni á heimili er um að ræða nærsviðsútgeislun enda er bylgjulengd um 1500 m löng á 200 kHz. Ríkisútvarpið sendir út á langbylgju frá Gufuskálum á 189 kHz og er viðmiðunarsviðsstyrkur á Reykjavíkursvæðinu um 70 dBμV/m. Með slumpareikningi er hægt að sýna fram á að sviðsstyrkur raflínufjarskipta í nærsviði inni á heimili m.v. 5 m fjarlægð frá útgeislandi vör er mjög nálægt sviðsstyrk Ríkisútvarpsins. Það eru því líkur á því að raflínufjarskipti geti truflað langbylgjusendingar Ríkisútvarpsins inni á heimilum. Með hliðsjón af því að þessar sendingar teljast hlekkur í almannavörnum þjóðarinnar væri tekin nokkur áhætta af því að leyfa slík raflínufjarskipti.

### **Niðurstaða.**

EMC-nefnd ÍRA mælir með því að fulltrúi Íslands í staðlanefndinni CENELEC leggist gegn því að staðlafrumvarpið FprEN 50561-1 verði samþykkt sem staðall. Með innleiðingu búnaðar skv. þessum staðli væri tekin mikil áhætta sem felst í því að stuttbylgjufjarskipti í þéttbýli truflist verulega og einnig langbylgjufjarskipti sem snerta öryggi þjóðarinnar. Það er mat ÍRA að nóg sé af öðrum handhægum lausnum til innanhússfjarskipta svo að áhrif af því að hafna staðlinum yrðu óveruleg.

Sæmundur E. Þorsteinsson  
Formaður EMC-nefndar ÍRA



**SKIPULAG NÁMSKEIÐS Í.R.A. TIL AMATÖRPRÓFS 12.2.-3.5. 2013.**

NR.	VIKU- OG MÁNAÐARD.	KENNSLUEFNI	KENNARI
1.	Þriðjudagur 12. febr.	DC-rásir, spenna, straumur og viðnám Lögmál Ohms. Afl, aflþol viðnáma Raðtenging og hliðtenging viðnáma Raðtenging og hliðtenging spennugjafa (raflaða)	TF3KX
2.	Föstudagur 15. febr.	Dæmareikningur úr DC-rásum	TF3KX
3.	Þriðjudagur 19. febr.	Rafsvið. Þéttir, hvað ræður rýmd Raðtenging og hliðtenging þetta Helstu gerðir þetta, hverfiþéttar	TF3HM
4.	Föstudagur 22. febr.	Dæmareikningur um þetta (ekki þverviðnám) Segulsvið, span. Sjálfspan Raðtenging og hliðtenging spólna	TF3HM
5.	Þriðjudagur 26. febr.	Dæmareikningur um spólur (ekki þverviðnám) Riðspenna, tíðni og fasi. Toppildi og virka gildi sínus Spennar, vindingahlutfall og spenna, straumur u.þ.b.	TF3HM
6.	Föstudagur 1. mars	Spenna og straumur í þétti (við sínussveiflu) Spenna og straumur í spólu (við sínussveiflu) 90°fasvik spennu og straums, á hvorn veg? Straumresónans við raðtengingu, lágt viðnám Spennuresónans við hliðtengingu, hátt viðnám Q og bandbreidd	TF3HRY
7.	Þriðjudagur 5. mars	Dæmareikningur um þverviðnám og resónans Notkun reiknigráfs Kvartskristall, helsta notkun	TF3HRY
8.	Föstudagur 8. mars	Hálfleiðarar. Díóður, leiðnistefna P/N skeyta NPN og PNP nórar, þekkja styriskaut og hvernig snúa við veituspennu Afriðun og mögnun Flokkur A, B og C	TF3AU
9.	Þriðjudagur 12. mars	Sínus ein tíðni, bjögun og yfirsveiflur Summu- og mismunartíðni við blöndun/mótun LSB, USB, DSB-SC SSB með síuaðferð	TF3DX
10.	Föstudagur 15. mars	AM, umlykja, PEP Bandbreidd mótaðs merkis Umlykjubjögun, skvettur Umlykjuskynjari og margfeldisskynjari FM og PM	TF3DX
11.	Þriðjudagur 19. mars	Sveifluvakar, VFO, VXO, hlífistig (buffer), tíðnimargföldun Knýstig, aflmagnari Útgangssía, LP eða BP Lykling (mors) Prófsendirinn	TF3HK
12.	Föstudagur 22. mars	Dæmatími um prófsendi	TF3HK
13.	Þriðjudagur 26. mars	Skynjun á móttökutíðni, TRF og „direct conversion“ Viðtæki með millitíðni RF, LO, IF, BFO, AF, AGC Prófvíðtækið	TF3HK
14.	Þriðjudagur 2. apríl	Dæmatími um prófvíðtækið	TF3HK
15.	Föstudagur 5. apríl	Loftnet. Straum- og spennumynstur rakið frá opnum enda Lengdir sem gefa resónans, háviðnáms og lágviðnáms Lengdir sem gefa spankennt og rýmdarkennt tvinnviðnám Val á fæðistað sem hentar sammiðjukapli, annars ATUO eða o. lína Hálfbylgjutvípóll, kvartbylgjustöng, 3 staka Yagi Skautun og stefnuvirkni	TF3AM

16.	Þriðjudagur 9. apríl	Dæmatími um loftnet Tíðni og bylgjulengd. LF, MF, HF, VHF og UHF Helstu tíðnisvið amatöra Jarðbylgja, kostur vaxandi bylgjulengdar Stökkbylgja (sky wave), heppileg tíðni innanlands og fyrir DX Dautt svæði (skip zone) Nöfn og röð jónhvolflaga, D, E og F, hæð u.þ.b. Kritísk tíðni og MUF	<b>TF3AM</b>
17.	Föstudagur 12. apríl	Fæðilínur. Bylgjuviðnám sem hlut. spennu og straums í sömu bylgju 50 Ω og 75 Ω kaplar og opin lína Skermur jarðtengdur, jafnvæg lína og balun Lauslegur samanburður á tapi, tap vex með SWR Bylgja í báðar áttir veldur standbylgju Standbylgja, spennu- og straummynstur (e. bylgja), skilgreining SWR SWR reiknað sem RL/ZO eða ZO/RL Kvartbylgjuspennir Aðlögun úti við loftnet eða inni við stöð, ATU	<b>TF3UA</b>
18.	Þriðjudagur 16. apríl	Dæmatími um fæðilínur og aðlögun	<b>TF3UA</b>
19.	Föstudagur 19. apríl	Truflanir. Yfirsveifur, sníkjusveifur, RF-afturverkun frá loftneti Yfirstýring tækis sem truflast LP-sía, HP-sía, rétt notkun við truflað tæki eða sendi Samháttastraumur og kæfing hans Hindra RF straum út á húslagnir, einkum með LW Rétt stilling mótunar og afls, mótunarskvettur og lykilmellir	<b>TF3UA</b>
20.	Þriðjudagur 23. apríl	Öryggisatriði varðandi rafmagn Snertihætta Einangrun með spennu, varnarsmáspenna Hlífðarjörð, tenging hennar í kló Tvöföld einangrun í stað hlífðarjarðar, merki Vör Uppsetning loftneta Sviðsstyrkur nærri loftnetum	<b>TF3DX</b>
21.	Föstudagur 26. apríl	Dæmatími um truflanir	<b>TF3UA</b>
22.	Þriðjudagur 30. apríl	Reglur og viðskipti (náðar síðar)	<b>TF3GW</b>
23.	Föstudagur 3. maí	Farið í eldri próf og upprifjun	<b>TF3KX</b>

<b>KENRARAR</b>
<b>TF3AM</b> – Andrés Þórarinnsson – andres@vista.is
<b>TF3AU</b> – Ágúst Sigurðsson – agust@oxymap.com – agustus@internet.is
<b>TF3DX</b> – Vilhjálmur Þór Kjartansson – villik@hi.is
<b>TF3GW</b> – Þór Þórisson – TF3GW@simnet.is
<b>TF3HK</b> – Haukur Konráðsson – haukurk@simnet.is
<b>TF3HM</b> – Hörður Mar Tómasson – hordurmar@gmail.com
<b>TF3HRY</b> – Henry Arnar Hálfðánarson – hry@simnet.is – hry@ruv.is
<b>TF3KX</b> – Kristinn Andersen – Kristinn.Andersen@marel.com
<b>TF3UA</b> – Sæmundur E. Þorsteinsson – saemi@skipti.is
<b>UMSJÓN</b>
<b>TF3JB</b> – Jónas Bjarnason – jonas@hag.is – ira@ira.is – GSM 898-0559



Starfshópur Í.R.A. um fjaraðgang í Skeljanesi 18. apríl. Frá vinstri: Yngvi Harðarson TF3Y formaður, Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX og Kristján Benediktsson TF3KB.

## STARFSHÓPUR Í.R.A. UM STEFNUMÓTUN

### Áfangaskýrsla 1; Fjarstýring íslenskra leyfishafa í fjaraðgangsmálum; 18. apríl 2013.

Yngvi Harðarson, formaður, TF3Y.  
Kristján Benediktsson, TF3KB.  
Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX.

#### **Formáli.**

Með erindisbréfi dagsettu 18. september 2012 voru Yngvi Harðarson TF3Y, Kristján Benediktsson TF3KB og Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX skipaðir í nefnd Í.R.A. um stefnumótun í fjaraðgangsmálum.

Fyrsti fundur nefndarinnar, með formanni Í.R.A. Jónasi Bjarnasyni TF3JB, var haldinn mánuði síðar. Síðan hafa verið haldnir 6 vinnufundir, auk þess sem skipst hefur verið á upplýsingum og hugmyndum með tölvupósti.

Í erindisbréfi stjórnar ÍRA til nefndarinnar segir:

„Stjórn Í.R.A. telur, að félagið þurfi að mynda sér formlega skoðun í málum er varða fjaraðgang leyfishafa [almennt] að fjarskiptabúnaði innan landsins og t.d. þegar íslenskur leyfishafi hefur sambönd um eigin stöð innanlands, staddur erlendis.“ Þetta er megin viðfangsefni nefndarinnar. Enn fremur segir: „Starfshópnum er í sjálfsvald sett, að taka til umfjöllunar þau önnur tilvik sem hann telur skipta máli fyrir stefnu félagsins í þessum eignum. Vegna eðlis verkefnisins, eru starfshópnum ekki settar sérstakar tímaskorður í vinnu sinni, en jákvætt er að hópurinn annist kynningu á umfjöllunarefni sínu á aðalfundi félagsins sem haldinn verður í maí 2013“.

Með hliðsjón af þessu skiptir hópurinn umfjöllun sinni í áfanga. Fyrsti hluti varðar fjaraðgang íslenskra leyfishafa. Þessi áfangaskýrsla sem hér sér dagsins ljós lýsir niðurstöðum nefndarinnar í því efni.



## 1. Fjarstýring íslensks leyfishafa.

### 1.1 Skilgreining á íslenskum leyfishafa.

Nauðsynlegt er að ljóst sé hvað átt sé við með orðunum íslenskur leyfishafi. Í því samhengi sem hér um ræðir er einungis átt við handhafa amatørleyfis.

Niðurstaða nefndarinnar:

Nefndin telur að íslenskur leyfishafi sé hver sá radióamatör sem hefur íslenskt leyfi af því tagi sem íslenskir ríkisborgarar hljóta að afloknu prófi hér. Því fylgir íslenskt kallmerki.

#### Rökstuðningur.

Reglugerð um starfsemi radióáhugamanna (348/2004) kveður á um með hvaða hætti sé hægt að veita slíkt leyfi. Í 3. gr. segir meðal annars: „Íslenskir ríkisborgarar geta sótt um leyfi radióáhugamanna og sömuleiðis erlendir ríkisborgarar sem dvelja hér langdvölum“. Þessir verða íslenskir leyfishafar, aðrir ekki.

Erlendir ríkisborgarar sem setja sig hér niður um lengri tíma geta sótt um og hlotið íslenskt leyfi með þrennum hætti. Þeir geta;

- i) tekið íslenskt próf, sem leiðir af tilvitnun í 3. gr. hér að ofan.
- ii) framvísað samræmdu prófskírteini, HAREC.
- iii) framvísað erlendum réttindum sem Póst- og fjarskiptastofnun telur fullnægjandi.

Liðir ii) og iii) eru samkvæmt 9. grein reglugerðarinnar. Í öllum tilvikum gildir það sem segir fremst í 3. gr.: "Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfi radióáhugamanna að fengnum umsóknum. Stofnunin skal leita umsagnar félagsins Íslenskir radióamatörar áður en leyfi er gefið út". Hvað varðar umsögn Í.R.A. í tilfelli liðar iii) er eðlilegt að ÍRA miði umsögn sína við íslenskar kröfur og hafi HAREC til hliðsjónar.

Erlendir ferðamenn og gestir til skemmri dvalar falla ekki undir skilgreiningu nefndarinnar á íslenskum leyfishafa. Um þá gilda sérreglur. Í 9. gr. stendur meðal annars: „Þeir sem dvelja skamman tíma hér á landi og hafa aflað sér CEPT leyfisbréfs radióáhugamanns í heimalandi sínu geta starfrækt far- eða burðarstöð í samræmi við leyfisbréfið í allt að þrjú mánuði. Heimildin til að starfrækja búnaðinn á Íslandi gildir þó ekki lengur en leyfisbréfið. Radióáhugamönnum með erlend réttindi sem uppfylla ákvæði þessarar málsgreinar er einnig heimilt að starfrækja búnað íslenskra radióáhugamanna innan marka leyfis síns“.

Í þessari málsgrein er átt við radióáhugamenn sem uppfylla ákvæði greinarinnar, ekki réttindi sem gera það. Þeir þurfa að dvelja hér í skamman tíma og hafa aflað sér CEPT leyfisbréfs í heimlandinu. Hér er talað um heimild sem er bundin við 3 mánuði hið mesta, ekki íslenskt leyfi. Það er hins vegar gert í niðurlagi 9. greinar: „Radióáhugamenn sem dvelja hér lengur en þrjú mánuði og geta framvísað samræmdu prófskírteini, sbr. 5. gr. (HAREC, innskot nefndar), geta sótt um íslenskt leyfi og sömuleiðis aðrir radióáhugamenn með erlend réttindi sem Póst- og fjarskiptastofnun telur fullnægjandi“. Hér er átt við þá sem falla undir liði ii) og iii) að ofan. Þeir hljóta íslenskt leyfi.

Gestir, hinsvegar, hljóta heimild byggða á erlendu leyfi. Þessi munur á orðalagi ýtir undir þá skoðun nefndarinnar að þeir sem dvelja hér skamman tíma geti ekki fallið undir hugtakið íslenskur leyfishafi, enda fá þeir ekki íslenskt kallmerki eins og í 8. gr. segir: Radióáhugamenn með erlend réttindi sem starfrækja búnað sinn hér á landi í samræmi við 2. mgr. 9. gr. skulu skeyta bókstöfunum TF ásamt skástriki framan við kallmerki sem þeim hefur verið úthlutað í heimalandi sínu. Aðrir radióáhugamenn með erlend réttindi sem fá tímabundið leyfi hér á landi skulu skeyta skástriki og bókstöfunum TF aftan við kallmerki sem þeim hefur verið úthlutað í heimalandi sínu“.

## 1.2 Íslenskur leyfishafi staddur hérlendis, eigin sendir í íslenskri lögsögu.

Niðurstaða nefndarinnar:

Íslenskur leyfishafi staddur hérlendis getur fjarstýrt eigin sendi í íslenskri lögsögu.

### Rökstuðningur

Heimildir radióamatöra eru skilgreindar í 4. gr. reglugerðar um starfsemi radióáhugamanna (348/2004) þannig: „Radióáhugamönnum er heimilt að stunda fjarskipti í þeim tíðnisviðum sem talin eru upp í viðauka í samræmi við tegund leyfis“ og „Radióáhugamönnum er heimilt að setja saman búnað fyrir þráðlaus fjarskipti í eigin þágu og þurfa ekki gerðarsamþykki fyrir slíkum búnaði“. Reglugerðin greinir ekki milli stöðva sem er stýrt á staðnum og stöðva sem er fjarstýrt. Það þekkist þó annars staðar, t.d. í reglum Bretlands og Bandaríkjanna. Þar er heimildar til fjarstýringar sérstaklega getið og hún leyfð.

Í 7. gr. er fjallað um staðsetningu búnaðar: „Í leyfisbréfi skal koma fram hver sé notkunarstaður búnaðar leyfishafa nema þegar um far- eða burðarstöð er að ræða. Tilkynna skal Póst- og fjarskiptastofnun þegar í stað um nýtt aðsetur leyfishafa. Leyfishöfum er heimilt að flytja búnað sinn tímabundið á annan stað“.

Hér liggur í orðanna hljóðan sá skilningur að notkunarstaður búnaðar sé að jafnaði aðsetur leyfishafa. Það kemur ekki í veg fyrir að leyfishafi fjarstýri stöð sinni þegar hann er ekki heima, eða um stutta vegalend á sinni torfu. Ef leyfishafi vill setja upp búnað utan síns aðseturs ætti að sækja sérstaklega um leyfi til þess nema um tímabundinn flutning sé að ræða. Löng hefð er fyrir leyfisveitingum vegna endurvarpa og notkunar búnaðar á sérstökum dvalarstað eins og sumarbústað. Engin ákvæði eru um hömlur á tengingu búnaðar við aðrar fjarskiptaleiðir eins og veraldarvefinn, en skil milli tækja radióamatörs og annarrar þjónustu þurfa eðli málsins samkvæmt að uppfylla skilmála sem til slíkra skila eru gerðir.

## 1.3 Íslenskur leyfishafi staddur hérlendis, aðrir amatörsendar í íslenskri lögsögu.

Niðurstaða nefndarinnar:

Íslenskur leyfishafi staddur hérlendis getur, innan heimilda síns eigin leyfis, fjarstýrt hvaða amatörsendi sem er í íslenskri lögsögu.

### Rökstuðningur.

Þetta fellur undir áður nefnda tilvitnun í 4. gr.: „Radióáhugamönnum er heimilt að stunda fjarskipti í þeim tíðnisviðum sem talin eru upp í viðauka í samræmi við tegund leyfis“. Alla tíð hefur sambærileg notkun tækja annarra amatöra tíðkast við heimsóknir þeirra á milli.

## 1.4 Íslenskur leyfishafi staddur erlendis, amatörsendar í íslenskri lögsögu

Niðurstaða nefndarinnar:

Íslenskur leyfishafi staddur erlendis getur, innan heimilda síns eigin leyfis, fjarstýrt hvaða amatörsendi sem er í íslenskri lögsögu með tiltækum fjarskiptaleiðum.

### Rökstuðningur.

Hvað íslensk fjarskiptayfirvöld varðar er enginn munur á þessu og 1.3. Leyfishafinn er sjálfur ábyrgur fyrir því að fjarskiptaleiðir sem hann notar til Íslands í þessum tilgangi séu honum heimilari í viðkomandi landi.

## 1.5 Íslenskur leyfishafi, sendar utan íslenskrar lögsögu

Niðurstaða nefndarinnar:

Hvort sem leyfishafi er staddur hérlendis eða erlendis, er þetta alfarið háð reglum í landinu þar sem sendirinn er staðsettur. Honum ber að kynna sér þær.

### Rökstuðningur.

Íslensk leyfi eða reglur veita engar heimildir í lögsögu annarra ríkja, nema þarlend yfirvöld heimili það, hvort sem er einhliða eða með samkomulagi milli þjóða. Það er kappsmál íslenskra amatöra að menn noti ekki íslensk kallmerki, með viðeigandi viðskeytum, í öðrum löndum án þess að hafa gengið úr skugga um að það sé heimilt.

## 1.6 Íslenskur leyfishafi og fjarstýrð viðtæki.

Niðurstaða nefndarinnar:

Engar hömlur eru á því að íslenskur leyfishafi fjarstýri viðtæki innan íslenskrar lögsögu eins og honum væri heimilt að nota það með beinum hætti. Sama á við um aðra áhugamenn sem ekki hafa sendileyfi.

Mörg viðtæki eru aðgengileg á veraldarvefnum, sem íslenskur leyfishafi getur notað þó hann hafi ekki heimild til sendingar í viðkomandi landi. Í þeim tilfellum er það á hans ábyrgð að reglur þess lands séu virtar.

### Rökstuðningur

Notkun leyfishafa á viðtæki hangir saman við það að stunda fjarskipti. Stuttbylgjuhlustun hefur alltaf verið mikilvægur þáttur í áhugamenskunni og gjarnan undirbúningur fyrir amatörleyfi. Í sumum löndum eru meiri kvaðir á notkun viðtækja en Íslendingar eiga að venjast.

## 1.7 Eiginleikar fjarstýrðrar stöðvar

Ekki eru fyriræmi í núverandi reglugerð um sérstaka eiginleika eða búnað fjarstýrðrar stöðvar. Hún þarf þó að uppfylla sömu kröfur um rétta notkun og hreinleika sendingar sem ella væri. Nefndin leggur til að Í.R.A. útbúi ábendingar í þessu skyni þar sem hugað væri að:

- a) Hættu á að óviðkomandi nái valdi á stöðinni;
- b) hreinleika sendingar, þ.m.t. mótunar;
- c) hættu á að sending fari óvart fram utan tíðniheimilda;
- d) hættu á að stöðin leggist í stjórnlausu sendingu; og
- e) hættu á íkveikju sem stafar af d).

## 1.8 Kallmerki

Þegar íslenskur leyfishafi sækir annan heim og notar stöð hans, hefur það gjarnan verið samkomulagsatriði milli þeirra hvort kallmerkið er notað. Að óbreyttu mælir nefndin með því að sama verði viðhaft í tilfelli fjarstýringar. Nefndin telur að handhafi þess kallmerkis sem er notað sé þar með ábyrgur fyrir starfrækslunni.

Ef leyfishafi notar kallmerki sitt til fjarstýringar á sendi utan þess svæðis sem númerið í kallmerkinu gefur til kynna, telur nefndin að það sé hliðstæða við eftirfarandi málsgrein í 8. gr.: „Þegar leyfishafi notar búnað sinn tímabundið á nýjum stað skal hann bæta við kallmerki sitt skástriki og tölustaf sem gefur til kynna svæðið sem hann er fluttur til“. Nefndin telur að orðalagið „sem hann er fluttur til“ vísi til búnaðarins, ekki leyfishafans, enda er áður búið að fjalla um aðsetursskipti leyfishafa í 7. gr.



## 1.9 Reglugerðin

Nefndin telur að nógildandi reglugerð sé góð. Hún tekur vel á lyklatríðum án þess að fara í smáatriði, eins t.d. reglur Bretlands og Bandaríkjanna sem áður eru nefndar. Nefndin telur því, eins og rökstutt er að ofan, að reglugerðin leyfi fjarstýringu íslensks leyfishafa eins og hún er. Við næstu endurskoðun mætti huga að því hvort þörf sé ákvæða um fjarstýringu. Þá kæmi sér vel að hafa af henni nokkra reynslu. Fleiri lönd hafa einfaldað reglugerðir sínar, t.d. er sú norska síst ítarlegri en sú íslenska. Það er skoðun nefndarinnar að þeim löndum fari fjölgandi sem leyfa notkun fjarstýringar með einhverjum hætti og að það sé í takt við tæknilega þróun.



Mynd úr kennslustund á námskeiði Í.R.A. til amatörprófs 2013 sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík.

## Niðurstöður úr prófum PFS til amatörleyfis á starfsárinu 2012/2013

- Próf Póst- og fjarskiptastofnunar var haldið þann 4. maí 2013.
- 9 af 11 þátttakendum stóðust próf til amatörleyfis.
- Þar af stóðust 5 próf til G-leyfis og 4 próf til N-leyfis.

NAFN	PRÓF	LÖGHEIMILI	KALLMERKI <sup>22</sup>
Arnar Þór Stefánsson	G-próf	104 Reykjavík	
Árni Þór Ómarsson	G-próf	109 Reykjavík	TF3CE
Egill Ibsen Óskarsson	G-próf	104 Reykjavík	TF3EO
Guðmundur Viktorsson	G-próf	112 Reykjavík	
Gunnar Svanur Hjálmarsson	N-Próf	108 Reykjavík	TF3FIN
Magnús Helgi Vigfússon	N-próf	801 Selfoss	
Mathías Hagvaag	N-próf	113 Reykjavík	TF3MHN
Sigurður Árnason	N-próf	111 Reykjavík	TF3TKN
Sigurvin Jónsson	G-próf	270 Mosfellsbær	

<sup>22</sup> Uppgefin kallmerki miðast við upplýsingar frá Póst- og fjarskiptastofnun þann 14. maí 2013.



Starfshópur Í.R.A. um neyðarfjarskiptastefnu félagsins í Skeljanesi 2. maí 2013. Jón Þóroddur Jónsson TF3JA kynnti hugmyndir hópsins.

## STARFSHÓPUR Í.R.A. UM GERÐ TILLÖGU NEYÐARFJARSKIPTASTEFNU Í.R.A.

### Skýrsla starfshópsins til stjórnar; 12. maí 2013.

Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA, neyðarfjarskiptastjóri Í.R.A., formaður.

Sigurður Óskar Óskarsson, TF2WIN, fulltrúi stjórnar.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI.

Henry Arnar Hálfðánarson, TF3HRY.

Jón Svavarsson, TF3JON.

Jónas Friðgeirsson, TF3JF.

Neyðarfjarskiptahópurinn leggur til að eftirfarandi tillaga verði lögð fyrir næsta aðalfund ÍRA og falli undir þá grein sem fjallar um starfsemi og verkefni félagsins.

### **Radíóamatörar í neyðarfjarskiptum.**

Radíóamatörar taka í sívaxandi mæli þátt í neyðarfjarskiptajónustu um allan heim og er í dag sá þáttur í starfssemi radíóamatöra sem vex hvað mest. Amatörradíó.. byggir ekki á neinu kerfi eða tengingum um önnur kerfi,...er óháð öllum raforkukerfum og fjarskiptastrengjakerfum og er þess vegna ein besta leiðin til neyðarfjarskipta. GSM kerfin, TETRA öryggisfjarskiptakerfin og þráðlausu internetin eru radíókerfi sem henta vel til neyðarfjarskipta, en þau byggja á stöðvum, möstrum og millitengingum sem geta skemmst í náttúruhamförum eða af mannavöldum og ná þess vegna aldrei því að vera algerlega óháð eins og amatörradíó er. Þegar símakerfin verða óvirk og rafmagnið fer af öllu er eftir sem áður hægt að koma á sambandi um amatörradíó sem tengt er við rafgeymi, rafhlöðu eða vararafstöð. Þetta fjölhæfi amatörradíófjarskiptanna hefur gegnum tíðina bjargað mörgum mannlífum. Amatörradíóið nær í gegn þó allt annað bregðist.

### **Neyðarfjarskiptahópur ÍRA.**

Innan ÍRA er starfar neyðarfjarskiptahópur sem er tilbúinn að koma á fjarskiptum hvar sem er á landinu með stuttum fyrirvara ef önnur fjarskipti bregðast. Til þess hefur hópurinn

aðgang að amatörum og búnaði þeirra víða um landið og mun á næstu árum vinna að því að til verði amatörar og búnaður sem víðast á landinu. Í hópnum eru þeir amatörar sem á hverjum tíma vilja og og áhuga á að starfa að neyðarfjarskiptamálum. Hópurinn starfar með neyðarfjarskiptastjóra félagsins og hefur aðgang að öllum tækjum og búnaði í eigu félagsins til að sinna sínu hlutverki. Hópurinn velur sér talsmann úr sínum röðum og heldur skrá yfir þá sem vilja tilheyra hópnum á hverjum tíma.

#### **Skrá yfir amatöra og búnað.**

Hópurinn stefnir að því að setja saman skrá yfir búnað og getu sem flestra radióamatöra til að sinna neyðarfjarskiptum.

#### **Stöð félagsins í Skeljanesi.**

Hópurinn stefnir að því að aðstoða stöðvarstjóra félagsins við að byggja upp og reka fjarskiptastöð félagsins í Skeljanesi á öllum böndum og mótunarháttum sem amatörar hafa leyfi til að nota.

#### **VHF endurvarpi í Reykjavík.**

Hópurinn stefnir að samvinnu við félagið um einn VHF endurvarpa staðsettan þannig á Reykjavíkursvæðinu að til hans náist án millistöðva frá völdum stöðum á Suðurlandi, úr Borgarfirðinum og einnig frá Stykkishólmi ef unnt er.

#### **Kynning og samskipti við neyðar- og björgunaraðila.**

Hópurinn stefnir að kynningu á radióamatörum og að ýta fleirum út í áhugamálið sér í lagi ungu fólki, taka upp samvinnu við Radíóskáta og 4x4 og að taka upp regluleg samskipti við neyðaraðila á Íslandi. Hópurinn mun leggja fyrir næsta aðalfund ÍRA frekari tillögu um framhaldið og reynsluna af fyrsta árinu.



Úr félagsstarfinu. Ari Þór Jóhannesson TF3ARI sýnir 10 staka Yagi loftnet á 1,2 GHz í Skeljanesi 4. október 2012.





# Vetrardagskrá Í.R.A. tímabilið frá september til desember 2012

SEPTEMBER	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesarar/umsjón	Tímasetning
27. september	Kynningarkvöld	Kynning á vetrardagskrá og almennar umræður	TF3AM og TF3BJ	20:30-22:00
OKTÓBER	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesarar/umsjón	Tímasetning
4. október	VHF leikar / útleikar	Uppskeruhátíð 2012; afhending verðlauna	TF3GL og TF3BG	20:30-22:00
6. október	Hraðnámskeið	MFJ-269 loftnetsgreinirinn; sýnikennsla	TF3DX	10:00-12:00
11. október	Opið hús	Kaffi á könnunni	Almennar umræður	20:00-22:00
13. október	Stöðupróf í morsi	Ath. skráning - takmarkaður fjöldi	TF3SA og TF3S	15:00-17:00
18. október	Erindi	„Að smíða færanlegt fjarskiptavirki“	TF3ML	20:30-22:00
20. október	Hraðnámskeið	Sambönd um gervitungl; sýnikennsla	TF3TNT og TF3ARI	16:00-19:00
21. október	Flóamarkaður	Félagsmenn kaupa/selja tæki/búnað	Uppboðshaldari: TF3VS	13:00-15:00
25. október	Erindi	Fæðilínur	TF3UA	20:30-22:00
NÓVEMBER	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesarar/umsjón	Tímasetning
1. nóvember	Erindi	Helstu viðurkenningarskjöl radióamatöra	TF3JB og TF8GX	20:30-22:00
8. nóvember	Erindi	Logger32; álitamál við þýðingu og kynning	TF3VS	20:30-22:00
11. nóvember	Sófaumræður	Flex sendi-/móttökustöðvar; Flex-3000 á staðnum	TF3ARI	10:30-12:00
15. nóvember	Erindi	„Logbook of the World“ (LoTW); hvar og hvernig?	TF3Y	20:30-22:00
17. nóvember	Hraðnámskeið	Sambönd um gervitungl; sýnikennsla frá TF3IRA	TF3TNT og TF3ARI	16:00-19:00
18. nóvember	Sófaumræður	Lampatækin lifa enn; Heathkit HW-101 á staðnum	TF3SB	10:30-12:00
22. nóvember	Heimildarmynd	DVD-mynd frá HKØNA í febrúar 2012	TF3SG	20:30-21:30
25. nóvember	Sófaumræður	Reglugerðarmál	TF3JB	10:30-12:00
29. nóvember	Erindi	Nýjungar í endurvarpstöðvum VHF/UHF	TF3GL	20:30-22:00
DESEMBER	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesarar/umsjón	Tímasetning
6. desember	Erindi	Endurbætt bandplan fyrir IARU Svæði 1	TF3KB	20:30-22:00
9. desember	Sófaumræður	PIC smáörgjörvarásir	TF3BJ	10:30-12:00
13. desember	Opið hús	Jólacaffi (síðasti opunardagur fyrir hátíðar)	Almennar umræður	20:00-22:00



Myndin er af stangarloftnetum sem sett voru upp fyrir utan Skeljanesi fyrir CQ World-Wide DX SSB keppnina 27.-28. október 2012. Frá vinstri: Stangarloftnet fyrir 80 metra, þá stangarloftnet fyrir 40 metra og loks 80 metra færanlegt stangarloftnet TF3SG sem var fætt sem „L“ loftnet á 160 metrum.



# Vetrardagskrá Í.R.A. tímabilið frá janúar 2012 til maí 2013

<b>JANÚAR</b>	<b>Viðburður</b>	<b>Upplýsingar</b>	<b>Fyrirlesarar/umsjón</b>	<b>Tímasetning</b>
24. janúar	Fimmtudagsfundur	Almennur fundur um VHF og UHF málefni	TF3JA, TF3GL, TF3TNT	20:30-22:00
31. janúar	Opið hús	Kaffi á könnunni	Almennar umræður	20:00-22:00
<b>FEBRÚAR</b>	<b>Viðburður</b>	<b>Upplýsingar</b>	<b>Fyrirlesarar/umsjón</b>	<b>Tímasetning</b>
2. febrúar	Stöðutaka í morsi	Ath. skráning – takmarkaður fjöldi	TF3SA og TF3SG	15:00-18:00
7. febrúar	Erindi	PSK-31 og aðrar tegundir stafrænnar mótunar	TF3VS	20:30-21:30
14. febrúar	Erindi	Sögur úr bílnum	TF3DX	20:30-21:30
17. febrúar	Sófaumræður	Kynning á Kenwood Sky Command System II+	TF3WO	10:30-12:00
21. febrúar	Opið hús	Kaffi á könnunni	Almennar umræður	20:00-22:00
24. febrúar	Sófaumræður	Félagar koma með mörskykla sína í Skeljanes	TF3SA	10:30-12:00
28. febrúar	Erindi	Væntanlegt stafrænt sjónvarp á Íslandi	TF3HRY	20:30-21:30
<b>MARS</b>	<b>Viðburður</b>	<b>Upplýsingar</b>	<b>Fyrirlesarar/umsjón</b>	<b>Tímasetning</b>
7. mars	Erindi	„Nýju“ böndin á 4m, 60m og 160 metrum	TF3JB	20:30-21:30
9. mars	Hraðnámskeið	Upprifjun-1 á Win-Test dagbókarforritinu	TF3Y	10:00-12:00
14. mars	Fimmtudagsfundur	VHF/UHF málefni	TF3TNT	20:30-21:30
16. mars	Hraðnámskeið	Upprifjun-2 á Win-Test dagbókarforritinu	TF3Y	10:00-12:00
17. mars	Sófaumræður	Að gera upp kapla á réttar hátt	TF3TNT	10:30-12:00
<b>APRÍL</b>	<b>Viðburður</b>	<b>Upplýsingar</b>	<b>Fyrirlesarar/umsjón</b>	<b>Tímasetning</b>
4. apríl	DVD mynd	3CØX DX-leiðangurinn til Peter 1 eyju 2006	TF3SG	20:30-21:30
7. apríl	Sófaumræður	Reynsla af eign og notkun SteppIR 2E Yagi loftnets	TF3Y	10:30-12:00
11. apríl	Erindi	Dayton, Friedrichshafen og Tokyo Ham Fair	TF3JB, TF8GX og TF3EE	20:30-21:30
18. apríl	Erindi	Starfshópur Í.R.A. um fjaröðgang	TF3Y og fleiri	20:30-21:30
<b>MAÍ</b>	<b>Viðburður</b>	<b>Upplýsingar</b>	<b>Fyrirlesarar/umsjón</b>	<b>Tímasetning</b>
2. maí	Erindi	Starfshópur Í.R.A. um neyðarfarskipti	TF3JA og fleiri	20:30-21:30



Úr félagsstarfinu. Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB ræða málin í Skeljanesi 11. nóvember 2012 eftir að hafa hlýtt á erindi Vilhjálms Í. Sigurjónssonar TF3VS um dagbókarforritið Logger32.

UPPLÝSINGAR UM HÖFUNDA LJÓSMYNDNA Í SKÝRSLUNNI.

Höfundur	Blaðsíður
TF3ARI	94, 96, 97 (tvær), 98, 99, 102
TF3EE	21 (tvær), 84
TF3GL	81
TF3GW	101
TF3JA	69, 75
TF3JB	12, 15 (tvær), 20 (þrjár), 21, 22, 26, 27, 28, 29, 30 (tvær), 31 (tvær), 32 (tvær), 33, 34 (tvær), 35, 36 (tvær), 37 (tvær), 38, 39 (tvær), 40, 41, 43 (tvær), 45 (tvær), 46, 50 (tvær), 51, 52 (tvær), 53 (fjórar), 54, 56 (tvær), 57 (þrjár), 58, 59 (þrjár), 61 (tvær), 62 (tvær), 63, 67 (tvær), 68, 70 (tvær), 72 (tvær), 73 (þrjár), 74 (tvær), 76, 77 (tvær), 79 (tvær), 80 (þrjár), 84 (tvær), 87, 89 (tvær), 90, 95 (tvær), 100, 101, 103, 104, 105, 106, 107, 113, 115, 119, 122, 134, 136, 138, 139, 143 (tvær), 144 (þrjár), 152, 153, 154, 155, 156, 157, 158.
TF3JON	6, 7, 14, 17 (tvær), 18, 42 (tvær), 44 (tvær), 46, 47 (tvær), 48 (tvær), 60, 71 (tvær), 78 (tvær), 81, 82, 90,
TF3KB	24,
TF3KM	28
TF3KX	66, 85
TF3SA	63, 76
TF3SB	15, 56, 40, 46, 49, 64 (tvær), 107 (þrjár), 108 (fjórar), 125, 148
TF3UA	9
TF3ZA	104
TF4M	131
TF8SM	102
Ýmsir	13, 19 (tvær), 55 (tvær), 65 (ellefu), 67, 127



Úr félagsstarfinu. Yngvi Harðarson TF3Y við stjórnvöl TF3IRA í félagsaðstöðunni í Skeljanesi 23. ágúst 2012.





*SteppIR 3E Yagi loftnet TF3IRA í Skeljanesi í sumarsól þann 1. ágúst 2012.*

